# FRÉTTABLAÐIÐ

56. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 7. MARS 2019


## Tvölfalt réttlæti

**STJÓRNSÝSLA** „Það er mjög mikilvægt að í þeim stofnunum sem fara með svona veigamikið atriði eins og rannsókn sakamála og ákvarðanir um refsingar sé til staðar þekking sem ræður við verkefnið,“ sagði umboðsmaður Alþingis á fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í gær um gjaldeyriseftirlit Seðlabankans. Umboðsmaður velti því fyrir sér hvort tvöfalt réttlæti gilti í landinu og vísaði til þess að Seðlabankinn hefði með valdheimildum sínum beitt sektarviðurlögum, þrátt fyrir að ríkissaksóknari hafi skorið úr um að þær valdheimildir myndu ekki halda fyrir dómi.

Þeim sem Fréttablaðið hefur rætt við og starfa innan embætta ákæruvaldsins ber saman um að það kunni að vera misráðið að fela stjórnsýslustofnunum það hlutverk að rannsaka sakamál og beita viðurlögum vegna þeirra, ekki síst ef slíkar stofnanir hafa einnig önnur hlutverk með höndum sem haft geta áhrif á hlutleysi þeirra enda beri við rannsóknir sakamála að gæta að ýmsum grunnsjónarmiðum eins og að líta bæði til atriða sem horfi til sektar og sakleysis.

**Það er mjög mikilvægt að í þeim stofnunum sem fara með svona veigamikið atriði eins og rannsókn sakamála og ákvarðanir um refsingar sé til staðar þekking sem ræður við verkefnið.**



Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis

Þá sé ekki skýrt hver ef einhver hafi eftirlit með því hvernig umræddar stofnanir fari með þetta vald ólíkt því sem við á um lögreglu og ákæruvald á öðrum sviðum. Þar hafi ríkissaksóknari, æðsti handhafi ákæruvalds í landinu, bæði eftirliti að gegna og gefi út fyrirmæli sem hlýða þurfi.

„Ríkissaksóknari hefur ekkert boðvald yfir eða eftirlit með stjórnsýslustofnunum sem hafa heimildir lögum samkvæmt til að beita stjórnvaldssektum, segir í svari ríkissaksóknara við fyrirspurn Fréttablaðsins um eftirlit með rannsóknum og beitingum viðurlaga hjá stjórnsýslustofnunum.

– aá / sjá síðu 4

## 70 prósentum hærri laun en í Póllandi

**KJARAMÁL** Lágmarkslaun á Íslandi eru um 70 prósentum hærri en lágmarkslaun í Póllandi. Flestir innflytjendur á Íslandi koma frá Póllandi. Pólskur einstaklingur á lágmarkslaunum getur starfað hér og lifað með sömu neyslu og á lágmarkslaunum í Póllandi en auk þess sent til Póllands nærri tvöföld pólsk lágmarkslaun.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur telur að miklar launahækkanir muni leiða til gengisveikingar. Ólíklegt sé að miklar hækkanir muni skila sér í kaupmáttaraukningu.

– þfh / sjá síðu 8



# Hin mikilvæga þarmaflóra

Örverur í þörmum líkamans gegna ýmsum lykilhlutverkum. Það kemur sífellt betur í ljós hversu mikil áhrif góð eða slæm þarmaflóra getur haft, bæði á andlega og líkamlega líðan. Þú ert það sem þú borðar hefur aldrei átt betur við. →12

Fjölmarga sjúkdóma má rekja til ójafnvægis í meltingarveginum.

Örverur í meltingarvegi eru fleiri en allir íbúar jarðar.



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar opið bréf til Katrínar og Bjarna. 22

**SPORT** Ræðst í kvöld hvaða lið mætast í úrslitum í handbolta. 24

**LÍFIÐ** Allar konurnar komust áfram í forkeppni fyrir keppnina Kokkur ársins 2019. 36

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


-11KR.
-09KR.
-07KR.
Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.
ORKAN

HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955






Lægir og víða léttir til, en A 10-18 og snjókoma. Hiti 0 til 4 stig syðst, en annars frost 0 til 8 stig og. Harðnandi frost í kvöld, einkum í innsveitum. SJÁ SÍÐU 14




**Michelle Bachelet mannréttindastjóri.** NORDICPHOTOS/AFP

## Bachelet lýsir áhyggjum af gerðum Ísraels

**SVISS** Herkví Ísraela um Gasasvæðið og ákvörðun þeirra um að hundsa tilmæli rannsakenda mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna er áhyggjuefni. Þetta sagði Michelle Bachelet, mannréttindastjóri SÞ, þegar hún ávarpaði ráðið í gær. Rannsakendur greindu í síðustu viku frá því að Ísraelar hefðu mögulega gerst sekir um stríðsglæpi í aðgerðum sínum gegn palestínskum mótmælendum á landamærunum að Gasasvæðinu.

**» Rannsakendur mannréttindaráðs telja að Ísraelar hafi mögulega gerst sekir um stríðsglæpi.**

Skýrsla rannsakenda snerist um andlát 189 Palestínumanna. Að þeirri niðurstöðu var komist að trúlega hefðu ísraelskar leyniskyttur skotið á börn, sjúkraliða og blaðamenn jafnvel þrátt fyrir að skytturnar vissu að fólkið tilheyrði þessum hópum.

Bachelet varaði einnig við vaxandi ójöfnuði í heiminum, hatursorðræðu og útlendingaandúð. Þá lýsti hún yfir áhyggjum sínum af því að víða mæti ofbeldi þeim borgurum sem mótmæli ójöfnuði. „Í Súdan, undanfarna mánuði, höfum við horft upp á ofbeldi gegn fólki sem mótmælir erfiðum efnahagslegum aðstæðum,“ sagði mannréttindastjórinn í ávarpi sínu. – þea

## Furðuverur á ferli



**Furðuverur af öllum stærðum og gerðum herjuðu á verslunarfólk í gær og kröfðust sælgætis í skiptum fyrir lagstúf. Í Kringlunni var fjölmenn samkoma skrímsla, ofurhetja, prinsessa og stöku Hatara.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá öskudeginum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Laxeldi rætt en nefndin í Noregi

**ALÞINGI** Minnihluti atvinnuveganefndar er ósáttur við þá tilhögun forseta Alþingis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að setja laxeldisfrumvarp ráðherrans á dagskrá í dag. Á sama tíma er öll nefndin í Noregi að kynna sér hvernig Norðmenn haga laxeldismálum sínum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins samþykkti formaður atvinnuveganefndar, Lilja Rafney Magnúsdóttir, þessa tilhögun í síðustu viku. Minnihlutinn telur þetta úr takti. Umræða á þingi um lagasetningu á svo umdeilda atvinnugrein kalli á það að nefndin sem muni fjalla um málið verði viðstödd umræðurnar og taki þátt í þeim.

Þann 9. október síðastliðinn samþykkti þingið bráðabirgðaákvæði ráðherra til að bjarga rekstri laxeldisfyrirtækja vegna þess að rekstrarleyfi þeirra voru ekki í gildi. Við það tækifæri boðaði hann heildarendurskoðun fiskeldislaga. – sa

# Vakta tugi einstaklinga vegna gruns um mislinga

Ekkert nýsmit var skráð í gær en mikið var að gera á símavakt Læknavaktarinnar í gær. Sóttvarnalæknir segir tugi einstaklinga undir smásjá heilbrigðisyfirvalda vegna hugsanlegs smits. Nýsmit gætu komið fram á næstu tíu dögum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin ný mislingasmit komu fram í gær en sóttvarnalæknir segir þó að heilbrigðisyfirvöld vakti tugi einstaklinga sem gætu hafa smitast af mislingum á síðustu dögum. Bóluefni gegn mislingum munu að öllum líkindum ekki klárast hér á landi áður en ný sending kemur til landsins.

Mikið var hringt í síma læknavaktarinnar í gær og voru einstaklingar mest að spyrjast fyrir og fá upplýsingar. Ekki fundust ný smit við vitjanir í gær.

„Við erum að vakta nokkra tugi einstaklinga, bæði í höfuðborginni og á Austurlandi, sem talið er að geti hafa smitast af mislingum. Tíminn verður svo að leiða í ljós hvort einhverjir þeirra séu smitaðir,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. „Það er hins vegar búið að vera nóg að gera á Læknavaktinni í símsvörun þar sem upplýsingar hafa verið veittar í gegnum síma.“



**Margir vilja klára bólusetningu barna sinna sem fyrst. Ólíklegt þykir að birgðir klárist áður en nýr skammtur kemur til landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekki er heiglum hent að finna út hvort fullorðnir einstaklingar hér á landi séu yfirleitt bólusettir fyrir mislingum. Rafræn skráning bólusetninga hófst ekki fyrr en fyrir nokkrum árum og því þurfa fullorðnir einstaklingar að líta í bólusetningaskrá sína hjá annaðhvort gamla grunnskólanum sínum, gömlu heilsugæslunni sinni eða þá að leita til foreldra sinna. Þær upplýsingar fengust þó í gær hjá Læknavaktinni að ef vafi leiki á því hvort einstaklingar séu bólusettir er óhætt að láta bólusetja sig á nýjan leik við mislingum.



Nýsmit mislinga gætu komið fram á næstu tíu dögum. Þó ekkert nýtt smit hafi greinst í gær er ekki loku fyrir það skotið að ný smit komi upp á næstu dögum. Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðadeildar Landspítalans, segir daginn hafa verið tíðindalítinn á spítalanum hvað varðar mislinga. „Spítalinn er svo sem bara hér við að taka við smituðum sjúklingum og þunginn færist því aðeins yfir á heilsugæslu og Læknavakt svona fyrst um sinn,“ segir Jón Magnús. „Samkvæmt eðli mislinganna þá vorum við nú nokkuð viss um að ný smit kæmu ekki inn alveg í dag heldur gætum við þurft að bíða í einhverja daga eftir því ef einhver hefur smitast.“

**Við erum að vakta nokkra tugi einstaklinga, bæði í höfuðborginni og á Austurlandi.**



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir hjá Embætti landlæknis

sveinn@frettabladid.is






# Sælgætissjúkar furðuverur

Furðuverur af öllum stærðum og gerðum voru á vappi í Reykjavík, og víðar auðvitað, á öskudag í gær. Ljósmyndari Fréttablaðsins náði þessum myndum þegar frumlegir krakkar sungu í Kringlunni í þeirri von að fá sælgæti að launum.







**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

## Nýtt Húsasmiðjublað
er komið út stútfullt af frábærum tilboðum. Skoðaðu blaðið á husa.is







# SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ

Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum.
Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.

**34% afsláttur**
GRAPHITE PRO
**22.995 kr**
~~34.595 kr~~
**Borvél 18V Graphite**
Kemur í tösku með 109 fylgihlutum, tvær rafhlöður 2.0Ah li-ion, sn./mín., 0-350/0-1250, mesta hersla 44Nm, 19 stillingar, 13 mm patróna.
5245273

**20% afsláttur**
af öllum Nilfisk háþrýstidælum

Jotun gæði, lægra verð!
Verð á lítra **866 kr**
JOTUN VEGG&TAK 2i1
9 ltr.
**7.796 kr**
**25% afsláttur**
~~10.395 kr~~
**Jotun vegg- og loftamálning**
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun, þekur vel og gefur góða útkomu.
7119781-83

**Sjáðu verðið!**
Kynningaverð, aðeins 100 stk.
Electrolux
**49.990 kr**
~~59.990 kr~~
**Þvottavél 1200 sn.** EW6S427W
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu,
1805436

**30% afsláttur**
NEO TOOLS
**10.496 kr**
~~14.995 kr~~
**Topplyklasett**
NEO 73 stk., 1/2" -1/4", toppar 4-27 mm, skrall 72t.
5052569

**48% afsláttur**
HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS
Kynningaverð aðeins 100 stk., í boði
**12.995 kr**
~~24.995 kr~~
**Rafmagnshekkklippur CH55Y**
560W, 55 cm, klippigeta 20 mm, þyngd 4 kg, vandaðar klippur
5085414

**20% afsláttur**
**6.844 kr**
~~8.555 kr~~
**Þvottasnúra**
Roma uppdraganleg, 120 cm.
2609106

**25% afsláttur**
af öllum GROHE og Damixa blöndunartækjum
GROHE
damixa

**Byggjum á betra verði**

# Möguleg brot í Seðlabankanum ekki komin til lögreglu

**STJÓRNSÝSLA** Hugsanleg brot á ákvæðum um þagnarskyldu sem kunna að hafa verið framin í aðdraganda húsleitar hjá fyrirtækinu Samherja árið 2012 eru ekki komin á borð lögreglu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þagnarskyldubrot eru fyrst kærð til lögreglu og fara svo eftir atvikum í ákæruferli hjá embætti héraðssaksóknara. Fyrir liggur hins vegar að héraðssaksóknari yrði vanhæfur til að fara með þetta tiltekna mál þar sem embætti sérstaks saksóknara tók þátt í hinni umdeildu húsleit með Seðlabankanum.

Eins og fram kom á fundi umboðsmanns Alþingis með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í gær beindi hann því til forsætisráðherra að kalla þyrfti eftir upplýsingum um hver hafi verið hlutur starfsmanna gjaldeyriseftirlits Seðlabankans í að upplýsa starfsmann Ríkisútvarpsins um fyrirhugaða húsleit hjá Samherja árið 2012, hver hafi tekið ákvörðun um að veita þær upplýsingar og hver hafi verið aðkoma og vitneskja yfirstjórnar bankans um þessi samskipti við Ríkisútvarpið.



**Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.**

Vísar umboðsmaður meðal annars til bókarinnar Gjaldeyriseftirlitið – Vald án eftirlits eftir Björn Jón Bragason en í henni kemur fram að Helgi Seljan fréttamaður hafi verið með umfjöllun í vinnslu um meint brot fyrirtækisins á gjaldeyrislöggjöfinni. Þegar ákvörðun um að framkvæma húsleit hjá fyrirtækinu lá fyrir hafi menn óttast að umfjöllun Helga Seljan kynni að eyðileggja þá rannsókn og því verið óskað eftir því við Sigmar Guðmundsson, umsjónarmann Kastljóss, að beðið yrði með umfjöllunina en í staðinn fengi RÚV fyrst allra fjölmiðla upplýsingar um hvenær farið yrði af stað með málið. Í bréfi umboðsmanns til forsætisráðherra kemur fram að upplýsingar sem hann hafi fengið frá ónafngreindum aðila gefi enn frekar ástæðu til að kanna hlut starfsmanna Seðlabankans í fyrrgreindri upplýsingagjöf. **– aá**

## Miðbakkinn verður opið almannarými

**SKIPULAGSMÁL** „Ég veit ekki hvernig Miðbakkinn verður í framtíðinni, við leggjum áherslu á að þarna verði eitthvað fyrir fjölskyldur, eitthvað ókeypis. Ég sé þetta fyrir mér sem torg í biðstöðu næstu árin á meðan við erum að kynnast svæðinu,“ segir Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og stjórnarformaður Faxaflóahafna, í samtali við Fréttablaðið.

> **Ég sé þetta fyrir mér sem torg í biðstöðu næstu árin á meðan við erum að kynnast svæðinu**



Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar

Borgarstjórn samþykkti einróma í vikunni tillögu um að Reykjavíkurborg fari í samstarf með Faxaflóahöfnum um að endurheimta Miðbakkann sem almannarými. Í dag eru þar bílastæði. „Við erum með beiðni um samstarf frá Boxinu-matarmarkaði. Það eru hugmyndir uppi um brettagarð, boltavöll, mögulegt samstarf við Listasafn Reykjavíkur. Í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir móttökuhúsi fyrir skemmtiferðaskipin, það gæti verið fjölnota hús,“ segir Kristín Soffía. „Núna fer af stað dans milli hafnar, borgar og borgarbúa. Þetta er stórt svæði og við þurfum að sjá hvað virkar.“

Endurheimt Miðbakkans mun ekki hafa áhrif á kaup malasíska fasteignarisans Berjaya Land Berhad á Geirsgötu 11. „Það er til skipulagslýsing fyrir svæðið frá 2017 sem gerir ráð fyrir mjög takmarkaðri uppbyggingu. Við höfum fengið nokkrar fyrirspurnir um þá fasteign, í grunninn er það eina sem má gera að endurbyggja hús með flötu þaki.“ **– ab**

# Yrði að segja Birnu upp til að lækka bankastjóralaunin háu

**Laun Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, verða ekki lækkuð einhliða án þess að segja upp ráðningarsamningi hennar. Fjármálaráðherra hefur kallað eftir endurskoðun launa ríkisbankastjóranna. Stjórn bankans nýbúin að verja launahækkanir. Ólíklegt að vilji sé fyrir kjaraskerðingu.**

**KJARAMÁL** Verði stjórn Íslandsbanka gert að lækka laun Birnu Einarsdóttur bankastjóra einhliða og án þess að gagnkvæmt samkomulag ríki um það þarf að segja upp ráðningarsamningnum við bankastjórann. Við tæki þá tólf mánaða uppsagnarfrestur bankastjórans.

Eins og greint hefur verið frá er Birna nýbúin að láta lækka laun sín um 14 prósent að eigin frumkvæði og þá hefur stjórn bankans nýverið varið launaákvarðanir sínar sem réttlætanlegar í svari til Bankasýslu ríkisins. Í ljósi þessa er ólíklegt að mikill vilji sé til frekari lækkana.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, kallaði á dögunum eftir tafarlausri endurskoðun launa bankastjóra ríkisbankanna í harðorðu bréfi til Bankasýslu ríkisins. Bankasýslan hefur brugðist við því bréfi með að taka undir með Bjarna um að stjórnir bankanna hafi hunsað tilmæli um hófsemi við launahækkanir. Samhliða boðaðri ítarlegri úttekt óháðs aðila á launaþróun innan viðskiptabankanna hefur Bankasýslan nú sagst vera að vinna að breytingum á starfskjarastefnu bankanna í „samráði við stjórnir þeirra“ þar sem hafðar verða að leiðarljósi skýringar, afstaða og tilmæli fjármálaráðuneytisins.

Enn liggur ekki fyrir hvað kemur út úr þeirri vinnu en innan bankanna er beðið eftir því útspili sem lagt verður fyrir á komandi aðalfundi bankanna. En af bréfi Bjarna og viðbrögðum Bankasýslunnar má ráða að krafa sé um lækkun launa bankastjóra ríkisbankanna.



**Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, er ólíkleg til að samþykkja frekari lækkun launa sinna verði það krafa ríkisins, eiganda bankans. Þá þyrfti að koma til uppsagnar á ráðningarsamningi hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.**

Í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort lækkun launa kalli á uppsögn á ráðningarsamningi, líkt og var uppi á teningnum þegar til stóð að færa laun Birnu undir kjararáð í ársbyrjun 2017 með tilheyrandi 40 prósenta lækkun, segir að um ráðningarsamband bankastjóra gildi ráðningarsamningur milli hans og bankans.

„Hvorugur aðilinn á rétt á því að breyta ákvæðum hans einhliða. Vilji annar aðilinn gera breytingar á einstökum ákvæðum samningsins án þess að gagnkvæmt samkomulag ríki um þá breytingu, þyrfti að segja ráðningarsamningnum upp með samningsbundnum uppsagnarfresti.“

Sá uppsagnarfrestur er tólf mánuðir en áætluð mánaðarlaun Birnu á þessu ári eru 4,4 milljónir króna sem hún mun halda út þann tíma.

Annað sem gæti flækt málin er að Bjarni Benediktsson hefur lýst því yfir að hann vonist til að hægt verði að hefja söluferlið á bankanum á þessu kjörtímabili líkt og lagt er til í hvítbók um fjármálakerfið. Ljóst er að óheppilegt yrði að vera með bankastjóra á uppsagnarfresti að leiða bankann inn í hugsanlegt söluferli eða hvað þá heldur nýráðinn bankastjóra sem hugsanlega yrði síðan skipt út með nýjum eigendum.

**mikael@frettabladid.is**










ALLAR ALMENNAR BIFREIÐAVIÐGERÐIR OG SMURÞJÓNUSTA

**Ís-Band rekur fullkomið bifreiða- og þjónustuverkstæði, ásamt varahlutaþjónustu.**

**Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.**

**Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA (Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Jeep og RAM).**

STUTTUR BIÐTÍMI

Tímapantanir í síma 534 4433
Erum á Smiðshöfða 5

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF - VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN - SMIÐSHÖFÐA 5 - 110 REYKJAVÍK
SÍMI 534 4433 - THJONUSTA@ISBAND.IS - WWW.ISBAND.IS - **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

**Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!**

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**SSANGYONG Rexton leður**
Nýskr. 05/17, ekinn 32 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**4.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**RENAULT Talisman Zen**
Nýskr. 09/17, ekinn 12 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.790.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.990.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 02/17, ekinn 64 þ.km,
dísil, 6 gírar.
Verð 3.490.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**PEUGEOT 508 Allure**
Nýskr. 11/16, ekinn 22 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.790.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**HYUNDAI I30 Classic +**
Nýskr. 07/17, ekinn 65 þ.km,
bensín, 6 gírar.
Verð 2.690.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.890.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**RENAULT Clio Zen Sport Tourer**
Nýskr. 05/18, ekinn 25 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.190.000 kr.**

AFSLÁTTUR 900.000 KR.




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 12/17, ekinn 31 þ.km,
dísil, 6 gírar.
Verð 3.890.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.990.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**NISSAN Qashqai Tekna 2wd**
Nýskr. 01/17, ekinn 27 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.490.000 kr.**

## LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- VETRARDEKK
- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bílaland**

ENNEMM / SÍA / NM92810

## Í klandri vegna átaka í Kasmír

**INDLAND** Stjórnarandstaðan á Indlandi hefur undanfarna daga gagnrýnt Narendra Modi forsætisráðherra og ríkisstjórn BJP-flokksins, harðlega fyrir að beita indverska hernum í pólitískum tilgangi. Þetta kom fram í umfjöllun BBC í gær.

Rekja má óánægjuna til ummæla B.S. Yeddyurappa, eins leiðtoga flokksins, um að deilurnar við Pakistan muni skila flokknum á þriðja tug þingsæta til viðbótar í komandi kosningum. Deilurnar snúast um Kasmírsvæðið, sem ríkin gera bæði tilkall til. Eftir að hryðjuverkasamtök, með höfuðstöðvar í Pakistan, felldu fjörutíu herþjálfaða Indverja í indverska Kasmír fór allt í bál og brand. Indverjar áfelldust Pakistana fyrir að hafa ekki upprætt starfsemina. Síðan sögðust Indverjar hafa gert loftárás á þjálfunarbúðir samtakanna, sem Pakistanar sögðu rangt, og Pakistanar skutu niður indverska herflugvél.



**Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands.**

Þingkosningar fara fram á Indlandi í apríl og maí. Þá mun bandalag miðju- og vinstriflokka (UPA), undir forystu Congress-flokksmannsins Rahul Gandhi veita BJP harða samkeppni. Samkvæmt nýlegri könnun VDP stefnir í að bandalagið sem BJP leiðir fái 242 sæti en UPA 148. Hvorugur flokkur með hreinan meirihluta. **– þea**

## Rússar vilja grafa í geimnum

**RÚSSLAND** Tatyana Golikova, varaforsætisráðherra Rússa, greindi í gær frá því að Rússar hefðu áform um að grafa eftir steinefnum og málmum í geimnum. Þeir bættast þannig í hópinn með Lúxemborgurum en Lúxemborg var fyrsta ríkið til þess að innleiða löggjöf um geimnámugröft.

„Við lögðum ramma um gerð samnings um samstarf á þessu sviði fyrir Lúxemborg í janúar og búumst við svari í bráð,“ sagði Golikova en bætti því við að það væri of snemmt að tala um beint samstarf, enda er löggjöf tengd slíku ekki til staðar.

Námugröftur í geimnum gæti orðið gríðarlega arðbær. Fjöldi smástirna í sólkerfinu er ríkur af járni, kóbalti, nikkel og jafnvel platínu, samkvæmt Reuters. Hver steinn gæti því skilað miklu í þjóðarbúið fyrir Rússa eða Lúxemborgara. **- þea**



Ragnar Þór Ingólfsson og Sólveig Anna Jónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gætu þurft að ganga mun lengra í aðgerðaplaninu

**Ekki fékkst niðurstaða í Félagsdómi í gær um lögmæti boðaðs verkfalls Eflingar sem fara á fram á morgun. Atkvæðagreiðsla vegna næstu aðgerða hjá VR og Eflingu gengur hins vegar vel. Deiluaðilar munu hittast hjá ríkissáttasemjara í dag. Formaður VR er ekki bjartsýnn á að þar myndist umræðugrundvöllur.**

**KJARAMÁL** „Ég vona að það komi eitthvað fram á fundinum sem getur myndað einhvers konar umræðugrundvöll. Ég á samt ekki von á því miðað við hvernig afstaða Samtaka atvinnulífsins hefur verið gagnvart okkar kröfugerð,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um fund deiluaðila hjá ríkissáttasemjara í dag.

Lögum samkvæmt verða aðilar að hittast innan fjórtán daga frá því að viðræðum er slitið og þurfti því að boða til fundarins í síðasta lagi í dag. Undirbúningur verkfallsaðgerða Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur heldur áfram.

Varðandi framhaldið segir Ragnar að svo geti farið að ganga þurfi mun lengra í aðgerðaplaninu en orðið er til þess að fá samningsaðila að borðinu eins og gerst hafi 2015.

> **Ég á nú von á því að við klárum þetta áður en það kemur til átaka.**
>
> Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

„Þá var farið að glitta í að farið yrði í verkfallsaðgerðir eftir að allsherjarverkföll voru samþykkt. Þá fyrst komu menn að borðinu og ég á nú von á því að við klárum þetta áður en það kemur til átaka. Það er okkar stefna og einlæga von.“

Ekki fékkst hins vegar niðurstaða í Félagsdómi í gær um lögmæti boðunar fyrstu aðgerða Eflingar eins og búist var við. Það mun því ekki skýrast fyrr en í dag hvort hótelþernur muni leggja niður störf klukkan 10 í fyrramálið á alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

VR náði í gær lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslu meðal sinna félagsmanna sem fyrirhugaðar aðgerðir munu ná til. „Við náðum þessum 20 prósentum í hádeginu. Við erum komin yfir lágmarkið á aðeins rúmlega sólarhring og ég er bara himinlifandi með þá niðurstöðu,“ segir Ragnar Þór.

Atkvæðagreiðslan mun standa yfir þangað til 12. mars þannig að Ragnar segir að það stefni í mjög góða þáttöku. „Við erum búin að funda með trúnaðarmönnum á þeim vinnustöðum sem aðgerðirnar ná til. Fram undan eru svo fundir með sjálfu starfsfólkinu.“

Ragnar segir að margir félagsmenn hafi samband þessa dagana. „Í aðdraganda svona aðgerða hringja alltaf margir inn. Bæði þeir sem hafa áhyggjur og þeir sem eru að lýsa yfir stuðningi. Það er mjög eðlilegt. Það ber á meiri stuðningi en við höfum fundið fyrir áður.“

Um miðjan dag í gær hafði lágmarksþátttaka náðst í þremur af sjö verkfallsboðunum Eflingar. Verði aðgerðirnar samþykktar hjá VR og Eflingu og samningar takist ekki fyrir þann tíma myndu þeir starfsmenn sem um ræðir leggja niður störf 22. mars og aftur í tvo daga í lok mánaðarins.

Fjögur þriggja daga verkföll í apríl myndu svo fylgja í kjölfarið og að lokum yrði farið í allsherjarverkfall frá og með 1. maí.

**sighvatur@frettabladid.is**

# Segir gæðin aðeins munu aukast með innflutningi á fersku erlendu kjöti

**VIÐSKIPTI** Það myndi valda álitshnekki ef óheilbrigt kjöt berst hingað til lands, með því að flytja inn ferskt kjöt sé aðeins verið að bjóða upp á meiri gæði, ekki slá af heilbrigðiskröfum. Þetta segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri matvöruheildverslunarinnar Inness, í samtali við Fréttablaðið.

Fyrirtækið er þegar byrjað að setja sig í stellingar fyrir innflutning á fersku kjöti til landsins, en ef væntanlegt frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar landbúnaðarráðherra verður að lögum má hefja innflutning í september næstkomandi. „Það er eftirspurn á markaðnum eftir því. Ég held að við byrjum á því að flytja inn nautakjöt, kjöt fyrir veitingamarkaðinn og steikur sem hafa ekki verið mikið í boði. Við erum þá að tala um vöru sem er í hærri gæðaflokki af því að hún er fersk,“ segir Magnús Óli.



Stefnt er á að innflutningur á ófrosnu hefjist í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samkvæmt könnun Zenter rannsókna er meirihluti landsmanna á móti því að slakað verði á reglum um innflutning á ferskum matvælum. Hafa margir viðrað áhyggjur af því að fjölónæmar bakteríur berist til landsins í meiri mæli en áður.

Hingað til lands er flutt inn mikið magn af frosnu kjöti, nam það tæplega þremur þúsundum tonna í fyrra, sem var þó talsverður samdráttur frá því árinu áður.

Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir, doktor í líffræði, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að frysting hefði engin áhrif á fjölónæmar bakteríur, það eina sem 30 daga frystiskyldan gerði væri að minnka magn kampýlóbakter, bakteríu sem finnst helst í alifuglakjöti og drepst þegar kjötið er fulleldað. Hún tók það jafnframt fram að aukinn innflutningur í sjálfu sér auki líkurnar á að fjölónæmar bakteríur berist í mannfólk.

Magnús Óli segir erfitt að sjá fyrir hvort innflutningur á kjöti muni aukast eða hvort ferska kjötið komi að einhverju leyti í staðinn fyrir það frosna. „Svo eigum við líka eftir að sjá hvað innanlandsmarkaðurinn gerir, þeir hafa áfram tollverndina. Það er spurning hvort þeir muni leggja meiri áherslu á að mæta eftirspurn eða hvort þeir leggi meiri áherslu á mjólkurafurðir til að flytja út.“

Varðandi heilbrigðissjónarmiðin segir Magnús Óli alltaf þurfa að tryggja að matvara uppfylli öll skilyrði. „Ég get bara talað fyrir okkur, en við stundum bara viðskipti við viðurkennda aðila og það myndi valda álitshnekki ef kjötið uppfyllir ekki öll heilbrigðisskilyrði.“

Hann gagnrýnir málflutning þeirra sem tala fyrir því að hefta innflutning, það sé ekki verið að slá af neinum heilbrigðiskröfum, aðeins sé verið að bjóða landsmönnum upp á meiri gæði. „Það er talað sýknt og heilagt um að loka landinu en á sama tíma er verið að bjóða ferðamönnum að skoða tómataræktun og inn á bóndabæi til að skoða búfénað. Það er enginn að spyrja hvar viðkomandi var í gær. Nú rís upp hópur af fólki með áhyggjur af innflutningi á kjöti. Ef áhyggjurnar eru svona miklar af hverju er þá ekki gripið til fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir smit af völdum ferðamanna?“ **arib@frettabladid.is**




YVES SAINT LAURENT

# KYNNING 7.-13. MARS Í HAGKAUP



**Volupté Plump-in-Color** eru nýir, ferskir varalitir frá YSL

- Svart hjarta í miðju varalitarins gefur næringu á við varakrem
- Kælandi áhrif varalitsins gefa þrýstnari varir
- Bjartir litir sem gefa fallegan ljóma

**Touche Éclat All-in-One Glow** er léttur og frísklegur farði frá YSL

- Rakagefandi farði sem framkallar heilbrigt útlit og geislandi ljóma
- Gefur náttúrulega, miðlungs þekju og aðlagast húðinni fullkomlega.




**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM YVES SAINT LAURENT VÖRUM 7. – 13. MARS**

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*

# Lágmarkslaun um 70 prósentum hærri

**Ef leiðrétt er fyrir verðlagi eru lágmarkslaun á Íslandi um 70 prósentum hærri en í Póllandi. Þaðan koma flestir innflytjendur. Miklar hækkanir á lágmarkslaunum geta leitt til gengisveikingar eða atvinnuleysis að sögn hagfræðings. Hagkerfið þoli ekki mikið hærra raungengi.**

Lágmarkslaun á Íslandi eru um 70 prósentum hærri en lágmarkslaun í Póllandi þegar búið er að leiðrétta fyrir verðlagi. Deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands segir ólíklegt að miklar hækkanir á lægstu launum muni skila sér í kaupmáttaraukningu á þessum tímapunkti í hagsveiflunni.

Um 34 prósent þeirra sem flutt hafa hingað til lands á síðustu árum koma frá Póllandi. Þar í landi eru lágmarkslaun um fimmtungur af lágmarkslaunum á Íslandi. Ef leiðrétt er fyrir verðlagi eru lágmarkslaun á Íslandi engu að síður um 70 prósentum hærri en í Póllandi. Þannig getur Pólverji á lágmarkslaunum starfað hér og lifað með sömu neyslu og á lágmarkslaunum í Pólland en auk þess sent til Póllands nærri tvöföld pólsk lágmarkslaun.

„Þessi launamunur við útlönd setur þrýsting á íslenskan vinnumarkað. Við erum hluti af hinum evrópska vinnumarkaði þar sem töluverður launamunur er til staðar. Í vestari hluta álfunnar fær fólk meiri umbun fyrir menntun en þekkist hérlendis, jafnframt fá ófaglærðir lægri laun þar ytra, einkum þó í austari hluta álfunnar. Fólksflutningar til og frá landinu hafa því verið með þeim hætti að við höfum verið að missa frá okkur ungt og menntað fólk en fengið ófaglært erlent vinnuafl til landsins,“ segir Ásgeir Jónsson, deildarforseti hagfræðideildar HÍ, og bendir á að frá árinu 2011 hafi erlendu starfsfólki fjölgað um 15 þúsund. Lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum nema 300 þúsund krónum. Í kröfugerð VR og Eflingar er þess krafist að lágmarkslaun verði hækkuð upp í 426 þúsund frá og með 1. janúar 2021.

„Miklar hækkanir kauptaxta hérlendis umfram það sem þekkist erlendis hafa ávallt leitt til gengisveikingar, sérstaklega þegar raungengið er hátt eins og það er nú. Ég held að það sé ekki með nokkru móti hægt að þrýsta raungenginu hærra en það er nú miðað við þær blikur sem eru á lofti í helstu útflutningsatvinnuvegum okkar. Hagkerfið þolir ekki mikið hærra raungengi þannig að ég get ekki séð að kaupmáttur muni aukast ef þessum kröf-

### Lágmarkslaun árið 2018

í þeim ríkjum sem flestir erlendir einstaklingar hafa flutt frá til Íslands
í þúsundum króna




Skipting aðfluttra erlendra aðila eftir fráflutningslandi 2010 til 2017

### Lágmarkslaun árið 2018, leiðrétt fyrir verðlagi

í þeim ríkjum sem flestir erlendir einsaklingar hafa flutt frá til Íslands
í þúsundum króna




Skipting aðfluttra erlendra aðila eftir fráflutningslandi 2010 til 2017



Flestir þeirra sem flytja til landsins í atvinnu

um verður náð fram,“ segir Ásgeir. „Þessi atburðarás hefur endurtekið sig gegnum hagsöguna. Miklar hækkanir á töxtum leiða til þess að gengið gefur eftir. Þá fer verðbólgan af stað, étur upp hækkanirnar og við erum aftur komin á byrjunarreit. Það þarf að hafa í huga að við erum í samkeppni við erlendar þjóðir og getum ekki bara sest niður og ákveðið pólitísk viðmið fyrir laun sem eru úr takti við það sem er að gerast erlendis.“

**Störf gætu horfið**

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands hefur aldrei verið jafn stór og því hefur bankinn burði til að grípa inn í og sporna við veikingu krónunnar. Ásgeir segir að þá geti launahækkanirnar brotist fram í atvinnuleysi ef genginu verður haldið föstu sam-



# hér en í Póllandi



uskyni eiga rætur sínar að rekja til Póllands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

hliða mikilli hækkun kauptaxta.

„Hið eðlilega viðbragð fyrirtækja verður að minnka notkun á vinnuafli til þess að draga úr kostnaði eða auka sjálfvirkni og þá dregst vinnuaflseftirspurnin saman. Störf sem skapa fyrirtækjum ekki nógu mikil verðmæti til að réttlæta svona háa taxta munu hverfa,“ segir Ásgeir og nefnir sem dæmi að fataiðnaðurinn á Íslandi hafi horfið þegar greinin gat ekki greitt laun samkvæmt lögum. „Við sjáum nú þegar fréttir í hverri viku af fyrirtækjum sem eru að fækka fólki eða draga saman seglin.“

**Vinnumarkaðurinn hefur breyst**

Þá segir Ásgeir að íslenskur vinnumarkaður hafi tekið breytingum sem gætu skýrt hvers vegna upplifun fólks af kjaraþróun er ólík því sem hagtölur sýna.

„Áður fyrr voru yfirborganir algengar á taxtakaup. Á þeim tíma lögðu verkalýðsfélögin enga sérstaka áherslu á há taxtalaun þar sem næstum allir fengu greidda uppbót með einum eða öðrum hætti, ofan á taxtann. Til að mynda þegar ég vann sem hagfræðingur Dagsbrúnar á sínum tíma voru allir vinnustaðir með einhvers konar kerfi varðandi yfirborganir. Þetta hefur nú breyst. Nú fær fólk greitt eftir strípuðum töxtum og ég held að það skýri mismuninn á því sem fólk upplifir og því sem við hagfræðingar sjáum í tölunum. Við höfum raunverulega séð mikla hækkun lægstu taxta en mjög margt fólk virðist ekki hafa fundið fyrir hækkun kaupmáttar.“

**thorsteinn@frettabladid.is**


## Kosningar til stjórnar VR

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR, 2019 - 2021, skv. 20. gr. laga félagsins, **hefst kl. 09.00 mánudaginn 11. mars nk. og lýkur kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 15. mars.**

Atkvæðagreiðslan er rafræn, þú finnur slóð á hana á **vr.is**. Valið er milli 13 frambjóðenda til stjórnar VR. Merkja skal við mest 7 frambjóðendur í stjórnarkosningum.

**Hvernig þú kýst stjórn VR**

1. Smelltu á **„Kosið um stjórn 2019-2021“** á vr.is.
2. Skráðu þig inn með **Íslykli** eða **rafrænum skilríkjum**.
3. Atkvæðaseðill opnast með upplýsingum um hvernig þú átt að kjósa.

Ef þú hefur ekki **Íslykil** eða **rafræn skilríki** sækir þú um á **island.is**

Kjörstjórn VR
7. mars 2019

**Frambjóðendur í stafrófsröð:**
Agnes Erna Estherardóttir
Anna Þóra Ísfold
Björn Kristjánsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Árnadóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

**Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.vr.is eða með því að hringja á skrifstofu félagsins í síma 510 1700.**

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR





## TÖLUVERÐUR ÁRANGUR Í 40 ÁR

Fyrsta Marel-vogin varð kveikjan að gagnabyltingu í íslenskum sjávarútvegi. Síðan þá höfum við byggt á gögnum og nýsköpun til að auka verðmæti og minnka sóun.

Fjörutíu árum síðar erum við í sterkri stöðu á heimsvísu og tilbúin að leiða næstu byltingu í matvælaiðnaði.

**Kynntu þér ársskýrslu Marel á ar2018.marel.com**

marel

## TILVERAN

# Fyrstu þúsund dagarnir mikilvægastir

**Í meltingarvegi okkar eru flestar örverur líkamans, örverur sem telja trilljónir. Þessar örverur köllum við þarmaflóru en um 10.000 tegundir hafa verið skilgreindar á og í mannslíkamanum. Af þeim mikla fjölda tegunda sem lifa í þörmum okkar eru sumar heilnæmar fyrir líkamann en aðrar ekki.**



Þarmar okkar gegna mikilvægu hlutverki líkt og heilinn og hjartað enda má rekja fjölmarga sjúkdóma til ójafnvægis í meltingarveginum og örverubúskapar hans.

Örverurnar í þörmunum gegna ýmsum lykilhlutverkum í líkamanum. Þær framleiða orku, amínósýrur, B- og K-vítamín og lífrænar stuttar fitusýrur. Einnig hjálpa þær við upptöku á vítamínum og steinefnum, þjálfa ónæmiskerfið og keppa við sýkla. Örverurnar vega um það bil jafn mikið og heilinn og jafnast á við heilt líffæri.

Þarmaflóran er í stöðugri þróun út lífið. Þegar við fæðumst fáum við í okkur örverur frá líkama móður okkar og úr umhverfinu. „Áður var talið að fóstur væri með sterílа görn en við vitum í dag að fóstrið fær örverur frá móður í meðgöngu en meðgangan hefur einnig áhrif á þarmaflóru móður,“ segir Birna G. Ásbjörnsdóttir, doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. Hún hefur rannsakað og skoðað þarmaflóruna og heldur úti síðunni jorth.is.

„Fóstur er þó með mjög takmarkað magn af örverum í meltingarvegi í móðurkviði en fær í raun „stóra skammtinn“ í fæðingunni. Í fæðingarvegi móður lifa örverur sem fóstrið gleypir í fæðingunni. Þannig fara örverur úr móður yfir í meltingarveg nýfædda barnsins. Ef hins vegar þarf að taka barn með keisara þá fer barnið í raun á mis við þessa örveruinngjöf. Fyrstu örverur verða þá örverur af húð móður og úr umhverfinu sem er þá að öllum líkindum skurðstofa. Það hefur mögulega þær afleiðingar að barnið gæti orðið útsettara fyrir ofnæmum, astma eða exemi eins og rannsóknir benda til. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á auknar líkur á glútenóþoli eða celiac-sjúkdómi hjá börnum sem eru tekin með keisara.“

Birna segir að það sem hafi mest áhrif á þarmaflóruna og þróun hennar eftir fæðinguna sé hvort barn fer á brjóst eða fær þurrmjólk. Í brjóstamjólk eru fjölmörg mikilvæg efni sem efla þarmaflóruna, svo sem fásykrur og örverur frá meltingarvegi móður til viðbótar við þá ónæmis- og vaxtarþætti sem koma með brjóstamjólk almennt. „Rannsóknir á þarmaflóru hjá börnum sem eru á brjósti á móti börnum sem fá þurrmjólk sýna mun á örveruinnihaldi. Börn á brjósti eru með hærra hlutfall af Bacteroidetes en lægra af Firmicutes, en þær síðarnefndu hafa verið tengdar við auknar líkur á ofþyngd,“ segir Birna.

„Síðan hefur fæðið auðvitað mikið að segja og sú vinna sem er sett í vandað og næringarríkt fæði skilar heilbrigðari þarmaflóru hjá barninu sem hefur að öllum líkindum jákvæð áhrif á heilsu, mögulega til frambúðar. En auðvitað kemur fleira til, svo sem lyfjagjafir og álag, þá bæði hjá barni og móður. Lyf geta haft margþætt áhrif á þarmaflóruna og ef barn er á brjósti þá geta sum lyf sem móðir þarf að taka haft áhrif á flóru barnsins. Eins ef barn þarf að taka sýklalyf, sérstaklega ef um endurtekningar er að ræða, getur það haft gríðarleg áhrif á örverubúskap þarmanna. Rannsóknir sýna að slík röskun á þarmaflórunni getur haft áhrif til frambúðar og jafnvel koma áhrifin ekki í ljós strax. Eitt af því sem hefur verið rannsakað er tengsl sýklalyfjanotkunar og líkamsþyngdar. Rannsóknir sýna okkur að börn sem hafa fengið mikið af sýklalyfjum eru líklegri til að verða of þung, jafnvel síðar á lífsleiðinni, en þau börn sem hafa fengið sýklalyf í mjög takmörkuðum mæli.“

Fyrstu 1.000 dagar í lífi barns eru mikilvægir. Meðganga móður, sem fyllir nánast fyrsta ár barnsins, fæðingin sjálf og síðan næringin. Æskilegt er að nefna sýkingar og streitu í þessu samhengi líka. Allir þessir þættir hafa áhrif á meltingarveg barns og þarmaflóruna.

„Í dag hefur verið gefinn út fjöldinn allur af ritrýndum vísindagreinum og vönduðum rannsóknum varðandi hlutverk þarmaflórunnar í tengslum við heilsu manna. Þarmaflóran hefur áhrif á meltingarveginn og meltinguna sjálfa, en einnig á taugakerfi okkar, ónæmiskerfið, innkirtlakerfið og hormónakerfið. Þannig er auðvelt að draga þá ályktun að þarmaflóran hafi áhrif á hvernig okkur líður,“ segir Birna.

„Það er mikilvægt að muna að þarmaflóran jafnast á við heilt líffæri og við ráðum miklu um hvernig hún er samsett. Við erum með hagstæðar og óhagstæðar örverur í bland en viljum halda okkur réttum megin við borðið og hafa þessar hagstæðu í meirihluta. Þannig græðum við einnig efni sem þessar örverur framleiða fyrir okkur, en mörg af þeim hafa einnig verið rannsökuð varðandi heilsu. Það er góð regla að velja sér fæði sem ræktar þennan jarðveg sem er í þörmunum okkar. Við erum alltaf að borða fyrir okkur OG örverurnar.“

**Þarmaflóran hefur áhrif á meltingarveginn og meltinguna sjálfa, en einnig á taugakerfi okkar, ónæmiskerfið, innkirtlakerfið og hormónakerfið. Þannig er auðvelt að draga þá ályktun að þarmaflóran hafi áhrif á hvernig okkur líður.**

Birna G. Ásbjörnsdóttir, doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands



## Röskun á þarmaflóru truflar taugakerfið

Þegar myndast hefur ójafnvægi í örverubúskap meltingarvegar er gjarnan talað um dysbiosis. Það er margt sem getur raskað þessum örverubúskap og benda rannsóknir til þess að fæðið hafi þar mikil áhrif. Fæði sem er mikið unnið eins og pakkamatur, sælgæti, gosdrykkir og þess háttar er líklegt til að koma þarmaflórunni úr jafnvægi og mögulega leiða til dysbiosis í þörmum. Eins er mikil sykurneysla slæm og getur haft sambærileg áhrif.

„Það gleymist stundum að veita athygli því sem ekki er borðað, en það hefur einnig áhrif. Við eigum ekki eingöngu að horfa á það sem við borðum, sama hvort það er gott eða slæmt, við þurfum einnig að að velta fyrir okkur hverju við erum að sleppa eða borða of lítið af,“ segir Birna.

„Það má oft auka verulega neyslu á grænmeti og ávöxtum án þess að fara í of miklar hugleiðingar um hvað ætti að forðast. En slík nálgun reynist fólki oft auðveldari, bara að bæta við því góða. Þegar við ákveðum að forðast eitthvað fær það gjarnan aukna athygli og við endum oft á að borða meira af því fyrir vikið.“

Næst á eftir fæðunni nefnir Birna sýklalyf. Þau geta haft verulega skaðleg áhrif á þarmaflóruna þar sem þau þurrka út mikið magn af örverum í þörmunum, bæði hagstæðum og óhagstæðum, og skilja þannig oft eftir hálfgerða eyðimörk.

„Ef ekkert er gert til að rækta upp hagstæða þarmaflóru í kjölfarið er hætta á að óhagstæðum örverum fjölgi og þannig stuðla sýklalyf gjarnan að dysbiosis í þörmum. Ef hægt er að komast hjá því að taka inn sýklalyf þá er það betri kostur. En auðvitað þarf stundum að taka lyfin og þá er mikilvægt að taka einnig inn mjólkursýrugerla, bæði með og í kjölfar lyfjagjafar, til að draga úr skaðlegum áhrifum lyfjanna,“ segir Birna en rannsóknir sýna að mjólkursýrugerlar draga úr líkum á að fá niðurgang og ýmis óþægindi af sýklalyfjum.

„Rannsóknir sýna einnig að mjólkursýrugerlarnir draga úr líkum á að fá alvarlegar sýkingar í kjölfar sýklalyfjanotkunar.“

Fleiri lyf hafa áhrif á þarmaflóruna og segir Birna að verið sé að rannsaka margt í því samhengi. Einnig eru vísindamenn í auknum mæli að skoða hvaða þátt þarmaflóran á í virkni ýmissa lyfja. „Rannsóknir sýna að þarmaflóran hefur áhrif á þróun krabbameina og eins hvernig meðferðir virka. Það er margt sem er verið að skoða á þessu sviði og mjög áhugavert að fylgjast með,“ segir Birna. „Streita er einnig skaðleg fyrir þarmaflóruna og meltingarveginn sjálfan. Örverur í þörmunum hafa áhrif á taugakerfið okkar og þess vegna getum við hæglega lent í vítahring þegar við búum við mikla og langvarandi streitu.“

**Samhengi milli ójafnvægis í þarmaflóru og geðraskana**

Þegar þarmaflóran er dysbiotic til langs tíma getur það haft afleiðingar bæði í meltingarveginum en einnig fyrir utan hann (e. systemic). Slæm eða óhagstæð þarmaflóra hefur áhrif á gegndræpi smáþarma og getur þannig aukið líkur á að ýmsir þættir ræsi ónæmiskerfið. Það getur leitt af sér langvinnar bólgur og haft áhrif á heila og taugakerfi. Birtingarmyndin getur verið líkamleg einkenni og/eða andleg. Langvarandi ójafnvægi í örverubúskap þarmanna getur til dæmis aukið líkur á kvíða og depurð. Rannsóknir sýna samhengi milli dysbiosis og ýmissa geðraskana. Vísindamenn hafa einnig tengt aukið gegndræpi smáþarma við ýmsa sjúkdóma, en dysbiosis eykur líkur á að gegndræpið aukist. Rannsóknir sýna að ýmsir sjúklingahópar mælast með hækkað magn af zonulini í blóði og hægðum, en zonulin-magn er mælikvarði á gegndræpi þarma.

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 15-20% afsláttur af öllum AEG vörum.




**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15**

ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*FRÍ HEIMKEYRSLA Í NETVERSLUN

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | SR BYGG<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | PENNINN<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK -EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 4712038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG<br>BORGARNESI<br>SÍMI 422 2211 | OMNIS<br>AKRANESI<br>SÍMI 433 0300 |

# Skíta meðhöndlun?

Það er ekki ofsögum sagt að sumum þyki þeir vera meðhöndlaðir á annan hátt en þeir hefðu kosið eða átt von á og er slíkt bagalegt. Margir kynnu að segja að þeir hefðu fengið slæma meðhöndlun eða jafnvel skítameðhöndlun eins og fyrirsögnin gefur til kynna. Í flestum slíkum tilvikum fyndist okkur það ekki gott og líklega ekki til eftirbreytni. Þarna er vissulega verið að leika sér að orðum og er ég í þessari grein á engan hátt að vísa til þess að sjúklingar séu illa meðhöndlaðir, þvert á móti að hvetja til þess að sumir væru beinlínis meðhöndlaðir á þennan hátt í bókstaflegri merkingu, með saur.

Það er merkilegt hvað okkur þykir orðið skítur, kúkur, saur eða önnur orð um sama hlutinn hafa neikvæða merkingu, í eðli sínu er um úrgang að ræða og því fylgir umræðunni ákveðin feimni. Skítalykt er heldur ekki sérlega góð og viljum við fyrir alla muni forðast hana og almennt er ekki mikill spenningur fyrir meðhöndlun eða umræðu um saur, nema þá í gamni eða neikvæðum tón eins og að vera skíthæll svo dæmi séu tekin. Einbeitum okkur að jákvæðu hliðunum í samhengi við sjúkdóma hér á eftir.

Við vitum í dag að meltingarvegurinn gegnir afar mikilvægu hlutverki, fyrst og fremst í því efni að melta og frásoga næringarefni, vernda okkur gegn sýkingum og viðhalda styrk okkar með því að hafa jákvæð áhrif á ónæmiskerfið. Undanfarin ár höfum við séð að við andlega vanlíðan og ýmsa sjúkdóma leikur meltingarvegurinn drjúgt hlutverk þó erfitt sé að átta sig á orsökum og afleiðingum. Andlegt ójafnvægi og kvíði getur valdið meltingartruflunum, niðurgangi eða jafnvel hægðatregðu. Sumir hafa talið að slík einkenni væru afleiðing, en hvað ef þar væri að finna orsök? Þá benda rannsóknir til að meltingarflóran sem hver einstaklingur ber með sér sé mikilvægur hluti af líðan viðkomandi, hvort sem er andlega eða líkamlega. Við erum á byrjunarstigi að skilja þessa hluti þó okkur hafi orðið nokkuð ágengt á undanförnum misserum.

Ristilflóran er samfélag sem vinnur sameiginlega að einu markmiði, að viðhalda sér og starfsemi sinni. Með því skilar hún heilbrigðum einstaklingi og tryggir frásog næringarefna og útskilnað úrgangsefna. Þannig er auðvelt að sjá fyrir sér að ef röskun verður á þessari starfsemi geti það leitt til sjúkdóma, sérstaklega ef hún er langvarandi eða tíð. Fyrir því geta verið margar ástæður, þær algengustu eru notkun sýkla- og bólgueyðandi lyfja, sýkingar, áfengisneysla, koffein, fæðuval og ýmislegt fleira.

Sjúkdómar í meltingarvegi eru margir og má ljóst vera að flestir þeirra tengjast á einn eða annan hátt því hvernig flóra viðkomandi einstaklings er, hið merkilega er þó að það virðist líka hafa áhrif á aðra sjúkdóma, eins og liðagigt, sykursýki af tegund 1 og 2, offitu, efnaskiptavillu, hjarta- og æðasjúkdóma, Parkinson og ýmsan vanda sem tengja má við ónæmissjúkdóma og bólgu. Líklega liggur skýringin í þessu orði „bólga“ en iðulega er hún eða það ástand undanfari sjúkdóma að því er virðist og við erum alltaf að átta okkur betur og betur á því í heimi vísindanna.

Þannig að til að taka það fram þá tel ég að skítameðhöndlun geti verið af tvennum toga, hér er ég að vísa í hina eiginlegu meðferð með hægðaflutningi sem er byrjað að framkvæma víða í lækningaskyni. Þar fær sá veiki hægðaflóru úr hraustum einstaklingi í þeim tilgangi að lækna vanda viðkomandi. Ótrúlegur árangur hefur náðst við meðhöndlun á vissum sjúkdómum líkt og clostridium-sýkingum. Verið er að skoða þessa tegund meðhöndlunar við mjög mörgum öðrum sjúkdómum í dag samanber það sem er nefnt hér að ofan og bíðum við spennt eftir niðurstöðum þar að lútandi. Mögulega verður skítameðhöndlun bara hluti af almennri meðferð í framtíðinni, hver veit?

**Sjúkdómar í meltingarvegi eru margir og má ljóst vera að flestir þeirra tengjast á einn eða annan hátt því hvernig flóra viðkomandi einstaklings er.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Áburður fyrir góðu bakteríuflóruna

**Katrín hjá Ecospíru þekkir viðhald góðrar þarmaflóru vel. Hún ræðir góða næringu og segir mataræði skipta miklu máli. Katrín mælir með þessu helsta sem gott er að neyta og gefur lesendum uppskrift að frábæru bústi.**



Spírur eru upphaf lífs. Stútfullar af næringarefnum og góðar fyrir líkamann og þarmaflóruna. Katrín Halldóra Árnadóttir, eigandi Ecospíru, ræktar spírur á Íslandi og segir hún að mataræði skipti miklu máli fyrir uppbygginguna og viðhald góðrar þarmaflóru.

„Annars vegar svokallað „probiotics“ fæði sem eru lifandi gerlar og finnast í jógúrti, súrkáli og gerjuðum mat og hins vegar „prebiotics“ fæði sem er eins konar áburður fyrir góðu bakteríuflóruna þannig að hún geti vaxið og dafnað,“ segir Katrín Halldóra. „Mikilvægt prebiotics fæði eru til að mynda ákveðnar tegundir trefja sem góðgerlarnir geta brotið niður og nýtt sér til vaxtar, einkum bifidobacterium og lactobacillus góðgerlarnir. Hér má nefna til dæmis lauk, hvítlauk, aspas og mungbaunir sem afbragðsgott fæði fyrir góðgerlana.“

**Spírur eru mjög trefjaríkar, auðmeltar og ensímríkar og kjörin fæða fyrir meltingarveginn**

Katrín Halldóra Árnadóttir, eigandi Ecospíru



Katrín segir að ferskt, andoxunarríkt, auðmelt og bólgueyðandi fæði sem og fæði sem eykur niðurbrot og hreinsun meltingarvegarins sé mjög mikilvægt fyrir umhverfi góðgerlanna.

„Hér erum við að tala um til dæmis túrmerik, fenugreek, engifer, sítrusávexti og káltegundir af krossblómaætt eins og brokkólí. Brokkólí inniheldur mikið magn af glúkórafaníni. Þegar þess er neytt fersks brotnar það niður í sérvirka efnið sulforaphane sem heldur óvinveittum bakteríum í magaslímhúðinni í skefjum, samanber H. Pylori-bakteríunni og hlutleysir sindurefni sem geta valdið skaða í meltingarveginum sem og annars staðar í líkamanum,“ segir Katrín.

Spírur eru mjög trefjaríkar, auðmeltar og ensímríkar og kjörin fæða fyrir meltingarveginn, þegar þeirra er neytt með bólgueyðandi og trefjaríkri fæðu fá góðgerlarnir það sem þeir þurfa til að vaxa og dafna. „Hér er uppskrift að góðum morgundrykk sem hressir og kætir þarmaflóruna.“

## Þarmaflórubúst Ecospíru

**2,5 dl ananas**
**1 lífræn epli kjarnhreinsuð**
**½ stilkur sellerí**
**1 msk. lífrænn lime- eða sítrónusafi**
**½ lítil lífræn túrmerikrót með hýðinu (litli fingur að stærð) eða ½ tsk. lífrænt túrmerikduft**
**⅛ tsk. pipar**
**1 msk. rifið engifer**
**1 tsk. hunang (gott hrátt hunang); hunang inniheldur fjöldann allan af góðum meltingargerlum**
**1 msk. af chia-geli eða hörfræjageli út í (chia þarf 30 mín. í vatni til að búa til gel, hörfræ 4-6 tíma)**
**2-3 stilkar aspas, skolaðir vel og neðstu 1-2 cm skornir af**
**25 g brokkólíspírur**
**25 g spíruð prótínblanda (mung-, linsu- og fenugreek-spírur)**

Setjið allt í blandarann og bætið við vatni upp að 1 lítra á blandaranum. Blandið í blandara og geymið rest í ísskáp, geymist í 2-3 daga.

## Algengasta bakteríusýkingin: H. pylori



Helicobacter pylori er baktería sem lifir í meltingarveginum og er ein algengasta bakteríusýking í mannfólki. Hér á landi eru um 10% einstaklinga á tvítugsaldri sýkt en um helmingur einstaklinga um fimmtugt. Flestir eru einkennalausir og innan við 5% þeirra sem sýktir eru fá ætisár. Einkenni ætisára geta verið margs konar, svo sem kviðverkir, hungurtilfinning, ógleði og uppþemba. Einnig geta fylgt ætisárum blæðingar svo sem tjörusvartar hægðir, blóðug uppköst, blóðleysi og gat á maga eða skeifugörn.

H. pylori getur verið afar hættuleg sé hún virk. Vísindasamfélagið viðurkenndi árið 1994 að þessi spírallaga baktería væri einn af mikilvægustu orsakaþáttum magabólgu og meltingarsára. Næstum allir þeir sem eru með bakteríuna virka í sér eru með sár í skeifugörn. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur flokkað bakteríuna sem krabbameinsvaka og því er talið mikilvægt að uppræta sýkingar af hennar völdum. Sýnt hefur verið fram á að bakterían sé áhættuþáttur fyrir magakrabbameini hjá ungum fullorðnum.

Ekki hefur tekist að framleiða bóluefni gegn bakteríunni en henni er hægt að eyða með sýklalyfjum eða á náttúrulegan máta með ákveðnu mataræði. Bakterían er í mörgum tilfellum móttækileg fyrir sýklalyfjum en oft reynist erfitt að eyða henni í meltingarfærum. Helsta ástæðan er sú að bakterían býr um sig í slímhúð maga og skeifugarnar en þar komast sýklalyfin illa að. Bakterían á það einnig til að verða ónæm fyrir lyfjum. Sýkinguna má greina með útöndunarprófi, sýnatöku í magaspeglun, blóðvatnsprófi eða saurprófi.

# PIER





PORTLAND sófi, ~~79.900~~,- 64.431,-
215x85x80

PAPLE sófaborð, 3 stærðir
lítið: ~~15.990~~,- 12.894 mið: ~~25.900~~,- 20.886,- stórt: ~~49.900~~,- 40.239,-

# TAX FREE
## AF ÖLLUM VÖRUM
7. - 13. mars





FLIRT bekkir, ~~19.990~~,- 16.119,-
L100xW39xH50cm

*Flott í unglingaherbergið!*

PAPASAN bambus stóll
með pullu, 17.990,-



*4 hlutir á 1000 kr.*





*Margir litir!*

KIRSTU velúr kistur, 2 stærðir
minni, ~~14.990~~,- 12.088,-L109.5xW35xH36cm
stærri, ~~19.990~~,- 16.120,- L117xW40.5xH41cm

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 7. mars- 13. mars. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Afslátturinn nemur 19,36% sem verslunin sjálf veitir og er greiddur fullur virðisaukaskattur af sölunni


SMÁRALIND
KONU
KVÖLD
VEGLEG TILBOÐ Í ALLAN DAG OG
LÍFLEG STEMNING FRAM Á KVÖLD
OPIÐ TIL 23
K100
FM 100.5

**A4**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**CAFÉ ADESSO**

**1.290 KR.**
Frönsk súkkulaðikaka
og kaffibolli

**AIR**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**BJARKARBLÓM**

**30%**
afsláttur af Eldliljum
**20%**
afsláttur af öllum kertum

**Blekhylki.is**

**20%**
afsláttur af öllum
símaveskjum og hulstrum

**THE BODY SHOP**

**20%**
afsláttur af verði
allra vörutegunda

**CINTAMANI**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**comma,**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**CORTEFIEL**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**Drangey**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**Dressmann**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum
*Gildir ekki af öðrum tilboðum*

**XL Dressmann**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum
*Gildir ekki af öðrum tilboðum*

**DÚKA**

**20%**
afsláttur af öllum vörum nema
**15%**
afsláttur af Múmínvörum

**DÝRABÆR**

**20%**
afsláttur af flestum vörum

**energia**
RESTAURANT - KAFFI - BAR

**20%**
afsláttur af
BBQ kjúklingasalati

**EPLI**

**25%**
afsláttur af
Knomo töskum

**ESPRIT**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**TGI FRIDAYS**

**990 KR.**
allir eftirréttir

Börn borða frítt

**galleri sautján**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**gs skór**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**HAGKAUP**

**TAX FREE**
af allri sérvöru

**Hinn eini sanni Hlöllabátar síðan 1986 bekkist á gæðunum**

**GOS**
að eigin vali fylgir
með stórum bát

**ICEWEAR MAGASÍN**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

**JACK & JONES**

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

# VEGLEG TILBOÐ Í ALLAN DAG

Jón & Óskar
**20%**
afsláttur af öllum vörum
nema 10% afsláttur
af hringapörum

Karakter
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Kaupfélagið
**20%**
afsláttur af
öllum skóm

Legóbúðin
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Levi's
**20%**
afsláttur af
öllum vörum í dömudeild

Lindex
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Líf & List Smáralind
**20%**
afsláttur af öllum glösum, kertastjökum
og vörum frá Bitz
**15%**
afsláttur af öllum öðrum vörum

local
**0,5 LTR**
Egils Kristall fylgir frítt
með öllum salötum
*Gildir ekki af öðrum tilboðum*

Lyfja
**25%**
afsláttur af snyrti- og húðvörum
og öllum bætiefnum

MAC
**15%**
afsláttur af
öllum vörum

meba
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Modus hár og snyrtistofa
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

name it
**15%**
afsláttur af
öllum vörum

O'Learys Bar & Restaurant
**FREYÐI-VÍNSGLAS**
fylgir öllum aðalréttum

Optical Studio
**20%**
afsláttur af öllum vörum
*Gildir ekki af öðrum tilboðum*

panduro
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Penninn Eymundsson
**20%**
afsláttur af öllum vörum
auk sértilboða á Vitra vörum

Pizza Hut
**HAPPY HOUR**
50% afsláttur af
bjór og léttvíni

Plusminus Optic
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Selected Femme / Homme
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

serrano Fresh Happy Mex
**1.869 KR.**
LKL salat og
Kristall

SIX
**3 FYRIR 2**
af öllum vörum

Síminn
**25%**
afsláttur af iDeal of Sweden
aukahlutum
*14 daga gjafabréf í Sjónvarp Símans
Premium fylgir með*

Skechers
**20%**
afsláttur af
öllum vörum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

SMÁRALIND

skórnir þínir

**20%**
afsláttur af
öllum skóm

Smáraís

**1.000 KR.**
miðstærð af
bragðaref

SPRINGFIELD

**25%**
afsláttur af
öllum vörum

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

**20%**
afsláttur af
öllum skóm

TE & KAFFI

**20%**
afsláttur af
öllum vetrardrykkjum

ÚTILÍF

**20%**
afsláttur af öllum vörum
frá kl. 18-23

VERO MODA

**15%**
afsláttur af
öllum vörum

VILA
CLOTHES

**15%**
afsláttur af
öllum vörum

vodafone

**20% afsláttur**
af iDeal of Sweden og Kindle
**15% afsláttur**
af Beats og Iphone XR 128 GB
*Spjaldtölvum fylgir 2 mánaða áskrift að Stöð 2 Maraþon*

women'secret
PRETTY COMFORTABLE & SEXY

**20%**
afsláttur af
öllum vörum

World Class ICELAND

**20%**
afsláttur af öllum
FACE, BODY, HOME
Laugar SPA vörum

XO
FUN · FAST · FUSION

**20%**
afsláttur af
Italiano flatböku

# LÍFLEG STEMNING FRAM Á KVÖLD






| | |
|---|---|
| 20.00 | KYNNAR KVÖLDSINS, SIGGI GUNNARS OG KRISTÍN SIF, STÍGA Á SVIÐ |
| 20.05 | JÓHANNA GUÐRÚN |
| 21.00 | GRÉTA SALÓME |
| 21.30 | STJÓRNIN |
| 22.00 | PÁLL ÓSKAR |
| 22.30 | AÐALÚTDRÁTTUR Í HAPPDRÆTTI |

# STÓRGLÆSILEGIR HAPPDRÆTTISVINNINGAR

OG FJÖLMARGIR AUKAVINNINGAR

1. VINNINGUR
**FERÐ TIL VARSJÁR**
FYRIR 2 MEÐ GAMAN FERÐUM
Gaman Ferðir

2. VINNINGUR
**50.000 KR.**
GJAFABRÉF FRÁ HAGKAUP
HAGKAUP

3. VINNINGUR
**30.000 KR.**
GJAFAKORT FRÁ SMÁRALIND
SMÁRALIND

# OPIÐ TIL 23

# TILVERAN

## Fjögur mislingasmit

Fjögur mislingasmit greindust hér á landi undanfarna viku, er það alvarlegasta staðan í áratugi. Mislingar eru bráðsmitandi og geta valdið dauða. Meira en 90 prósent Íslendinga eru bólusett og telja læknar því litla hættu á faraldri. Bólusett er við mislingum við 18 mánaða aldur og eru það helst ung börn sem eiga á hættu að smitast. Fyrsta smitið greindist á laugardaginn, um var að ræða 11 mánaða barn sem var í sama flugi og einstaklingur sem smitaðist erlendis. Í fyrstu var útlit fyrir að það yrðu einu tilfellin. Síðar kom í ljós að annað barn hefði smitast í sama flugi, það barn fór á leikskóla. Sérstakt eftirlit er nú með öllum börnum yngri en 18 mánaða af leikskólanum til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins.

**» Meira en 90 prósent Íslendinga eru bólusett og telja læknar því litla hættu á mislingafaraldri.**

## Leit að Páli hélt áfram

Leit hélt áfram að Páli Mar Guðjónssyni sem talið er að hafi ekið út í Ölfusá fyrir neðan Hótel Selfoss á mánudaginn í síðustu viku. Við leitina var notast við flygildi ásamt gönguhópum og bátum. Leitinni hefur verið hætt í bili en verður haldið áfram þann 16. mars næstkomandi. Þá mun Björgunarfélag Árborgar, sérsveit ríkislögreglustjóra og sérfræðingar Landhelgisgæslunnar framkvæma mælingar á lögun og dýpi gjárinnar neðan brúar yfir Ölfusá. Bæði verður notaður búnaður þessara aðila auk búnaðar í einkaeigu við mælingarnar. Vonir standa til að þá verði hægt að staðsetja flak bifreiðarinnar. Greint var frá því síðasta sunnudag að leitin að Páli, sem var í bílnum, hefði engan árangur borið.

**» Leitinni hefur verið hætt í bili en verður haldið áfram þann 16. mars næstkomandi.**









# Vikan

**Yfirvofandi verkföll, leit í Ölfusá og Hatari á leið í Eurovision var meðal þess sem bar hæst í liðinni viku. Mislingar eru þó það sem flestir hafa áhyggjur af.**

## Verkföll á næstunni

Búið er að ná lágmarkshlutfalli kosningar í þremur af þeim sjö verkföllum sem stéttarfélagið Efling hefur boðað til á tímabilinu 18. mars til loka apríl. Kosning hófst klukkan tólf síðasta mánudag og lýkur á laugardaginn, klukkan 23.59.

„Það gengur allt mjög vel og við erum búin að ná þátttökuþröskuldinum í þremur verkfallsboðunum af sjö," segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar stéttarfélags, í samtali við Fréttablaðið.

Hann sagðist eiga von á því að ná þátttökuþröskuldi í öllum sjö verkfallsboðunum áður en kosningu lýkur næsta laugardag. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að á hádegi í gær hafi félagið náð að uppfylla lágmarksþátttökuskilyrði fyrir þeim verkföllum sem félagið hefur einnig boðað til á sama tíma og Efling.

**Það gengur allt mjög vel og við erum búin að ná þátttökuþröskuldinum í þremur verkfallsboðunum af sjö.**

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar

## Hatari til Ísraels

Hljómsveitin Hatari kom, sá og sigraði í Söngvakeppni Sjónvarpsins síðustu helgi. Lagið Hatrið mun sigra verður því framlag Íslands í Eurovision sem haldin verður í Ísrael í maí. Hatari hefur gefið það út að hljómsveitin muni nota dagskrárvaldið til að gagnrýna framgöngu Ísraels gagnvart Palestínumönnum. Sveitin hefur fengið óblíðar móttökur í ísraelsku pressunni fyrir vikið. Hún hefur einnig verið gagnrýnd af bæði málsvörum Palestínumanna og Ísraelsmanna hér á landi.

Hins vegar á Hatari stóran aðdáendahóp hér á landi og tóku mörg börn upp á því að klæða sig upp í takt við klæðnað hljómsveitarmeðlima á öskudaginn í gær.

**» Lagið Hatrið mun sigra verður því framlag Íslands í Eurovision sem haldin verður í Ísrael í maí.**



# STÓLADAGAR

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÓLUM!



HEADPOINT

VERÐ ÁÐUR

76.900 KR.

VERÐ NÚ

57.675 KR.

25%

AFSL.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# Kona á réttum stað



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ráðherraembætti þykir víst gott djobb en þeim einstaklingum sem því gegna hverju sinni verður mismikið úr verki. Sumir halla sér makindalega aftur í ráðherrastólnum og reyna að hafa það sem notalegast. Það er helst að þeir sýni lit þegar sérhagsmunaöfl krefjast þess að þörfum þeirra sé sinnt. Þá kinkar ráðherrann nánast sjálfkrafa samþykkjandi kolli. Þetta hefur til dæmis iðulega orðið raunin þegar kemur að hagsmunum stórútgerðarinnar sem er stöðugt að græða en ber sig samt alltaf jafn illa. Þá bregst varla að ráðherrar sýni sanna hluttekningu í verki, enda yfirleitt um þeirra eigin flokksmenn að ræða.

Svo eru ráðherrar sem hafa lifandi áhuga á þeim málaflokki sem þeir sinna og leggja sig fram við að koma góðum hlutum í framkvæmd. Mennta- og menningarmálaráðherra Lilja Alfreðsdóttir er þessarar gerðar. Það liggur við að þátttaka hennar í þessari ríkisstjórn sé ein og sér ástæða til að styðja stjórnina.

Lilja hefur ekki setið lengi á stól mennta- og menningarmálaráðherra en nýtir tíma sinn gríðarlega vel og henni hefur þegar orðið mikið úr verki. Það er vissulega skynsamlegt því á þessum síðustu og ekki alltaf jafn góðu tímum hefur ríkisstjórnum landsins ekki orðið langra lífdaga auðið. Sumir iðja jafnvel við það að telja niður daga þessarar ríkisstjórnar og spá henni óförum fyrr en síðar. Til þess þarf ekki mikið hugmyndaflug, séu örlög síðustu ríkisstjórna höfð í huga.

Lilja vann bókmenntum í landinu mikið gagn með frumvarpi um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, en í því felst að bókaútgefendur fá endurgreiðslur á hluta kostnaðar við útgáfu. Bókaútgáfa á Íslandi er erfið og við hana þarf að styðja með öllum mögulegum ráðum. Þar hefur mennta- og menningarmálaráðherra sannarlega lagt sitt af mörkum. Lilja veit að lestur er þroskandi, eykur samkennd og víðsýni og eflir hið mikilvæga ímyndunarafl.

Ráðherranum er sömuleiðis annt um að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla á Íslandi, eins og sannarlega er þörf á. Þar má vissulega deila um einstaka útfærslur en því ber að fagna að loksins sé gripið til nauðsynlegra björgunaraðgerða.

Í vikunni boðaði Lilja síðan stórsókn í menntamálum til að fjölga kennurum og styðja við hið mikilvæga starf þeirra. Frá og með næsta hausti býðst nemendum á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi launað starfsnám og þeir geta einnig sótt um námsstyrki. Það er ekki oft sem ákvarðanir stjórnmálamanna framkalla orðin: „Loksins, loksins…“ en Ragnar Þór Pétursson, formaður Kennarasambandsins, lét einmitt þau orð falla í viðtali og bætti við að nú væri fókusinn kominn á réttan stað, sem sagt á mannauðinn í menntakerfinu.

Það er langt í frá að þjóðin sé alltaf ánægð með ráðherra sína. Hún á samt að kunna að meta það sem vel er gert. Ljóst er að Lilja Alfreðsdóttir er að standa sig störvel í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þarna er kona sem er sannarlega á réttum stað. Megi hún vera þar sem lengst.

**Það liggur við að þátttaka hennar í þessari ríkisstjórn sé ein og sér ástæða til að styðja stjórnina.**


# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 20.

Fundurinn verður haldinn í sal Ferðaklúbbsins 4x4 að Síðumúla 31.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar.

Ferðafélagið Útivist

ÚTIVIST

Laugavegi 178 • Sími 562 1000 • www.utivist.is


Halldór




## Frá degi til dags

**Veira í kastljósi**

Mislingar, sem haldið hefur verið í skefjum með bólusetningum í áratugi, gera nú óþægilega vart við sig víða um lönd. Líka á Íslandi. Þótt enn sé kannski ekki ástæða til þess að fara á taugum býr bráðsmitandi vá í lofti og þá væri nú ákjósanlegt að sem flestir, allir reyndar, væru bólusettir gegn óværunni. Kastljós gærkvöldsins var lagt undir mislingaógnina þar sem Sigríður Hagalín Björnsdóttir ræddi við tvo sérfræðinga í þessum vágesti sem vitleysingar sem amast við bólusetningum hafa boðið velkominn inn í 21. öldina á Íslandi.

**Heiðarlegt kvef**

Á meðan Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Magnús Karl Magnússon prófessor greindu vandann reyndi Sigríður Hagalín að halda aftur af stjórnlausum hósta. Ekkert alvarlegt sem betur fer en óneitanlega gaf hóstakjöltrið umræðunni óþægilega dramatískan blæ. Enda sá hún ástæðu til þess að taka sérstaklega fram í lok þáttarins að hún væri ekki með mislinga heldur bara með „heiðarlegt kvef“. Gott og blessað ef við værum ekki aftur að nálgast byrjunarreit þar sem einmitt heiðarlegt kvef var og er bókstaflega upphaf allra heimspesta. Læknarnir héldu þó ró sinni og væntanlega áhorfendur líka, vitandi af Sigríði í góðum höndum sérfræðinga.

thorarinn@frettabladid.is

# Gilda lög ekki um Má Guðmundsson?



Heiðar Már Guðjónsson
hagfræðingur

Ég lenti í löglausri aðför Seðlabankans með félag mitt Ursus árið 2010 þegar ég var ásamt hópi fjárfesta hæstbjóðandi í opnu söluferli Sjóvár. Þar voru stjórnsýslulög brotin og ég kærður til lögreglu þrátt fyrir að hafa engin lög brotið. Ég fékk engan andmælarétt og málið tók tvö ár af lífi mínu sökum valdníðslu Seðlabankans. Sérstakur saksóknari, ríkissaksóknari og umboðsmaður Alþingis staðfestu allir sakleysi mitt og það lá ljóst fyrir eftir athuganir þeirra að það var Seðlabankinn sem braut á mér.

Það er því áhugavert að lesa umkvartanir Más Guðmundssonar um greinargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands sem forsætisráðherra óskaði eftir. Þar kvartar hann yfir því að hafa ekki andmælarétt. Hann á engan slíkan rétt, enda er hann stjórnvald en eftirlitsaðilinn, bankaráðið sem kosið er af Alþingi, er ekki stjórnvald samkvæmt lögum. Bankaráðið er að svara forsætisráðherra en ekki seðlabankastjóra og ekkert vekur upp andmælarétt í þeim samskiptum. Már kvartar með öðrum orðum yfir því að ytri rannsókn á misheppnuðum embættisfærslum hans sé ekki unnin í samráði við hann!

Steininn tekur síðan úr í óskammfeilni Más þegar hann reynir að hóta bankaráðinu. Hvernig getur embættismaður fengið að hóta eftirlitsaðilum Alþingis með þeim hætti sem hann gerir?

Már Guðmundsson hefur gerst margbrotlegur í starfi samkvæmt athugun saksóknara og umboðsmanns Alþingis. Hann hefur gengið svo langt að halda gögnum leyndum og hunsa niðurstöður eftirlitsaðila. Í vikunni kom svo í ljós að einbeittur brotavilji hans er enn til staðar þegar hann ætlar að stöðva réttmæt samskipti bankaráðs við forsætisráðuneytið. Það er löngu tímabært að Már Guðmundsson verði látinn bera ábyrgð á ólöglegum embættisfærslum sínum. Það getur ekki verið að hann sé einn borgara ofar lögum landsins.

**Það er löngu tímabært að Már Guðmundsson verði látinn bera ábyrgð á ólöglegum embættisfærslum sínum.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# BÓNUS



379 kr. kg

**Spergilkál**
Spánn

LÍFRÆN EPLI




359 kr. 500 g

**Epli Lífræn**
Royal Gala, 500 g

250g



195 kr. 250 g

**Kirsuberjatómatar**
Spánn, 250 g

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT



498 kr. kg

**Mangó**
Perú



249 kr. kg

**Kantalópur Melónur**
Kosta Ríka



Verð gildir til og með **10. mars** eða meðan birgðir endast

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita

**1kg**




**1.598**
kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg
**Baunasúpa og Saltkjöt,** 1 kg

**NÝTT Í BÓNUS**
Baunasúpa & Saltkjöt

**FLJÓTLEGT OG GOTT**




**FYLGIR MEÐ**
Egils Kristall 2 l
með granateplum

**20-30 Réttur**
Matur fyrir tvo í pakka, 8 teg.




**FYLGIR MEÐ**
Egils Kristall 0,5 l
með granateplum

**Bónus Réttur**
Fyrir einn, 3 teg.

# Fólk
## Tíska

FIMMTUDAGUR 7. MARS 2019



**Íslenski Alpaklúbburinn, ÍSALP, stendur fyrir kvikmyndahátíðinni No Man's Land í Háskólabíói á alþjóðadegi kvenna 8. mars. Myndirnar á hátíðinni fjalla allar um konur sem stunda fjallamennsku.** →8






Verslunarstjóri Brandtex, Bryndís Sigurðardóttir, í glæsilegri SHARE dragt. Þessar dragtir eru fáanlegar í svörtu og dökkbláu, hægt er að velja um nokkur snið á jakkanum og einnig af buxunum. Einnig eru fáanlegar dragtir frá Brandtex en þær koma einnig í gráu. Verð á jökkum er frá 12.990 kr. og buxum frá 8.990 kr.

# Brandtex fyrir konur sem velja gæði

Verslunin Brandtex fagnar ársafmæli síðar í þessum mánuði. Versluninni hefur verið einstaklega vel tekið frá því hún var opnuð enda þekktu margar íslenskar konur þennan stílhreina og litríka gæðafatnað. →2



NOOS buxurnar frá Brandtex eru fáanlegar með mismunandi sniðum og efnum svo hver og ein ætti að geta fundið buxur sem henta. Þegar búið er að finna rétta sniðið þá er hægt að ganga að því vísu í versluninni.

**Kringlukast verður dagana 7.–11. mars.**



Brandtex verður með 20% afslátt á völdum yfirhöfnum á Kringlukasti um helgina. Hægt verður að gera mjög góð kaup á ýmsum vörum í Brandtex.

**Framhald af forsíðu**

Brandtex er danskt gæðamerki sem selt er í meira en 2.500 verslunum um allan heim. Verslunin er staðsett á annarri hæð í Kringlunni og nú um helgina verður veittur 20% afsláttur af drögtum, NOOS buxum og völdum yfirhöfnum á Kringlukasti. Að sögn Bryndísar Sigurðardóttur verslunarstjóra eru alls kyns dragtir mjög vinsælar um þessar mundir. „Við erum með dragtir frá Share og Brandtex. Share dragtirnar eru fáanlegar í svörtu og dökkbláu. Hægt er að velja um nokkur snið á jakkanum og einnig af buxunum. Dragtirnar frá Brandtex koma einnig í gráu þannig að það er úr nógu að velja hjá okkur,“ segir Bryndís.

## Stílhreint og litríkt

„Það er alveg ótrúlegt að það sé ár síðan við opnuðum verslunina en viðtökurnar hafa verið frábærar. Vörumerkið Brandtex er 84 ára gamalt og er vel þekkt meðal kvenna um allan heim. Brandtex fatnaður einkennist af einstaklega fallegum nútíma stíl, hann er stílhreinn og litríkur með áherslu á gæði, hann kemur í stærðunum 34-56, Brandtex veitir því öllum konum einstakt tækifæri til að klæðast fallegum fatnaði óháð lögun og stærð,“ segir Bryndís.

## Risa afmælisveisla

„Íslenskar konur hafa tekið litaúrvalinu og mynstrum sérstaklega vel enda vilja eldri konur lífga upp á sig með fallegum litum,“ segir hún enn fremur og bætir við að í lok þessa mánaðar verði efnt til stórkostlegrar afmælisveislu í versluninni. „Við trúum varla hvað tíminn hefur liðið hratt. Þetta er búinn að vera alveg yndislegur tími. Á afmælishátíðinni munum við kynna inn nýtt vörumerki, B-LIKE, vörumerki sem einkennist af frekar einföldum fatnaði (basic) og verður á einstaklega góðu verði. Við munum auglýsa afmælishátíðina þegar nær dregur en dagana 7.-11. mars verður fullt af flottum tilboðum á Kringlukasti Kringlunnar.“



Í Brandtex er mikið úrval af fallegum og þægilegum úlpum.

## Æðislegar buxur

Bryndís segir að NOOS buxurnar hjá Brandtex séu einstaklega vinsælar og hafi slegið í gegn hjá viðskiptavinum verslunarinnar. „Þær eru mjög þægilegar og klæðast vel. NOOS buxur eru alltaf fáanlegar hjá okkur í mismunandi sniðum og efnum. Allir geta fundið buxur við hæfi. Stærsti hópur viðskiptavina eru konur yfir sextugt og þær hafa verið mjög ánægðar að fá verslun við sitt hæfi. Við erum einnig með föt fyrir yngri konur og ætlum að auka úrval fyrir þær enn frekar á næstunni,“ segir hún. Fötin frá Brandtex eru þægileg og í klassískum stíl. „Það hefur ekki verið mikið í boði fyrir eldri konur hér á landi fyrr en nú.“

Vefverslun Brandtex hefur sömuleiðis verið mjög vinsæl. „Margar konur koma til okkar í verslunina eftir að hafa skoðað vefverslunina og skoða betur. Einnig hefur vefverslunin mælst mjög vel fyrir hjá konum úti á landi. Það hefur verið rífandi gangur í vefsölu hjá okkur. Við erum með mikið úrval af fallegum yfirhöfnum, bolum, skyrtum, túnikum, peysum, stökum jökkum og buxum svo það er úr miklu að velja hjá okkur,“ segir Bryndís og býður alla velkomna að kíkja í verslunina um helgina.

Brandtex er á annarri hæð í Kringlunni og síminn er 558-2800. Sjá einnig úrvalið ávefversluninni brandtex.is. Brandtex er einnig á Facebook þar sem hægt er að fylgjast með nýjum vörum og tilboðum.



Madelaine – Slim fit. Verð frá 8.990 krónum.
Litir fáanlegir: Svartur, dökkblár, ljósbrúnn. Stærðir 34-52.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


hjá
Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Guardiola og gráa peysan

**Pep Guardiola, stjóri Manchester City, hefur vakið athygli á tímabilinu fyrir peysuna sem hann er í á hliðarlínunni í öllum veðrum og vindum. Peysan, eða úlpan, er frá ítalska fatamerkinu Herno.**

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Liðið hans Pep Guardiola, Manchester City, er nú orðið efst í ensku úrvalsdeildinni. Þegar skammt er eftir hefur Guardiola tekist að taka fram úr Liverpool.

Guardiola hefur mikið tískuvit og passar vel upp á útlitið. V-hálsmálið og hvíta skyrtan var hans aðalsmerki lengi vel en hann hefur þorað að fara út fyrir kassann í tískunni á hliðarlínunni.

Flestir tískuspekingar eru á því að Guardiola sé ekki aðeins að breyta fótboltanum inni á vellinum heldur einnig utan vallar. Flestir knattspyrnustjórar eru í íþróttagallanum eða frekar látlausum jakkafötum.

Ítalska fatamerkið Herno fékk Guardiola til liðs við sig þegar hann var þjálfari Bayern München. Fyrirtækið er stofnað árið 1948 með það að markmiði að gera útivistarfatnað bæði fallegan og notendavænan. Peysan kom í vetrarlínunni þeirra í fyrra og Guardiola hefur óspart notað hana. Fengið marga plúsa í kladdann enda þykir peysan einstaklega vel heppnuð. Peysan er að sjálfsögðu uppseld.



10. febrúar: Manchester City gegn Chelsea og Spánverjinn var mættur á hliðarlínuna í sinni múnderingu.



3. febrúar: Guardiola gegn Arsenal og að sjálfsögðu var hann í peysuúlpunni. Nú fráhnepptri.



11. nóvember: Þá var Manchester-slagur af bestu gerð. Guardiola lét þá skína í dúninn.



6. febrúar: Þá var spilað gegn Everton og nú fékk peysuúlpan að njóta sín.



1. desember: Bournemouth var í heimsókn á Ettihad. Þá gátu hendur verið í vösum.



Hér má sjá peysuúlpuna góðu eins og hún birtist á vefsíðu Herno.



Þegar Guardiola og hans sveinar komu til Íslands var Spánverjinn iðulega bara í æfingadressinu.



Okkar maður á önnur lúkk á hliðarlínunni. Hér er hann gegn Crystal Palace. Svartur og svalur. Eitursvalur.




NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tískuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Fullt af flottum peysum

Str. S-XXL
Fleiri litir



Kr. 5.900.-
Kr. 6.900.-
Kr. 6.900.-
Kr. 4.900.-

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030




# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 7. - 10. MARS.

**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM BIOTHERM VÖRUM

**75 ML BLUE THERAPY KREM Á SAMA VERÐI OG 50 ML KREM**

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

## BIOTHERM MÆLIR MEÐ:



**BLUE THERAPY EYE-OPENING SERUM**

Fyrstu merki öldrunar myndast umhverfis augun. Þetta endurnýjandi augnserum vinnur gegn hrukkum og dökkum baugum. Dregur verulega úr þrota og þungum augnpokum. Einstök formúla, sem einnig STYRKIR og ÞÉTTIR augnhárin. Tvöföld tækni með BURSTA fyrir augnhárin og STÁLKÚLU fyrir augnsvæðið. Hentar einnig fyrir þá sem nota linsur.



**BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT CURE**

Byltingarkennd áferð. 10 sinnum léttara en hefðbundin serum og þrýstir virkum efnum niður í húðlögin. Einungis þarf 6 drop kvölds og morgna og húðin verður samstundis stinnari og þéttari. Eftir 28 daga er sem húðin hafi verið endurmótuð, er sjáanlega unglegri og sem henni hafi verið lyft. Notist í stað serums eða með serumi/kremi. 2 x virkara en krem. Hentar öllum húðgerðum.



**BLUE THERAPY ACCELERATED**

Aðeins 20% af öldrunareinkennum húðarinnar eru óumflýjanleg. Hin 80% eru í þínum höndum. Í BT Accelerated serumi eru virk náttúruleg innihaldsefni úr þörungum. Þetta öfluga lagfærandi serum styrkir og stinnir húðina, auk þess að vinna gegn hrukkum og dökkum blettum, og þétta húðina þannig að útlínur andlitsins verða skarpari.

**Í BÁÐUM KREMUNUM ERU AUK ÞESS LYKILINNIHALDSEFNI BIOTHERM, GJÖF FRÁ NÁTTÚRUNNI , LIFE PLANKTON™**

# Skrautleg stjarna er fallin frá

**Einn skrautlegasti tónlistarmaður samtímans, Keith Flint úr Prodigy, er fallinn frá. Lífleg sviðsframkoma hans og skrautlegt útlit gerðu hann að andliti sveitarinnar sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarinn aldarfjórðung.**

Eins og flestum ætti að vera kunnugt lést Keith Flint, söngvari og þekktasta andlit Prodigy, um síðustu helgi, aðeins 49 ára gamall. Keith byrjaði sem dansari í Prodigy en á þriðju plötu sveitarinnar, Fat of the Land sem kom út árið 1997, söng hann fjögur lög á plötunni, meðal annars Firestarter sem er eitt þekktasta lag Prodigy. Myndbandið við Firestarter er sérstaklega eftirminnilegt en þar skartaði hann nýrri hárgreiðslu og skrautlegra útliti sem átti eftir að vera helsta einkennismerki hans til dauðadags.

Rifjum upp nokkrar skemmtilegar útlitsútfærslur hjá þessum dáða tónlistarmanni.



Á sviði á Paleo Festival í Sviss árið 2009. NORDICPHOTOS/GETTY



Skrautlegur að vanda, hér á Download Festival vorið 2003.



Keith óvenu spar á litina á Pinkpop Festival í Hollandi 2010.



Röndóttur og flottur á tónlistarhátíðinni Jersey-Live árið 2008.



Í eldrauðum buxum með tvöfalt belti árið 2011.



Stemninin var geggjuð í Wembley Arena vorið 2009.



# Samfélagsábyrgð fyrirtækja

FIMMTUDAGUR 7. MARS 2019



Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, hefur keyrt rafbíl síðustu fjögur ár. Hann setti fram metnaðarfull markmiðið um rafbílafjölda á opnum ársfundi OR 2018. MYND/STEFÁN

## 100.000 rafbílar árið 2030

OR spáir því að rafbílar verði 100.000 árið 2030. Loftslagsmál eru ein mikilvægustu mál samfélagsins, segir forstjóri OR. Samfélagsábyrgð án aðgerða í loftslagsmálum er óhugsandi.

Orkuveita Reykjavíkur er meðal umsvifamestu fyrirtækja landsins. Í gegnum dótturfélögin þrjú – Veitur, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur – þjónar það nærri þremur af hverjum fjórum landsmönnum með einhverjum hætti. Það skiptir því talsverðu máli hvernig til tekst í starfseminni; hvernig fyrirtækin rækja hlutverk sitt gagnvart samfélaginu og hvort þau standa undir þeirri samfélagslegu ábyrgð sem eðlilegt er að sé lögð þeim á herðar.

Bjarni Bjarnason hefur verið forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur frá árinu 2011. Í upphafi blasti við honum að rétta fjárhag fyrirtækisins af en það kom illa laskað undan hruninu. Aðgerðaáætlun í fjármálum OR – Planið – rann sitt skeið í árslok 2016. „Það var í raun erfitt að ræða samfélagslega ábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur á þessum tíma. Reksturinn stóð ekki undir sér og við þurftum að leggja allt kapp á að koma fjárhagnum á heilbrigðari stað,“ segir Bjarni. „Það var ekki sársaukalaust en það tókst og síðustu misseri höfum við beint athyglinni í auknum mæli að öðrum málum sem við teljum að skipti miklu máli; þar vega loftslagsmál og jafnrétti kynjanna þungt,“ bætir Bjarni við.

### Gas í grjót

Vísindafólk OR hefur síðasta áratuginn unnið að þróun byltingarkenndrar aðferðar við að binda koltvíoxíð í jörðu. Hún felst í því að fanga gróðurhúsaloftið úr gufunni, sem nýtt er í orkuvinnslu Orku náttúrunnar í Hellisheiðarvirkjun, og blanda það affallsvatni frá virkjuninni sem dælt er niður í jörðina. Niðurdælingin er hluti af eðlilegum sjálfbærnikröfum sem gerðar eru til starfsemi jarðgufuvirkjana nú til dags – að vökvanum sem nýttur er í virkjuninni sé skilað aftur niður í jarðhitageyminn – en með þessari viðbót er gróðurhúsaloftinu líka skilað þangað niður. Þar binst það berginu sem kristallar og verður þar um ókomna tíð án þess að valda gróðurhúsaáhrifum í andrúmsloftinu. Aðferðin hefur líka reynst frábærlega til að binda brennisteinsvetni úr gufunni sem nýtt er í virkjuninni.

> Sporlaus vinnsla háhitans er innan seilingar og við stefnum ótrauð að henni.

„CarbFix-aðferðin, sem við köllum stundum gas í grjót, markar tímamót í nýtingu háhitans og getur markað tímamót í iðnaði líka,“ fullyrðir Bjarni. Hann segir að nú getum við stefnt að sporlausri vinnslu jarðhitans. „Orkuvinnsla úr jarðhita skilur eftir sig lítið kolefnisspor miðað við þær aðferðir sem algengastar eru í veröldinni, en nú getum við sett markið hærra en nokkru sinni. Sporlaus vinnsla háhitans er innan seilingar og við stefnum ótrauð að henni,“ segir Bjarni.

### Stóriðjan gæti hugsanlega nýtt sér aðferðina

Bjarni hefur starfað víða í orkuvinnslu og orkufrekum iðnaði á Íslandi. Hann er jarðfræðingur og vann hjá Jarðborunum um hríð, síðan stýrði hann Kísiliðjunni og

Framhald á síðu 2

Framhald af forsíðu ➪

Járnblendinu á Grundartanga áður en hann hóf störf í orkugeiranum, fyrst hjá Landsvirkjun og síðan hjá OR. „Það er talsverð losun gróðurhúsalofts frá stóriðjunni í landinu, sérstaklega kísilverunum en líka frá álvinnslunni. Þessi fyrirtæki gætu hugsanlega nýtt sér CarbFix-aðferðina til að draga úr losun hjá sér. Sum iðjuverin eru afar vel í sveitt sett til að nýta sér hana, með góðan aðgang að vatni og basalthrauni. Þetta er einhver ódýrasta aðferð sem við þekkjum til kolefnisbindingar og það væri alveg til fyrirmyndar ef hún nýttist til að draga úr þeim hátt í fimm milljónum tonna sem við Íslendingar losum árlega af gróðurhúsalofti.“

## Getum öll lagt hönd á plóg

Innreið rafbíla á Íslandi er hafin fyrir alvöru. Allt frá því dótturfyrirtæki OR, Orka náttúrunnar, tók til starfa í ársbyrjun 2014, hefur fyrirtækið verið leiðandi í uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í samgöngum. „Við viljum draga úr losun gróðurhúsalofts frá okkar eigin starfsemi en líka að gera öðrum það kleift. Þar skipta hlöðurnar okkar höfuðmáli,“ segir Bjarni. Hann hefur sjálfur ekið rafbíl undanfarin ár og í gegnum störf sín í orkugeiranum komið að mörgum þeirra frumkvöðlaverkefna í orkuskiptum í samgöngum sem orkufyrirtækin hafa staðið að.

„Að skipta yfir í rafbíl er ekki ósvipað skiptum yfir í hitaveitu úr olíukyndingunni. Það er fjárfesting í upphafi en til lengri tíma sparar það okkur stórfé – bæði sem einstaklingum og þjóðinni í heild – fyrir utan hin jákvæðu loftslagsáhrif. Ísland er einstaklega hentugt fyrir rafbíla. Við vinnum meira rafmagn á hvern íbúa en nokkur önnur þjóð í veröldinni, rafmagn er hreint og tiltölulega ódýrt hér á landi, svalt loftslagið er hentugt fyrir líftíma rafhlaðanna og flestar bílferðir okkar eru mjög stuttar. Allt hjálpast þetta að við að gera Ísland að kjörlendi rafbílsins,“ segir Bjarni.

„Við höfum gefið út þá spá að árið 2030 verði rafbílar hér á landi orðnir 100.000 talsins. Við höfum líka sett okkur áfanga að þessu marki og ætlum að þeir verði orðnir 40.000 árið 2023. Við ráðum því auðvitað ekki því það er almenningur sem kaupir bílana en ekki við. Hins vegar viljum við leggja okkar af mörkum til að greiða fyrir orkuskiptunum. Þetta er metnaðarfullt, en markmið okkar í loftslagsmálum verða að vera það. Minna dugar ekki.“

## Höfum bylt orkumálum áður

Bjarni minnir líka á að uppbygging hitaveitna á síðustu öld hafi verið eitthvert heilladrýgsta spor sem Íslendingar hafa stigið, bæði efnahagslega og umhverfislega. „Við höfum gjarna horft á nýtingu jarðhitans til húshitunar sem framfaraskref fyrir efnahag heimilanna. Það er vissulega rétt. Ef við lítum til nágrannalandanna þá þurfa fjölskyldur á öðrum Norðurlöndum að verja mun stærri hluta ráðstöfunartekna sinna til húshitunar en hér á landi. Þegar við skoðum stöðuna í dag – gróðurhúsaáhrifin og efnahagsleg áhrifa þeirra – þá er hugsanlegt að ábatinn af því að draga úr losun gróðurhúsalofts með hitaveitunum skipti meira máli en orkureikningarnir þegar til lengri tíma er litið,“ segir Bjarni.

„Það hefur verið reiknað út að hitaveitan á höfuðborgarsvæðinu hafi sparað okkur 125 milljóna tonna útblástur af koltvíoxíði frá því að hún tók til starfa. Þetta er há tala og til að setja hana í samhengi þá nálgast árleg losun Íslands í dag 5 milljónir tonna. Þar eru allir bílar taldir með, allur iðnaður bæði almennur og stóriðjan, landbúnaður og fiskiskip. Hitaveitan í Reykjavík ein og sér hefur því sparað okkur ígildi allrar losunar landsins í aldarfjórðung, 25 ár!“ bendir Bjarni á.



Bjarni Bjarnason tók við forstjórastarfinu hjá Orkuveitu Reykjavíkur á miklum umbrotatímum í sögu fyrirtækisins. MYND/STEFÁN




> „Að skipta yfir í rafbíl er ekki ósvipað skiptum yfir í hitaveitu úr olíukyndingunni.




## Ársskýrsla OR er skýrsla um samfélagsábyrgð

Á næstu dögum kemur Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur út fyrir árið 2018. Skýrsla OR er rafræn – kemur bara út á netinu – og í henni er fylgt alþjóðlegum leiðbeiningum um gerð samfélagsskýrslna fyrirtækja. „Við höfum fylgt alþjóðlegum viðmiðum í gerð skýrslunnar um árabil,“ segir Bjarni og bendir á mikilvægi þess að fyrirtæki handvelji ekki atriði úr rekstri sínum til að telja fram í slíkum skýrslum. „Við fylgjum svokölluðum ESG-viðmiðum, sem hafa verið þróuð í samstarfi kauphalla og Sameinuðu þjóðanna og sýnum fram á með hvaða hætti starfsemi OR og dótturfyrirtækjanna allra styður við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun,“ segir Bjarni. Að lokum bendir hann á að Heimsmarkmiðin, þar sem loftslagsmarkmiðin vega mjög þungt, séu víðtækasti sáttmáli sem mannkynið hefur komið sér saman um. „Ætli fyrirtæki sér að standa undir ábyrgð í samfélagi þjóðanna þá finnst mér þau verða að taka afstöðu til heimsmarkmiðanna með einhverjum hætti,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is



Guðmundur Þorbjörnsson er framkvæmdastjóri EFLU og Guðrún Jónsdóttir er hljóðverkfræðingur og situr í stjórn EFLU. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

# Samfélagsleg ábyrgð er samofin starfsemi EFLU

**Vel skilgreindur tilgangur fyrirtækis, gildi þess og menning verða mikilvægustu þættir samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja framtíðarinnar og grundvöllur ákvörðunartöku í viðskiptaumhverfi á fleygiferð.**

Skilgreint hlutverk EFLU verkfræðistofu er að koma fram með lausnir sem stuðla að framförum viðskiptavina og efla samfélög. Fyrir vikið er samfélagsleg ábyrgð samofin tilgangi fyrirtækisins og hefur þessi leiðarvísir verið fyrirtækinu dýrmætur á vegferð þess á síðustu árum að sögn Guðmundar Þorbjörnssonar, framkvæmdastjóra EFLU. „EFLA hlaut árið 2018 viðurkenningu frá CreditInfo fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki í samfélagslegri ábyrgð og var það mikil viðurkenning fyrir okkur. Sérhvert fyrirtæki þarf að svara því hvað samfélagsleg ábyrgð þýðir fyrir það, hvaða áherslur það velur, fyrir hvað það vill standa og hvar það getur lagt mest af mörkum. Spyrja spurninga á borð við: „til hvers er fyrirtækið til?“ og „hvers vegna á fyrirtækið rétt á sér í samfélaginu?“.“

## Loftslagsmálin í brennidepli

EFLA var brautryðjandi í samfélagslegri ábyrgð upp úr síðustu aldamótum með innleiðingu eigin innri stjórnkerfa í umhverfisstjórnun. Síðan þá hefur fyrirtækið unnið markvisst að ráðgjöf í umhverfis- og loftslagsmálum, t.d. við innleiðingu á umhverfisstjórnun hjá viðskiptavinum, í tengslum við nýtingu á sjálfbærri orku og í þróun umhverfisvænna lausna á fjölmörgum sviðum bætti Guðrún Jónsdóttir, hljóðverkfræðingur M.Sc. við, en hún situr einnig í stjórn EFLU. „Loftslagsmálin eru nú mjög í brennidepli og öll fyrirtæki þurfa að vera þátttakendur í framtíðarlausnum á því sviði. Nú er svo komið að umhverfismál eru tekin til skoðunar í öllum verkefnum EFLU. En fyrirtækið er einnig að víkka sjóndeildarhringinn og vill skoða samfélagslega ábyrgð í víðari skilningi í öllum verkefnum, þar sem auk umhverfismála er litið til hagrænna, félagslegra og siðferðilegra þátta. Þetta mun EFLA



Snæfellsstofa á Skriðuklaustri hlaut vistvæna vottun fyrir fullbúna byggingu skv. BREEAM-vottunarkerfinu. EFLA sá um ráðgjöf verkefnisins.

gera í eigin starfsemi, en horfir einnig til þess að vera viðskiptavinum til stuðnings í þeirra framþróun eins og verið hefur raunin í umhverfismálunum til þessa.“

## Heilsteypt fyrirtæki

EFLA er þekkingarfyrirtæki sem veitir sérfræðiráðgjöf en rúmlega 400 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu hér á landi og erlendis. Guðmundur segir samfélagslega ábyrgð, að mati EFLU, ganga í grunninn út á að starfrækja heilsteypt fyrirtæki sem skilar jákvæðum afrakstri til samfélagsins. „Fyrirtækið starfar um allt samfélagið á fjölþættum sviðum og hefur því mikil tækifæri til að láta gott af sér leiða. Má þar til viðbótar nefna að EFLA hefur verið í forystu um þróun á vistvænum byggingum, útreikningi á kolefnisspori mannvirkja og framkvæmda, þá höfum við verið með ráðgjöf í orkuskiptum og vistvænum samgöngum.“

## Auðveldar forgangsröðun

Einnig má nefna að EFLA er þátttakandi í Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð bætir Guðrún við. „Þar tökum við þátt til að ná heildarmynd á okkar nálgun og mátum okkur einnig við sautján heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Auk þess erum við þátttakendur í loftslagsmarkmiðum Parísarsáttmálans, eitt af um 100 íslenskum fyrirtækjum. Við höldum einnig úti grænu bókhaldi og gefum út árlega samfélagsskýrslu þar sem markmiðum og árangri í starfseminni er lýst. Öll þessi umgjörð er fyrirtækinu mikilvæg og auðveldar yfirsýn og forgangsröðun.“

Þau eru sammála um að ör samfélagsþróun veki spurningar um nýjar áherslur í samfélagslegri ábyrgð. „Fram undan er ör tækniþróun og stafrænar umbreytingar og verða siðferðisleg álitamál fyrirferðameiri í þeirri þróun. Nýjar kynslóðir setja líka ný viðmið, sem fyrirtæki verða að taka tillit til. Ungt starfsfólk í dag horfir til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja þegar verið er að velja sér starfsvettvang. Ef fyrirtæki er samfélagslega meðvitað gerir fólk ráð fyrir að koma inn í heilbrigt umhverfi þar sem tækifæri er til að þróast og vaxa. Viðhorf til vinnu og frítíma hefur breyst og kröfur til starfsumhverfis aukist um leið.“

## Kröfurnar hafa aukist

Um leið hafa kröfur samfélagsins stöðugt verið að aukast, upplýsingaflæði gegnumlýsir samfélagið, hraði breytinga er miklu meiri en áður, og tækniþróun, sjálfvirkni og gervigreind hafa sífellt meiri áhrif. Þessari þróun fylgja mikil tækifæri en einnig óvissa að þeirra sögn. „Framtíðin er nær en áður. Í slíku umhverfi er ekki alltaf hægt að gera raunhæfar áætlanir til einhvers tíma. Því má færa rök fyrir því að vel skilgreindur tilgangur fyrirtækis, gildi þess og menning verði mikilvægustu þættir samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja framtíðarinnar og grundvöllur ákvörðunartöku í viðskiptaumhverfi á fleygiferð.“

# Svansvottað sveitahótel í fallegri íslenskri náttúru

Hótel Fljótshlíð er fjölskyldurekið, umhverfisvænt sveitahótel sem vottað er með Svansmerkinu. Þar er unnið að sjálfbærni á sem flestum sviðum.



Það er fallegt í Fljótshlíðinni og alls kyns afþreying í boði.



Aðkoman að Hótel Fljótshlíð er snyrtileg og næg bílastæði fyrir gesti. Bærinn nefnist Smáratún og Arndís er alin þar upp.

Hjónin Arndís Soffía Sigurðardóttir og Ívar Þormóðsson matreiðslumeistari reka ferðaþjónustuna. Arndís er alin upp á bænum og er þriðja kynslóð ábúenda. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki en foreldrar mínir höfu samstarf við Ferðaþjónustu bænda árið 1986 og buðu þá upp á svefnpokapláss. Í þá daga var boðið upp á morgunverð með fjölskyldunni. Reksturinn hefur síðan vaxið smátt og smátt ásamt því að ferðaþjónustan hefur eflst og þróast. Við getum tekið á móti 70 manns í gistingu og 120 í mat,“ útskýrir Arndís.

Arndís og Ívar komu aftur heim, eins og hún orðar það, eftir nám og tóku við rekstrinum árið 2006. „Við breyttum fjósinu í hótelherbergi og hlöðunni í veitingasal. Árið 2007 settum við okkur sjálfbærnistefnu og höfum unnið út frá henni allar götur síðan. Okkur fannst úr því að við vorum að laða hingað erlenda ferðamenn til að dást að hreinleika landsins yrðum við að gæta að náttúrunni. Við náðum mjög mikilvægum áfanga árið 2014 þegar við fengum Svansvottun, á gistingu, veitinga- og ráðstefnusali. Við erum stofnaðilar Beint frá býli og ræktum kjöt, grænmeti og kryddjurtir fyrir veitingahúsið okkar. Gestirnir fá að njóta þeirra afurða,“ segir Arndís.

„Sjálfbærnistefna okkar er mjög víðtæk. Við viljum reka ferðaþjónustu á ábyrgan hátt gagnvart samfélaginu. Auk þess þurftum við að fylgja ákveðnu ferli til að fá Svansvottun. Áhersla er meðal annars lögð á að minnka orku-, efnanotkun og úrgang. Hérna hefur verið gengið lengra en það sem Svanurinn setur okkur. Til dæmis höfum við verið að mæla matarsóun á veitingastaðnum. Við höfum safnað miklum tölulegum upplýsingum um matarsóun á hvern gest og markvisst hefur verið dregið úr henni. Allur úrgangur er notaður í moltugerð og dýrafóður. Það fer ekkert til spillis. Við höfum verið með spennandi námskeið fyrir starfsfólk í iðnaðareldhúsum þar sem við kennum hvernig hægt er að draga úr matarsóun,“ segir Arndís. „Þessi námskeið hafa verið mjög skemmtileg.“



Arndís Soffía Sigurðardóttir rekur ferðaþjónustu í Smáratúni ásamt eiginmanni sínum, Ívari Þormóðssyni matreiðslumanni.

Gestir þeirra Arndísar og Ívars eru að mestum hluta erlendir ferðamenn. Á staðnum eru hótelherbergi, fimm smáhýsi og þrjú stærri sumarhús. Arndís segir að stærri húsin séu vinsæl hjá fjölskyldufólki. „Hér er hægt að komast í alls kyns afþreyingu. Við erum með hestaleigu og bjóðum jafnvel kanínur sem fólk hefur gaman af að skoða. Staðsetningin gerir áfangastaðinn kjörinn fyrir dagsferðir til dæmis til Vestmannaeyja, í Þórsmörk, til Landmannalauga, um Syðra-Fjallabak, Gullna hringinn og margt fleira.

Smáratún er sveitabýli í Fljótshlíð, 13 km frá Hvolsvelli. Smáratún er staðsett mitt á söguslóð Njáls sögu. Inn af Fljótshlíð er Þórsmörk. Hægt er að skoða hótelið á heimasíðunni smaratun.is eða hafa samband í síma 487 1416.

# Sjálfbærni: tækifæri og áhættur

CIRCULAR Solutions er ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í sjálfbærnimálum fyrirtækja. Þeir Bjarni Herrera og dr. Hafþór Ægir segja að sjálfbærnimálin séu komin framarlega á dagskrá hjá stjórnendum, en farið er að horfa á UFS sem mikilvæga þætti í áhættustýringu fyrirtækja.

Hægt er að horfa á sjálfbærni fyrirtækja út frá hinni þrískiptu rekstrarafkomu, þ.e. áhrifum þess á jörðina (umhverfismál), fólkinu (félags- og samfélagsmál) og hagnaði (fjárhagsleg afkoma). Fyrir utan fjárhagslega afkomu mynda þessir þættir hugtakið UFS, þ.e. umhverfi, félagsmál og stjórnarhættir.

Í dag er staðan þannig að fyrirtæki hafa ekki lengur val um hvaða sjálfbærniþættir eru mikilvægir er snúa að þeirra rekstri.

Í nýútkominni skýrslu World Economic Forum var niðurstaðan að fimm af tíu helstu áhættum í heiminum sneru að umhverfismálum, s.s. afbrigðilegt veður, náttúruhamfarir, manngerðar náttúruhamfarir, vanræksla í mótvægisaðgerðum og neikvæð áhrif á lífríki. Þegar sama skýrsla var gefin út árið 2009 þá voru helstu áhættur aðallega efnahagslegar, s.s. verðhrun á eignum.

Það er því ljóst að áhættur er snúa að sjálfbærni fyrirtækja eru komnar framarlega á dagskrá hjá stjórnendum. Þeir horfa því á umhverfismál og þ.a.l. sjálfbærni m.a. út frá langtímaáhættustýringu og út frá mikilvægisþáttum.

„Ein birtingarmynd þess er að til dæmis hefur orðið gríðarlegur vöxtur í skilum fyrirtækja í CDP, alþjóðlegan gagnagrunn um loftslagsmál. Árið 2018 voru yfir 7.000 fyrirtæki sem skiluðu inn. Þá eru fleiri og fleiri fyrirtæki farin að setja sér mælanleg markmið sem byggja á vísindalegum grunni,“ segir Bjarni.



CIRCULAR Solutions er ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í sjálfbærni fyrirtækja. Hér eru Bjarni Herrera og dr. Hafþór Ægir. Einnig eru í teyminu dr. Reynir Smári og Birgir Örn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> „Með því að stýra réttu og mikilvægu þáttunum er hægt að bæta samkeppnisstöðu.
>
> Dr. Hafþór Ægir

Hann bætir við að önnur birtingarmynd sé útgáfa grænna skuldabréfa. „Slíkum útgáfum er beinlínis ætlað að fjármagna verkefni sem draga úr umhverfisáhrifum. Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa gefið út slík bréf hér á Íslandi og fleiri aðilar eru líklegir til að fylgja í kjölfarið.

Þá hefur fjöldi erlendra greiningarfyrirtækja þróað aðferðafræði við að meta áhættu fyrirtækja út frá sjálfbærni og ESG-þáttum sem eru mikilvægir í rekstri þessara fyrirtækja. Þessar greiningar birtast fjárfestum og öðrum t.d. í fjármálagagnaveitum þar sem fyrirtæki eru mæld gegn samkeppnisaðilum sínum.“

Hafþór Ægir segir gott að byrja sjálfbærnivegferð fyrirtækis á að skapa meðvitund hjá hagaðilum fyrirtækisins, t.d. starfsfólki, fjárfestum eða eigendum, birgjum, og viðskiptavinum hvort sem það eru orkufyrirtæki, alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki, tryggingarfélag, þriggja manna hönnunarfyrirtæki eða lögmannsstofa. „Þegar meðvitund hefur verið sköpuð er rétt að miðla upplýsingum um aðgerðir félagsins og þá stefnu og markmið sem sett hafa verið. Þá er mikilvægt að huga að því hvernig mismunandi hagaðilar lesa í þær upplýsingar sem miðlað er og við hvaða alþjóðlegu staðla er stuðst.

Þá mætti telja að vegferð fyrirtækisins að sjálfbærni sé komin af stað. Þá er hægt að stýra einstaka sjálfbærniþáttum með það að markmiði að verða leiðtogi í sjálfbærnimálum. Með því að stýra réttu og mikilvægu þáttunum er hægt að bæta samkeppnisstöðu, búa til ný viðskiptatækifæri, draga úr kostnaði og hafa meiri áhrif.“

### Mikilvægar spurningar í byrjun

- Hvernig fyrirtæki erum við?
- Hverjar eru okkar fyrirmyndir?
- Hverjir eru okkar hagaðilar?
- Hvernig lítur virðiskeðja okkar út?
- Kostar meira að gera eitthvað núna eða bíða með það?


Góð tenging!
IKEA á Íslandi hefur verið í fararbroddi í að bjóða upp á frí hleðslustæði fyrir viðskiptavini og hafa þau nógu mörg til hægt sé að ganga að hleðslunni vísri. Þetta er hluti af okkar samfélagsábyrgð, stuðlar að umhverfisvænni samgöngum og samræmist hugmyndafræði IKEA um að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V. 2019

## Í sama liði og fá hluta hagnaðar

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja tekur á sig margar birtingarmyndir og ein þeirra er fólgin í því að tryggja bæði viðunandi afkomu starfsmanna sinna og láta starfsfólki finnast það hluti af fyrirtæki sínu, það er, allir í sama liði. Þessu hlutverki sinna margir bílaframleiðendur heimsins ágætlega með því að greiða öllu starfsfólki sínu árlega bónusa sem tengjast afkomu fyrirtækjanna á hverju ári. Sem dæmi greiddi Volkswagen hverjum og einum af um 120.000 starfsmönnum sínum 4.750 evra bónus snemma á þessu ári vegna ágætrar afkomu síðasta árs.

### Allir fá það sama

Öllum starfsmönnum, hvort sem þeir vinna í mótuneytinu eða hanna bíla Volkswagen, er greidd sama upphæð og því er enginn greinarmunur gerður á mikilvægi þeirra, eða annarra launa hjá fyrirtækinu. Þessi upphæð samsvarar 650.000 krónum og munar vafalaust marga um slíka upphæð. Ekki er að efa að þessi gjörningur og aðferðafræði bak við hana lætur starfsfólki líða eins og það sé partur af liði sem allt vinnur að sama markmiði og í leiðinni er afkoma þess betur tryggð. Reyndar eru bónusar greiddir hjá hverju og einu bílamerki sem heyrir undir Volkswagen Group með sama hætti og hafa bónusar starfsfólks Audi og Porsche verið sýnu hærri en hjá Volkswagen. Náðu bónusar Porsche til dæmis 9.300 evrum fyrir síðasta ár, eða hátt í 1,3 milljónir króna.

# Grænir bílaframleiðendur

Margir kjósa að vera á bíl sem blæs ekki alls konar efnum út pústurörið. Stóru bílaframleiðendur framleiða nú bíla sem eru umhverfisvænir.

Að vera umhverfisvænn sýnir samfélagslega ábyrgð og þó svo bílar og bílaframleiðendur séu sjaldan tengdir við græn gildi eru þó margir þeirra einmitt búnir að taka stór skref í þá átt. Ekki bara á það við um að framleiða bíla sem menga minna eða ekkert, heldur einnig umhverfisvæna framleiðslu og efnisnotkun.

Sá bílaframleiðandi sem gengið hefur einna lengst í grænum gildum er BMW og hefur verið talinn sá umhverfisvænsti allt frá árinu 2005. Við framleiðslu BMW i3 og i8 bílanna er til dæmis eingöngu notast við endurnýjanlega orku. Þá má nefna Tesla sem eingöngu framleiðir umhverfisvæna rafmagnsbíla, en Tesla gengur skrefinu lengra og leitast við að nota sólarorku og raforku sem ekki er upprunnin í brennslu jarðefnaeldsneytis.

Volkswagen hefur til langs tíma unnið eftir ThinkBlue-umhverfisstefnu sinni sem tekur til þátta eins og minni vatns- og orkunotkunar, $CO_2$-losunar við framleiðslu, minnkunar spilliefna og minni flutninga á milli heimshluta. Nú á síðustu árum hefur einnig orðið stefnubreyting í bílum Volkswagen og stefnir fyrirtækið að sem mestri rafvæðingu þeirra. Þá hafa Toyota og Hyundai rutt brautina í þróun og smíði vetnisbíla auk umhverfisvænnar stefnu í framleiðslumálum.



Það eru margir hoppandi kátir með BMW og þeirra umhverfisvænu bíla, i3 og i8. NORDICPHOTOS/GETTY

# Samfélagsábyrgð í kjarnastarfsemi

Landsbankinn hefur verið aðili að UN Global Compact í yfir áratug og fékk bankinn viðurkenningu fyrir samfélagsskýrslu ársins í fyrra þegar Festa, Stjórnvísi og Viðskiptaráð Íslands veittu viðurkenninguna í fyrsta sinn.

Við höfum náð góðum árangri á undanförnum árum en bankinn hefur t.a.m. minnkað pappírsnotkun sína um 75% frá árinu 2012 og á síðustu tveimur árum hefur útblástur frá bifreiðum bankans minnkað um rúm 40%,“ segir Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri Landsbankans. „Við teljum mikilvægt að samfélagsábyrgð sé hluti af kjarnastarfseminni en á síðustu árum höfum við m.a. lagt áherslu á innleiðingu á stefnu í ábyrgum fjárfestingum með það að markmiði að gera bankanum kleift að samþætta samfélagsábyrgð og fjárfestingarákvarðanir. Bankinn fékk aðild að United Nations Principles for Responsible Investment (UN PRI) í byrjun árs 2013 og hafa nú allir sjóðstjórar bankans, sem starfa við fjárfestingarákvarðanir, lokið námi á vegum UN PRI. Einnig höfum við markvisst unnið að fræðslu um græn skuldabréf innan og utan bankans, en áhugi á því hvernig fjárfesta megi í grænni framtíð eykst jafnt og þétt,“ segir Baldur.


Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri Landsbankans. Bankinn hefur minnkað pappírsnotkun sína um 75% frá árinu 2012 og á síðustu tveimur árum hefur útblástur frá bifreiðum bankans minnkað um rúm 40%. MYND/ANTON BRINK

### Fylgir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna

„Á síðasta ári tókum við þá ákvörðun að fylgja Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti. Landsbankinn ætlar í sinni starfsemi að leggja áherslu á þrjú af Heimsmarkmiðunum til að byrja með: jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt, sem og ábyrga neyslu og framleiðslu. Þar að auki var ákveðið að fylgja nýjum viðmiðum UNEP FI (United Nations Environment Programme – Finance Initiative) um ábyrga bankastarfsemi en þeim er ætlað að tengja bankastarfsemi við Heimsmarkmiðin og Parísarsamkomulagið. UNEP-FI er samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og fjármálafyrirtækja víða um heim þar sem unnið er að því að ná fram sameiginlegri sýn á hvernig bankar geti og eigi að vinna að samfélagsábyrgð í sinni starfsemi. Landsbankinn var í hópi fyrstu aðila að verkefninu á heimsvísu,“ segir Baldur.

### Jafnréttisvísir og jafnlaunavottun

„Jafnréttismálin eru sífellt í brennidepli hjá okkur í Landsbankanum en lögð er þung áhersla á að karlar og konur fái sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hljóti sömu starfstækifæri,“ segir Baldur. „Bankinn hefur það að markmiði að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans verði aldrei minni en 40% og hefur bankinn í tvígang hlotið gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC. Undanfarið ár höfum verið að vinna að innleiðingu lögbundinnar jafnlaunavottunar og fór lokaúttekt Landsbankans fram í janúar.

Þar kom fram að öll skilyrði fyrir vottun væru uppfyllt og gert er ráð fyrir endanlegri staðfestingu á næstu vikum.

Við höfum einnig verið að vinna að innleiðingu á Jafnréttisvísi Capacent en þar er horft til fleiri þátta en launajafnréttis. Þetta er viðamikið verkefnið sem allt starfsfólk bankans tók þátt í. Með Jafnréttisvísinum er staða jafnréttismála innan bankans metin með ítarlegri greiningu og skýr markmið mótuð í framhaldinu.“

# Viljum alltaf gera betur

Frá stofnun Landsvirkjunar hefur rík áhersla verið lögð á starfsemi í sátt við samfélagið og umhverfi en fyrirtækið markaði sér sérstaka stefnu um samfélagsábyrgð árið 2012.

Um langa tíð hafa umhverfismál verið mikilvægur þáttur í starfsemi Landsvirkjunar og á síðastliðnum árum hefur einnig verið lögð aukin áhersla á samstarf við samfélagið, heilsu-, öryggis- og starfsmannamál og miðlun þekkingar. Fram undan er vinna sem felur í sér endurskoðun á stefnunni til þess meðal annars að taka mið af nýjum áskorunum, þróun fyrirtækisins og væntingum hagsmunaaðila.

„Með samfélagsábyrgð skapar Landsvirkjun eigendum sínum arð, fer vel með auðlindir lands og umhverfi, og stuðlar að því að þekking og jákvæð áhrif af starfsemi fyrirtækisins skili sér til samfélagsins,“ segir Jóhanna Harpa Árnadóttir, verkefnisstjóri samfélagsábyrgðar hjá Landsvirkjun.

Meðal nýrra stefnuáherslna á sviði samfélagsábyrgðar Landsvirkjunar er upptaka alþjóðlega GRI-staðalsins og stuðningur við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. GRI stendur fyrir Global Reporting Initiative og er samræmd aðferðafræði til að mæla árangur fyrirtækja og stofnana í átt að sjálfbærri þróun.

„Landsvirkjun ákvað að styðjast við staðalinn til að styrkja upplýsingagjöf um samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins sem og markmiðasetningu og skilgreiningu áherslna. Samhliða þessari vinnu mun eiga sér stað ákveðin endurmörkun á samfélagsábyrgðarstefnu fyrirtækisins.“

Landsvirkjun styður við Heimsmarkmið (HM) Sameinuðu þjóðanna og leggur sérstaka áherslu á þrjú þeirra sem falla vel að starfsemi fyrirtækisins: HM 5 um jafnrétti kynjanna, HM 7 um sjálfbæra orku fyrir alla og HM 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

## Áhersla á jafnréttismál

„Landsvirkjun setur nú mikinn kraft í jafnréttisvinnu og er það í samræmi við stuðning fyrirtækisins við Heimsmarkmið SÞ númer 5 um jafnrétti. Einnig förum við að skoða markmið okkar í jafnréttismálum í víðara samhengi sem og að ákveðin grasrót innan fyrirtækisins vildi sjá auknar aðgerðir. Ráðist var í viðamikla úttekt á stöðu jafnréttismála og kallað eftir hugmyndum frá starfsfólki haustið 2017. Fyrir ári kynntum við þriggja ára aðgerðaáætlun jafnréttis með sautján umbótaverkefnum sem færa munu fyrirtækið nær markmiðum sem sett hafa verið í jafnréttismálum,“ upplýsir Jóhanna Harpa en umbótaverkefnin snerta á ólíkum þáttum starfseminnar og styðja við þróun vinnustaðarins.

„Við beinum sjónum meðal annars að jafnrétti þegar kemur að ráðningu nýrra starfsmanna og er fræðsla um jafnrétti hluti af nýliðaþjálfun í fyrirtækinu. Nú er að ljúka vinnu við greiningu á vinnuumhverfinu með tilliti til þess hvernig það höfðar til kynjanna og í vinnustaðagreininguna hefur verið bætt vísi sem er ætlað að mæla jafnrétti og samskipti kynjanna. Þá höfum við lokið við endurskoðun og kynningu á nýrri viðbragðsáætlun um kynferðislega og kynbundna áreitni eða ofbeldi,“ nefnir Jóhanna sem dæmi.

## Árangur á sviði jafnlauna

Frá því verkefnið fór af stað árið 2017 hefur jafnréttisáhersla Landsvirkjunar vaxið að umfangi en Jóhanna Harpa segir að eftir því sem vinnunni hafi miðað áfram hafi orðið ljóst að mikið verk væri óunnið. Góður árangur hefur náðst á sviði jafnlauna en um áramót fékkst staðfest að Landsvirkjun hefði hlotið jafnlaunavottun en jafnlaunakerfið stuðlar að því að starfsmenn njóti jafnra launa fyrir jafnverðmæt störf.

„Breið nálgun er lykill að árangri á þessu sviði og því er leitast við að nálgast jafnréttismálin með því að skoða launa- og kynjahlutföll en líka menningu, fyrirmyndir, vinnuumhverfi, stefnu og skipulag. Við höfum áður unnið með hugmynd um framtíðarvinnustaðinn Landsvirkjun og í ár er jafnréttismenning ein af þremur stefnuáherslum fyrirtækisins,“ upplýsir Jóhanna.

Mannauðs- og jafnréttisstefna Landsvirkjunar var nýverið endurskoðuð til þess að taka mið af nýjum áherslum í málaflokknum.



Jóhanna Harpa Árnadóttir hjá Landsvirkjun. MYND/ANTON BRINK

## Sjálfbær orka fyrir alla

„Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 7 fjallar um að tryggja skuli öllu mannkyni aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði eigi síðar en 2030. Innan þess markmiðs falla þau undirmarkmið að hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins verði aukið verulega og að alþjóðleg samvinna verði aukin í því skyni að auðvelda aðgengi að rannsóknum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku,“ útskýrir Jóhanna.

## Sérstaða í orkumálum

Ísland hefur sérstöðu þegar kemur að aðgengi að endurnýjanlegum orkugjöfum í heiminum og vinna Íslendingar nærri 100 prósent allrar raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þar af vinnur Landsvirkjun þrjá fjórðu hluta þeirra orku. Landsvirkjun leitast við að finna leiðir til þess að miðla af þekkingu sinni á erlendri grundu til þess að auka aðgengi heimsbyggðarinnar að sjálfbærri orku.

Landsvirkjun hefur á síðastliðnum árum starfað með samtökunum SEforALL – Sustainable Energy for All, eða Sjálfbær orka fyrir alla, en samtökin voru stofnuð á vegum Sameinuðu þjóðanna árið 2011.

„SEforALL hafa á síðastliðnum þremur árum aukið umsvif sín verulega til að nálgast HM 7 um sjálfbæra orku fyrir alla. Í fyrra hóf göngu sína hraðall í samstarfi við Landsvirkjun og fleiri aðila en vinnustofa til undirbúnings hraðalsins var haldin á vegum Landsvirkjunar í Kröflu sumarið 2017. Hraðlinum er ætlað að auka áherslu á kynjajafnrétti, samfélagsþátttöku og valdeflingu kvenna, auk þess að kortleggja hagsmunaaðila og mynda bandalög sem stuðla að kerfisbreytingum,“ útskýrir Jóhanna.

> **Landsvirkjun styður við þrjú af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna; HM 5 um jafnrétti kynjanna, HM 7 um sjálfbæra orku fyrir alla og HM 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.**

## Útflutningur á þekkingu

Landsvirkjun Power, dótturfélag Landsvirkjunar, var stofnað fyrir áratug til að sinna verkefnum Landsvirkjunar á erlendri grundu.

„Landsvirkjun Power veitir erlendum aðilum ráðgjöf og á í samstarfi um þróun vatnsafls- og jarðvarmavirkjana yfir alla virðiskeðju slíkra verkefna, frá frumhönnun og fýsileikakönnun í upphafi yfir í útboð, byggingu og að lokum rekstur,“ segir Jóhanna.

Meðal nýlegra verkefna má nefna þróun og fýsileikakönnun fyrir vatnsaflsvirkjanir í Georgíu, undirbúning og framkvæmd útboðs í tengslum við öflun gufu fyrir jarðvarmavirkjun í Eþíópíu, aðstoð við undirbúning og rýni útboðsgagna fyrir vatnsaflsvirkjun í Ástralíu og stuðning við rekstur og viðhald vatnsaflsvirkjana á Grænlandi og fræðslu tengda því.

## Aðgerðir í loftslagsmálum

Loftslagsbreytingar eru ein helsta áskorunin sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir. Kröfur eru gerðar til fyrirtækja um að leggja sitt af mörkum til að sporna við hlýnun jarðar.

„Nýleg skýrsla IPCC sýnir afdráttarlaust nauðsyn þess að halda hlýnun jarðar í skefjum. Takist að halda hlýnun jarðar í 1,5°C verða áhrif af hitabylgjum, þurrkum, flóðum og áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika mun minni en ef hitastig hækkar um 2°C. Til að ná markmiðinu um 1,5°C þarf að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu um 45 prósent fyrir árið 2030 og kolefnishlutleysi þarf að nást árið 2050. Uppbygging á endurnýjanlegri raforku er því nauðsynleg til að ná þessu markmiði.“

Framlag Landsvirkjunar til loftslagsmála er einkum tvíþætt. Annars vegar vinnur fyrirtækið orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum og hins vegar leggur það áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni.

## Þátttaka á COP24 í Póllandi

Rögnu Árnadóttur, aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, var boðið að taka þátt í aðalpallborði COP24, 24. þings aðildarríkja Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem fram fór í Katowice í Póllandi í desember 2018.

„Í framsögu sinni sagði Ragna frá raforkusögu íslensku þjóðarinnar og framtakinu að nýta jarðvarma til hitunar. Meginverkefni fundarins var að ganga frá samkomulagi um innleiðingu Parísarsamningsins 2015. Í lok fundar var reglugerð samþykkt sem skyldar öll ríki heims til að fylgja sömu stöðlum á mælingu á losun gróðurhúsalofttegunda og skilgreina stefnu sína í loftslagsmálum. Ríki heims voru einnig hvött til að herða aðgerðir sínar gegn losun fyrir loftslagsfundinn 2020,“ segir Jóhanna.

## Rafbílavæðing

Ný skýrsla Samorku um þjóðhagsleg áhrif rafbílavæðingar á Íslandi var gefin út í október.

„Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar mun rafbílavæðing verða hagkvæm fyrir Ísland til lengri tíma litið og mikilvægur þáttur í að markmiðum Parísarsamkomulagsins um minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda verði náð fyrir 2030. Rafbílavæðing hefur fleiri jákvæð, óbein áhrif sem snerta þjóðarhag, svo sem minni loftmengun og aukið orkuöryggi,“ upplýsir Jóhanna.

Árið 2013 keypti Landsvirkjun fyrstu rafbílana til að nota í starfsemi fyrirtækisins og er hlutfall þeirra um 20% af bílaeign fyrirtækisins. Á síðastliðnu ári var svo fjárfest í fyrsta vetnisknúna rafbílnum en kaupin eru liður í orkuskiptum fyrirtækisins. „Engin mengun stafar af notkun þeirra og fyrirtækið stefnir á að taka fleiri slíka bíla í notkun á komandi árum,“ segir Jóhanna.

## Útgáfa grænna skuldabréfa

Í mars 2018 varð Landsvirkjun fyrsta íslenska fyrirtækið til að standa að útgáfu grænna skuldabréfa.

„Útgefandi grænna skuldabréfa fær lán frá fjárfestum þar sem þriðji aðili vottar að andvirði skuldabréfsins verði ráðstafað í verkefni sem hafa jákvæð umhverfisáhrif, svo sem til endurnýjanlegrar og sjálfbærrar orkuvinnslu eins og í tilfelli Landsvirkjunar. Grænu skuldabréfin voru gefin út á Bandaríkjamarkaði og var mjög vel tekið. Alls bárust tilboð fyrir yfir 700 milljónir Bandaríkjadala, en það samsvarar sjöfaldri eftirspurn, þar sem upphaflega var stefnt að útgáfu skuldabréfa að andvirði 100 milljónir Bandaríkjadala,“ upplýsir Jóhanna.

Það er ánægjulegt að segja frá því að síðastliðinn þriðjudag hlaut Landsvirkjun verðlaun fyrir að vera brautryðjandi á sviði grænna skuldabréfa (e. Green Bond Pioneer Award) á árlegri ráðstefnu Climate Bonds í London.

„Brautryðjendaverðlaun fyrir græn skuldabréf eru árleg viðurkenning sem veitt eru til samtaka, fjármálastofnana, ríkisstjórna og einstaklinga sem hafa sýnt frumkvæði með útgáfu grænna skuldabréfa. Útgefendur hafi þar með sýnt jákvætt fordæmi um umhverfisvænar fjárfestingar með lítið kolefnisspor á alþjóðlegum svæðum og mörkuðum,“ segir Jóhanna.

„Verðlaunin í ár eru með sérstaka áherslu á smáar þjóðir, enda berum við öll ábyrgð á því að grípa til aðgerða vegna loftslagsmála. Landsvirkjun er brautryðjandi á Íslandi þegar kemur að grænni fjármögnun og hefur rutt leiðina fyrir aðra. Fyrirtækið er vel að verðlaununum komið,“ er haft eftir Sean Kidney, framkvæmdastjóra Climate Bonds Initiative.

Sjá nánar á landsvirkjun.is.

# Mikilvægt að hafa jákvæð áhrif

## Arion Banki leggur ríka áherslu á að starfa með ábyrgum hætti og í sátt við samfélag og umhverfi.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja hefur þróast mikið á undanförnum árum og krafan um gagnsæi er alltaf að verða meiri. Arion banki var skráður á markað, bæði hér heima og í Svíþjóð, á síðasta ári og við finnum fyrir því að alþjóðlegir fjárfestar hafa í auknum mæli áhuga á ófjárhagslegum upplýsingum,“ segir Hlédís Sigurðardóttir, verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hjá Arion banka.

Hún segir að áherslur bankans á stafræna þjónustu og umhverfisvernd eigi góða samleið þar sem stafræn þjónusta dregur verulega úr pappírsnotkun auk þess sem viðskiptavinir hafi möguleika á að sinna bankaviðskiptum sínum þegar og þar sem þeim hentar án ferðalaga í bankaútibú. Bankinn hvetji einnig viðskiptavini sína til að afpanta útprentuð yfirlit og önnur skjöl sem hægt er að fá rafrænt.

„Annað dæmi sem hefur jákvæð áhrif út í samfélagið er að eignastýring bankans hefur lokið greiningu á þeim fyrirtækjum sem eru skráð á markað hérlendis út frá samfélagsábyrgð og ófjárhagslegum upplýsingum og átt mjög gagnleg samtöl við fulltrúa fyrirtækjanna. Með þessu ýtir bankinn við frekari þróun og framgangi samfélagsábyrgðar fyrirtækja hér á landi sem mörg hver eru að standa sig vel á meðan önnur eru að taka fyrstu skrefin,“ segir Hlédís.

Bankinn leggur ríka áherslu á að starfa með ábyrgum hætti og í sátt við samfélag og umhverfi. Samfélagsábyrgð fyrirtækja er víðtæk og snýr í raun bæði inn á við, þ.e. hvernig fyrirtæki standa að sínum rekstri, t.d. koma fram við starfsfólk sitt, hvernig stjórnarhættir eru og hvað gert er til að draga úr beinum neikvæðum umhverfisáhrifum, svo dæmi séu nefnd.

„Svo snýr samfélagsábyrgð einnig að þeim áhrifum sem fyrirtæki hafa á samfélagið og umhverfið með hegðun sinni, svo sem með innkaupum, þeim vörum sem þau bjóða og fjárfestingum og lánveitingum. Við hjá Arion banka leggjum áherslu á báðar þessar hliðar eða alla virðiskeðjuna, viljum vanda til verka í allri okkar starfsemi, taka upplýstar ákvarðanir og gera stöðugt betur í dag en í gær. Þannig er menningin innan bankans.“

Hlédís bendir á að jafnréttismálin hafi verið tekin föstum tökum innan bankans og nefnir að Arion hafi verið fyrsti bankinn til að hljóta Jafnlaunavottun VR árið 2015 og hlaut á haustmánuðum 2018 jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. „Við lítum svo á að svona stór vinnustaður eins og Arion banki hafi hreinlega þá skyldu að vera í fararbroddi þegar kemur að jafnréttismálum og erum afar stolt af okkar árangri. Síðustu ár höfum við unnið markvisst í umhverfismálum í rekstri bankans og ég held að það sé óhætt að segja að það hafi verið vitundarvakning meðal starfsfólks um umhverfismál. Aðgerðir sem hvetja starfsfólk til að nýta sér umhverfisvænni fararmáta, draga úr sóun, flokka meira, minnka plastnotkun og þess háttar virðast einnig skila sér heim til starfsfólks og það er ánægjulegt.“



**Hlédís Sigurðardóttir, verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hjá Arion banka.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Svansvottaðar fjárfestingar

**Norræna umhverfismerkið Svanurinn kynnti árið 2017 umhverfismerkta fjárfestingasjóði til að ýta undir sjálfbærar fjárfestingar. Nauðsynlegt að fjármálageirinn taki virkan þátt.**




Frá fyrstu leyfisveitingu Svansvottaðra sjóða árið 2017.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Á 30 ára starfstíma hefur Svanurinn haft áhrif á að fyrirtæki vinni markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum sínum. Í júní 2017 opnaðist síðan sá möguleiki fyrir fjárfesta að hafa óbein áhrif á fyrirtæki gegnum Svansvottaða fjárfestingarsjóði en þar er krafti fjármagns og eignarhalds beitt til að stýra fyrirtækjum í átt að sjálfbærari framtíð. „Í dag eru mörg þúsund sjóðir starfræktir á norrænum markaði og því nú hægt að nota Svansvottunina sem vegvísi fyrir þá sem vilja fjárfesta á sjálfbærari hátt. Kröfur umhverfismerkisins fyrir vottaðar vörur og þjónustu eru strangar en jafnframt raunhæfar, þetta á sérstaklega vel við um fjárfestingarsjóði og geta fjárfestar því verið öruggir með að Svansvottaðir sjóðir uppfylli strangar sjálfbærnikröfur,“ segir Sebastian Högnabba, sérfræðingur á skrifstofu norræna umhverfismerkisins Svansins í Svíþjóð.

Aðspurður hvers vegna sjálfbær fjármál séu mikilvæg fyrir umhverfið segir hann að ólíkt öðrum framleiðsluvörum eða þjónustu sem getur hlotið Svansvottun séu sjóðir í grundvallaratriðum samansafn af verðbréfum sem í sjálfu sér hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif.

„Í tilfelli sjóða er því markmið Svansins að draga úr fjármagni sem fer í starfsemi sem er skaðleg umhverfi og samfélagi og beina frekar fjármagni til fyrirtækja sem standa sig vel með tilliti til umhverfismála. Til lengri tíma litið trúum við að þetta muni stýra fjármagni í sjálfbærari starfsemi og hvetja atvinnulífið til að færa sig í auknum mæli í átt að sjálfbærri þróun.“

Nú þegar geta norrænir fjárfestar fundið fjölbreytta blöndu af mismunandi sjóðum með vottun, bæði hlutabréfasjóði, fjárfestingarsjóði og blandaða sjóði sem stjórnað er af þekktum aðilum svo sem Handelsbanken, KLP, Nykredit og SEB. Pareto Global Corporate Bond er dæmi um Svansvottaðan sjóð sem er aðgengilegur íslenskum fjárfestum. Sjóðinum er stjórnað af norska eignarstýringaraðilanum Pareto sem fjárfestir á alþjóðavettvangi í fyrirtækjaskuldabréfum í samræmi við kröfur Svansins.“

> **Í tilfelli sjóða er því markmið Svansins að draga úr fjármagni sem fer í starfsemi sem er skaðleg umhverfi og samfélagi.**
>
> **Sebastian Högnabba**



Sebastian segir Svansvottaða sjóði þurfa að uppfylla 25 skyldukröfur á nokkrum sviðum sjálfbærra fjárfestinga. Til dæmis útilokar sjóðurinn fjárfestingar til ósjálfbærs iðnaðar og fyrirtækja, svo sem vinnslu jarðefnaeldsneytis, framleiðslu á vopnum og tóbaki. „Svansvottaðir sjóðir leggja áherslu á fjárfestingar til fyrirtækja með sterkan sjálfbærniprófíl og er rík áhersla á gegnsæi og miðlun upplýsinga um eignarhlut og umhverfisáherslur.“

Til viðbótar við skyldukröfur eru einnig settar stigakröfur, en til að fá Svansvottun þarf sjóðurinn að ná lágmarks stigafjölda. Mögulegt er að fá stig meðal annars með því að vera virkur eigandi og með því að fjárfesta í fyrirtækjum sem starfa á vettvangi endurnýjanlegrar orku, mengunarvarna eða úrgangsmeðhöndlunar.

Hann segir sívaxandi áhuga á sjálfbærum fjárfestingum á heimsvísu. Á sama tíma eru fjárfestar í auknum mæli að kalla eftir óháðu mati á sjálfbærniáherslum virkra sjóða á markaði. „Norræna umhverfismerkið Svanurinn er áreiðanlegt merki sem yfir 84% af íslenskum neytendum þekkja, vottunin er einföld og skýr leið til að miðla því að Svansvottaðir sjóðir standist strangar kröfur um sjálfbærar fjárfestingar.“

Viðmiðin fyrir fjárfestingarsjóði voru sett á laggirnar í júní 2017 og hefur verið mikill áhugi á þeim allar götur síðan samkvæmt Sebastian. Fyrsti Svansvottaði sjóðurinn var kynntur í október sama ár og eru í dag samtals 23 sjóðir sem bera Svaninn. „Við erum vongóð og búumst við að sjá áframhaldandi aukningu á vottuðum sjóðum á komandi árum.“



EKKI VELJA HVAÐ SEM ER FRÁ HVERJUM SEM ER

Veljum Svansmerkta þjónustu og vörur sem eru framleiddar í sátt við umhverfið. Það er það minnsta sem við getum gert.

svanurinn.is

UMHVERFIS STOFNUN

# Áhersla á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið

Hjá Sýn hf. skiptist samfélagsábyrgð félagsins í þrjú áherslusvið; sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlítni. Áhersla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir félagið og alla hagsmunaaðila,“ segir Sif Sturludóttir, forstöðumaður hjá Sýn. Hún bætir við að Sýn hf. sýni samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð.

Lögð er áhersla á aukna sjálfbærni og lagt upp úr því að halda jafnvægi á milli efnahags, umhverfis og samfélags í rekstrinum auk þess sem starfað er í hlítni við íslensk lög, reglur og almenn viðmið.

„Við höfum unnið að Samfélagsuppgjöri, í samvinnu við Klappir Core, þar sem stuðst er við ESG-leiðbeiningar sem Nasdaq hefur sett fram fyrir skráð fyrirtæki á markaði. Þessi viðmið uppfylla ákveðna þætti hins alþjóðlega staðals Global Reporting Initiative sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að miðla upplýsingum um samfélagsábyrgð með gagnsæjum og skýrum hætti.

Hlutverk Sýnar hf. er að vera leiðandi fyrirtæki á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar á Íslandi. Sem dæmi um árangur af stefnu félagsins í þessum efnum má nefna víðtæka



Sif Sturludóttir, forstöðumaður hjá Sýn. Fyrirtækið hefur sett sér ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins.

vottun skv. ISO 27001-staðlinum sem félagið undirgengst árlega,“ segir hún.

Félagið hefur verið vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum, þá hefur fyrirtækið fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála.

Sýn hf. er einn aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar, bakhjarl KSÍ og vinnur náið með UN Women á Íslandi.

Sýn hf. hefur sett sér ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Sýn hf. skrifaði undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum og hefur einnig einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu. Félagið hefur einsett sér að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski.

„Sýn hf. hefur sett sér það markmið að flokka allt sorp sem fellur til í starfseminni, auka þannig endurvinnslu og draga úr ónauðsynlegri urðun á sorpi. Leitast er við að lágmarka notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið eins og kostur er,“ segir Sif.

Á árinu fluttist öll sameinuð starfsemi félagsins í höfuðstöðvar Sýnar hf. að Suðurlandsbraut 8-10.

„Við leggjum áherslu á heilbrigði og vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum. Í höfuðstöðvum félagsins er mikið lagt upp úr góðri hljóðvist, loftræstingu og birtuskilyrðum og má þar nefna að eingöngu er notast við LED-perur í skrifstofurýminu með tilliti til endingar, ljósgæða, hagkvæmni og áhrifa á umhverfið. Sýn hf. styður starfsfólk til að stunda vistvænar samgöngur t.d. með því að veita samgöngustyrk sem fólk er duglegt að nýta sér, almenningssamgöngur eru mjög aðgengilegar frá Suðurlandsbrautinni. Einnig bjóðum við upp á hleðslustöðvar fyrir rafbíla, læsta hjólageymslu og framúrskarandi búningsaðstöðu.“

Sýn er í virku samstarfi við Vinnuvernd og hefur félagið þar greiðan aðgang að fagaðilum á sviði heilbrigðismála. „Einnig erum við í samstarfi við Kara Connect varðandi sérfræðiaðstoð fyrir starfsfólk. Það er ýmislegt á döfinni tengt þessum málaflokki og er félagið til dæmis að vinna að því að bjóða starfsfólki Sýnar upp á þjónustu t.d. sálfræðinga á vinnutíma eða jafnvel eftir að vinnutíma lýkur. Sýn hf. lauk nú í lok nóvember vottunarferli félagsins samkvæmt vinnuverndarstaðlinum ISO 45001 og er fyrst íslenskra fyrirtækja til að fá vottunina samkvæmt nýrri útgáfu staðalsins. Endurvottun fer nú fram árlega en sú fyrsta er ráðgerð í mars 2019.“

# Umhverfisvænni umbúðir hjá MS

**Kolefnisspor af umhverfisvænni fernum Mjólkursamsölunnar hefur minnkað um 66%. Plastdósir hafa vikið fyrir pappa og próteinduft í heilsuvörur er nú unnið úr ostamysu sem áður fór til spillis.**

Mjólkurfernur Mjólkursamsölunnar eru umhverfisvænstu umbúðir sem völ er á fyrir mjólk og með 66 prósent minna kolefnisspor en áður,“ segir Sunna Gunnars Marteinsdóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og fræðslumála hjá Mjólkursamsölunni (MS).

„Mjólkursamsalan var fyrst fyrirtækja sinnar tegundar til að nýta sér þennan vistvæna valmöguleika. Það munar um minna þegar fyrirtækið pakkar árlega mjólk í 25 milljónir mjólkurferna,“ upplýsir Sunna.

„Mikilvægt er að treysta á hringrás hráefna því fyrir okkur eru fernur efni í eitthvað annað og meira en rusl,“ segir Sunna. „Við viljum því gjarnan hvetja alla til að setja tómar fernur í endurvinnslu því þær geta áfram nýst sem efniviður í aðrar umbúðir.“



Sunna Gunnars Marteinsdóttir verkefnastjóri hjá MS. MYND/ANTON BRINK

> Ostamysa var ekki nýtt áður en nú framleiðum við úr henni prótein í heilsuvörur og á næstunni ættum við að sjá mysu verða að víni.
>
> Sunna Gunnars Marteinsdóttir

## Plastið út og pappinn inn

Á síðasta ári tók Mjólkursamsalan í notkun enn fleiri umhverfisvæna valkosti undir mjólkurafurðir sínar.

„Við hættum að nota plastdósir utan um drykki og færðum okkur alfarið yfir í pappafernur úr ábyrgri skógrækt. Auk þess fjarlægðum við plaströrin af G-mjólkinni,“ upplýsir Sunna og MS er hvergi hætt. „Við erum með athyglina á mögulegum breytingum sem þurfa að uppfylla kröfur, eru í takt við matvælaöryggi og vel prófaðar. Umbúðir eru þó ekki það eina sem MS þarf að horfa til í framleiðsluferlinu því það er einnig hægt að nýta hráefni betur og minnka með því sóun.“

## Mysa verður að víni

Til að nýta ostamysu betur var tekin ákvörðun af Mjólkursamsölunni og Kaupfélagi Skagfirðinga um að stofna Heilsuprótein á Sauðárkróki.

„Við framleiðslu á osti verða til 50 milljónir lítra af mysu á hverju ári. Mysan var ekki nýtt áður en nú framleiðum við úr henni prótein í heilsuvörur. Það gengur vel og á næstunni ættum við einnig að sjá mysuna verða að víni (etanóli). Það eru því framundan tækifæri til að nýta mysuáfengið í nýsköpun í framleiðslu innlendra áfengra drykkja. Eftir þessa vinnslu á mysunni í duft og etanól stendur aðeins hreint vatn eftir,“ upplýsir Sunna en hjá MS er verið að skoða enn frekari tækifæri til að nýta betur hráefni í framleiðslunni.

## Íslenskuátak á afmælisári

Mjólkursamsalan fagnar nú 25 ára afmæli samfélagsverkefnis sem landsmönnum er að góðu kunnugt.

„Það er verkefnið „Íslenskan er okkar mál“ sem hófst árið 1994 þegar Þórarinn Eldjárn orti ljóð sem hefst á orðunum „Á íslensku má alltaf finna svar“, sérstaklega fyrir Mjólkursamsöluna í tilefni samstarfs MS og Íslenskrar málnefndar,“ útskýrir Sunna en ljóð Þórarins var ort við þekkt lag Atla Heimis Sveinssonar.

„Stærsta og sýnilegasta verkefni fyrirtækisins í þessu átaki eru textar og ljóð utan á mjólkurfernum sem margir muna eftir að hafa lesið eða fylgst með börnum sínum lesa,“ segir Sunna og bætir við að í tilefni afmælisársins sé von á nýju og skemmtilegu íslenskuátaki.

### Um MS

Mjólkursamsalan varð til við hagræðingu í mjólkuriðnaðinum sem hófst skipulega um miðjan tíunda áratuginn þegar stjórnvöld ákváðu að lækka þyrfti kostnað við vinnslu á mjólk. Næsta áratuginn eftir hagræðinguna sameinaðist rúmur tugur félaga í mjólkuriðnaði í færri einingar. Elsta einingin í sameinuðu félagi er Mjólkursamlag KEA sem var stofnað fyrir rúmlega 90 árum, í september 1927, en Mjólkursamsalan er í eigu bænda um land allt og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2007.

Múlalundur | Vinnustofa SÍBS
Reykjalundur | 270 Mosfellsbær
mulalundur@mulalundur.is

Sími 562 8500
www.mulalundur.is

MÚLALUNDUR

# Fáðu góðar vörur á góðu verði

## og láttu gott af þér leiða - þá vinna allir!

**Þú pantar og við sendum til þín hvert á land sem er!**



Öflugt starfsfólk á bláum degi á Múlalundi




**Allt fyrir skrifstofuna**

Ritföng, pappír og skrifstofuvörur




**Möppur**

af öllum stærðum og gerðum




**Plastvasar og barmmerki**

Eins og henta þér best



**Klemmuspjöld og verkstæðismöppur**

Einföld, tvöföld, lítil, stór eða sérhæfð með vasa fyrir bíllykla

**Sendum frítt um allt land ef keypt er fyrir kr. 16.000 eða meira. Sendingargjald smærri pantana er kr. 2.150.**



**Fyrir hótel og veitingahús**

Matseðlar, hótelmöppur og lyklakippur fyrir gistiheimili og hótel



**Plöstun**

Plöstum bækur, pakka og margt fleira



**Handavinna**

Vantar þig að láta strika-merkja, pakka, plasta, brjóta, merkja eða annað?




**Sérframleitt eftir þínu höfði**

Komdu með hugmynd - við finnum lausnina saman!

**Kíktu á heimasíðu Múlalundar - mulalundur.is - Úrvalið kemur á óvart!**

# Sjálfbærni og samfélagsábyrgð snýst um kjarnastarfsemi

**Hlýnun jarðar og breytingar í loftslagi eru ógnanir sem fyrirtæki þurfa að bregðast við. Viktoría Valdimarsdóttir, forsvarsmaður Ábyrgra lausna, og Ágúst Angantýsson hjá KPMG eru sammála um að aukið gagnsæi og aðferðir í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun séu þar lykilatriði.**



Ágúst og Viktoría eru sammála um að aukið gagnsæi og aðferðir í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun séu lykilatriði. MYND/ANTON BRINK

Nú snýst þetta ekki lengur bara um siðferði og hugsjónir því að lagaumhverfið setur fyrirtækjum sífellt strangari skorður, t.d. með kröfum um ófjárhagslega upplýsingagjöf í ársreikningi og á fleiri sviðum,“ segir Viktoría. „Ungt fólk í dag velur í auknum mæli vörumerki með hreina virðiskeðju og hæft starfsfólk velur frekar að vinna fyrir ábyrg fyrirtæki sem hlúa sérstaklega að umhverfi og samfélagi,“ bætir hún við.

Ágúst tekur undir þetta og bendir á að aðgerðir sem gripið sé til núna skapi samkeppnisforskot eftir örfá ár. „Þetta er spurning um fjárfestingu en ekki kostnað. Þeir sem ekki bregðast við í tíma geta lent í meiriháttar áskorunum innan fárra ára þegar þeir komast ekki hjá því að fást við auknar lagalegar og siðferðislega kröfur til hliðar við allt annað,“ segir hann.

Aðspurður um umhverfismálin telur Ágúst að að sumu leyti hafi umræðan þroskast mikið á undanförnum árum. „Samhengið er svo miklu stærra en það hvort fyrirtæki noti prentarana sína aðeins minna eða flokki plast. Til að ná raunverulegum árangri verða þau að einblína á umhverfis- og samfélagsáhrif í kjarnastarfsemi sinni. Það leiðir til betri nýtingar á fjármunum, minni sóunar og dregur úr áhættu í rekstri.“

„Það sama á við um samfélagsábyrgð,“ segir Viktoría. „Sumir halda að hún snúist um að gefa sem mest til góðgerðarmála en við viljum meina að viðskipti og fjárfestingar sem stuðla að verðmætasköpun og góðu siðferði þar sem t.d. komið er í veg fyrir spillingu skipti auðvitað höfuðmáli.“ Þarna segist Ágúst vera algjörlega sammála. „Samfélagsábyrgð á að sjálfsögðu að tengjast kjarnastarfsemi fyrirtækjanna og helst vera órjúfanlegur hluti hennar,“ segir hann.

„Við sjáum öra þróun í málaflokknum og mörg fyrirtæki sinna þessu málefni af miklum metnaði. Mörg önnur eru öll af vilja gerð en vantar e.t.v. sérfræðiþekkingu til að komast af stað.“ segir Ágúst. „Nýlegt dæmi um jákvæða þróun er útgáfa grænna skuldabréfa sem gefa fagfjárfestum tækifæri til þess að uppfylla kröfur sem þeir hafa undirgengist um ábyrgar fjárfestingar.“

> **Samfélagsábyrgð á að sjálfsögðu að tengjast kjarnastarfsemi fyrirtækjanna og helst vera órjúfanlegur hluti hennar**
>
> **Ágúst Angantýsson**

Aðspurð um fyrstu skref fyrirtækja í átt að sjálfbærni þá segja þau bæði að þar geti verið um talsverðan frumskóg að ræða. „Aðferðir geta tengst heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, ESG-viðmiðum, GRI o.fl. en mikilvægt er að greina lykilþætti í starfseminni og sinna þeim vel frekar en færast of mikið í fang,“ segir Viktoría. „Vel rekin fyrirtæki með skýra stefnu þekkja auðvitað sín markmið og sitt viðskiptalíkan best en við búum yfir haldgóðum upplýsingum um hvaða lykilstærðir henta mismunandi starfsemi og aðstoðum gjarnan við innleiðingu.“ Aðkoma Ábyrgra lausna og KPMG að slíkum verkefnum spannar vítt svið, allt frá stefnumótun og undirbúningi, innleiðingu og þjálfun, yfir í staðfestingarvinnu af fjölbreyttu tagi. Ágúst og Viktoría státa af þekkingu og reynslu á þessu sviði auk sterkra alþjóðlegra tengsla og hvetja alla sem vilja kanna þessa vegferð að hafa samband við fyrsta tækifæri.

Sjálfbær þróun í þinni kjarnastarfsemi

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Angantýsson
í síma 545 6029 og aangantysson@kpmg.is

KPMG





„Við reynum að ganga á undan með góðu fordæmi þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Okkur finnst mjög mikilvægt að vera góð fyrirmynd fyrir nemendur okkar," segir Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og gæða hjá HR. MYND/ERNIR

# Háskólinn í Reykjavík leggur áherslu á að vera góð fyrirmynd

Háskólinn í Reykjavík leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og hóf nýlega þátttöku í átaki Sameinuðu þjóðanna um menntun ábyrgra framtíðarleiðtoga.

Samfélagsleg ábyrgð hefur alla tíð skipt Háskólann í Reykjavík (HR) miklu máli. Við höfum staðið fyrir og tekið þátt í mörgum mikilvægum samfélagsverkefnum og leggjum áherslu á að virkja nemendur háskólans til að láta gott af sér leiða með ýmsum hætti," segir Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og gæða hjá HR. „Við reynum að ganga á undan með góðu fordæmi þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Okkur finnst mjög mikilvægt að vera góð fyrirmynd fyrir nemendur okkar enda erum við með fullt hús af ungu fólki sem er á leið út í atvinnulífið og við vonum að það taki sitthvað mikilvægt með sér úr HR, annað en bara prófgráðuna."

Hún segir ganga vel að virkja bæði starfsmenn og nemendur. „Það er reynsla okkar að nemendur séu meðvitaðri um til dæmis umhverfismál en við sem eldri erum. Í HR er líka einstakur hópur starfsmanna sem er tilbúinn til að vinna að verkefnum sem snúa að því að bæta samfélag okkar." Sem dæmi um mikilvæga þætti í samfélagslegri ábyrgð HR nefnir hún sérstaklega vinnu við jafnlaunavottun, átakið Stelpur og tækni, áherslu á samfélagsábyrgð í námskeiðum á borð við Nýsköpun og stofnun fyrirtækja og inngangsnámskeið í verkfræði og tæknifræði, samstarf við AIESEC stúdentasamtökin um Framadaga og geðheilbrigðisviku náms- og starfsráðgjafar.

### Fjarlægðu öll plastmál

Um þessar mundir vinna starfsmenn og nemendur að ýmsum samfélagslegum verkefnum, að sögn Sigríðar. „Við höfum ásamt fleiri stofnunum og fyrirtækjum hér í borg skrifað undir samning við Reykjavíkurborg um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í kjölfarið settum við saman umhverfishóp sem hefur verið starfandi síðan 2016. Ætli það hafi ekki um 30-40 manns gefið kost á sér, en fljótlega varð til kjarni sem hefur síðan unnið að ýmsum umbótaverkefnum innan HR."

Meðal verkefna hópsins má nefna átak í að draga úr plastnotkun, til dæmis með því að fjarlægja plastmál við allar vatns- og kaffivélar. „Þetta var töluvert átak því hér eru um 300 starfsmenn og nær 4.000 nemendur sem þurftu þá að venja sig á að koma með vatnsflöskur eða kaffimál að heiman. Við þurftum líka að gera ýmsar breytingar í kjölfarið, til dæmis að fjárfesta í nægu magni af bollum og glösum, fjölga uppþvottavélum og starfsfólki." Umhverfishópurinn hefur einnig beitt sér fyrir að sorpflokkunarmál væru tekin föstum tökum. „Við höfum sett upp betri merkingar og leiðbeiningar og hvatt til aukinnar flokkunar innan skólans. Við fjarlægðum ruslafötur af öllum skrifstofum, notum eingöngu flokkunartunnur og fjölguðum stöðum þar sem við erum með tunnur fyrir lífrænt sorp."

### Tólf hleðslustæði til afnota

HR hefur mótað sér samgöngustefnu og hefur síðan 2016 boðið samgöngustyrki til starfsmanna sem nýta sér umhverfisvænar leiðir til að komast til og frá vinnu.




**Fyrsta árs nemar í tæknifræði og verkfræði við Háskólann í Reykjavík unnu í lok haustannar 2018 að því að útfæra ýmis atriði í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.** MYND/HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

## PRME-markmiðin sem HR vinnur eftir

1. Við munum leitast við að mennta nemendur okkar með það að leiðarljósi að þeir verði leiðandi í uppbyggingu á sjálfbærni í viðskiptum ásamt því að þeir geti unnið að heildrænum og sjálfbærum lausnum á vandamálum framtíðarinnar.

2. Við munum leitast við að samtvinna hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og samfélagsábyrgðar við gerð námsskrár, námsefnis og í kennslufræðum skólans.

3. Við munum bjóða upp á námsefni, kennsluaðferðir og aðstæður sem gera nemendum kleift að efla færni og skilning á því hvað það er að vera ábyrgur stjórnandi.

4. Við munum leggja áherslu á að stunda rannsóknir sem auka skilning á bæði hlutverki sem og mögulegum áhrifum fyrirtækja og stofnana á þróun samfélags, umhverfis og efnahagslegra gilda.

5. Við munum auka samskipti og samstarf við stjórnendur fyrirtækja í þeim tilgangi að auka skilning okkar á þeim samfélagslegu og umhverfislegu áskorunum sem þau standa frammi fyrir ásamt því að þróa með þeim árangursríkar leiðir til að takast á við þessar áskoranir.

6. Við munum standa fyrir og styðja við gagnrýna umræðu á meðal kennara, nemenda, fyrirtækja, stofnana, stjórnvalda, fjölmiðla og annarra áhugasamra aðila í samfélaginu um mikilvæg málefni tengd sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

Styrkirnir hækkuðu á þessu ári auk þess sem HR var fyrsta fyrirtækið hér á landi til að bjóða starfsmönnum upp á þjónustu deilibílaþjónustunnar Zipcar á Íslandi. „Nýlega settum við upp rafmagnshleðslustöðvar við tólf bílastæði þar sem við bjóðum nemendum og starfsmönnum fría tveggja klukkustunda hleðslu. Í sumar ætlum við svo að byggja langþráð hjólaskýli á lóð háskólans og tryggja þannig nemendum HR betri aðstöðu fyrir reiðhjól."

### Ábyrgir framtíðarleiðtogar

Síðast en ekki síst er HR, ásamt um það bil 650 háskólum um allan heim, þátttakandi í PRME (Principles for Responsible Management Education) verkefni Sameinuðu þjóðanna, sem er hluti af Global Compact-átakinu. „Viðskiptadeild reið á vaðið árið 2013 og innleiddi PRME-markmiðin sex í viðskiptadeild. Markmiðin fela í sér að háskólinn skuldbindur sig til að mennta og þjálfa framtíðarleiðtoga sem hafa samfélagsábyrgð að leiðarljósi í ákvarðanatöku sinni."

HR hefur gefið út tvær framvinduskýrslur í tengslum við PRME, aðra árið 2014 og hina árið 2016, en báðar hlutu þær verðlaun fyrir framúrskarandi framgangsskýrslu á fundi PRME-samráðsvettvangsins í New York. Árið 2017 ákváðu stjórnendur HR að innleiða PRME-markmiðin þvert á deildir háskólans. „Þá var horft til þess að ábyrg stjórnun snertir ekki bara þá sem mennta sig í viðskiptafræði og tengdum greinum því framtíðarleiðtogar koma úr öllum fögum og fræðigreinum."

Hún segir verkefnið gríðarstórt og háskólinn hafi því ráðið verkefnastjóra sem leiðir innleiðingu á PRME í öllum deildum háskólans og heldur utan um og mælir þann árangur sem hefur náðst, sem er ekki síður mikilvægt. „Við erum núna á lokametrunum með þriðju framvinduskýrslu PRME og þá fyrstu sem nær yfir allar akademískar deildir HR, Opna háskólann og Háskólagrunn HR."

# Knattspyrnutreyjur úr plasti

**Stórliðin Manchester United, Juventus, Real Madrid og Bayern München eru meðal þeirra liða sem spila í treyjum sem gerðar eru úr endurunnu plasti sem finnst í hafinu.**

Það verður seint sagt að vistspor knattspyrnuliða sé mjög lítið. En mörg hver eru allavega að reyna að minnka við sig og bera samfélagslega ábyrgð. Stórlið á borð við Juventus, Bayern München, Manchester United og Real Madrid eru meðal liða sem spila í treyjum sem gerðar eru úr endurunnu plasti sem finnst í hafinu við Maldíveyjar. Real Madrid og Bayern prenta svo merki sín á þessar treyjur með umhverfisvænum hætti.




Stefnan hjá Adidas er að geta gert **milljón skó á ári** úr endurvinnanlegu plasti og setja þannig sitt mark á hreinsun hafsins – sem eins og flestir vita er orðið fullt af plasti.

Treyjurnar kosta **65 pund** hjá Real og Bayern en í staðinn fyrir að renna í vasa leikmanna fer ágóðinn af þessum treyjum í góð málefni.




Öll liðin spila í Adidas en þýski risinn hefur unnið með samtökunum Parley for the Oceans síðan 2015 og gerði skóna **Adidas x Parley** úr netum sem fundust við eyjarnar.




SAMHELDNI · METNAÐUR · NÝSKÖPUN

Í samstarfi við viðskiptavini okkar erum við að umbylta matvælaframleiðslu. Við sjáum fyrir okkur framtíð þar sem gæðafæða er framleidd á sjálfbæran hátt og er hagkvæm fyrir fólk.

marel

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA FRÁ ÁRINU 2000
UMHVERFISMERKI 141 381

- Leiðandi prentfyrirtæki í umhverfismálum
- Elsti svansleyfishafi landsins

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Fleiri telja loftslagsbreytingar vera af mannavöldum

Samkvæmt nýrri bandarískri rannsókn fjölgar þeim sem telja að loftslagsbreytingar séu af mannavöldum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið þykja sýna að enginn vafi sé lengur á orsökum þessara breytinga en niðurstöður birtust í tímaritinu Nature Climate Change.

Dr. Benjamin Santer, vísindamaður sem starfar hjá Lawrence Livermore National Laboratory í Kaliforníu, hefur rannsakað loftslagsbreytingar í áratugi og sent frá sér skýrslur um áhrif þeirra. Flóknar rannsóknir hans með hjálp gervihnatta sýna svo ekki verður um villst að loftslagsbreytingar eru af mannavöldum. Rannsóknin er trúverðug og sérfræðingar segja að ekki sé hægt að hunsa niðurstöðuna. „Hitastig í heiminum hefur farið ört hækkandi undanfarin 40 ár. Vonandi verða þessar niðurstöður til að hvetja enn frekar til aðgerða gegn loftslagsbreytingum,“ segir Benjamin.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur verið helsti efasemdamaður um loftslagsbreytingar af mannavöldum en Bandaríkin drógu sig út úr Parísarsamkomulaginu 1. júní 2017 og mun það taka gildi 4. nóvember 2020. Markmið samkomulagsins er að stöðva aukningu í útblæstri gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og ná að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C. Samkomulagið gerir ráð fyrir að aðildarríki meti stöðu sína á 5 ára fresti. Fyrsta matið á að fara fram árið 2023.

Vísindamenn segja að brennsla jarðefnaeldsneytis valdi auknum flóðum, þurrkum, hitabylgjum og hækkandi sjávarmáli ef ekkert verður að gert. Stefnt er að því að skipta yfir í hreina orku, til dæmis með vind- og sólarorku. Í könnun sem gerð var á síðasta ári sögðust 62% Bandaríkjamanna trúa að loftslagsbreytingar væru af mannavöldum. Þeir voru 47% árið 2013. Þeir eru enn til sem telja að loftslagsbreytingar séu vegna náttúrulegra þátta en þeim fer fækkandi. Síðustu fjögur ár hafa verið þau heitustu á jörðinni frá því skráningar hófust á nítjándu öld.

Um 83% Íslendinga hafa áhyggjur af hlýnun jarðar og um 60% hugsa mikið um hvað hægt sé að gera til að draga úr áhrifum sínum á loftslagið, samkvæmt könnun sem Gallup gerði hér á landi. Á tólf mánuðum hefur orðið veruleg vitundarvakning meðal Íslendinga. Þetta var meðal þess sem fram kom á umhverfisráðstefnu Gallup sem haldin var í Hörpu þann 18. janúar. Í ljós kom greinilegur vilji til að gera betur í til dæmis flokkunarmálum. Flestir Íslendingar ætla sér að ná enn betri árangri í þeim efnum og var endurvinnslumálum raðað í fyrsta sæti í verkefnum sveitarfélaga, að því er kom fram á ráðstefnunni.



Miklar breytingar hafa þegar átt sér stað á ýmsum stöðum í heiminum vegna loftslagsbreytinga. Sem betur fer er fólk farið að átta sig á umhverfisáhrifun og nýjar kannanir sýna fjölgun þeirra sem vilja taka sig á.

**» Í könnun sem gerð var á síðasta ári sögðust 62% Bandaríkjamanna trúa að loftslagsbreytingar væru af mannavöldum.**



Mannverk hefur á teikniborðinu fleiri vistvænar byggingar sem munu rísa á næstu árum.

# Umhverfisvænni byggingariðnaður

Visthúsið að Brekkugötu 2 í Garðabæ var vottað með norræna umverfismerkinu Svaninum en framkvæmd og byggingarstjórn var í höndum Mannverks.

Mannverk hefur frá stofnun haft þá sýn að gera byggingariðnaðinn umhverfisvænni. Það var því mikill heiður fyrir Mannverk þegar Umhverfisstofnun veitti fyrirtækinu vottun norræna umhverfismerkisins Svansins fyrir byggingu visthússins að Brekkugötu í Urriðaholti árið 2017. Um tímamót var að ræða því húsið er fyrsta umhverfisvottaða húsið á Íslandi og sem leyfishafi á Svansvottuðu húsi hefur Mannverk skapað sér sérstöðu sem byggingaraðili vistvænna húsa.

**» Við erum stolt af því að hafa rutt brautina fyrir byggingu fleiri vistvænna húsa hér á landi.**

**Ragnhildur Helgadóttir**

Í bygginguna voru notuð þekkt byggingarefni á Íslandi eins og steypa, steinull og blanda af álklæðningu og timbri. Leitast var við að halda orkunotkun í lágmarki og nota byggingarefni sem hefur ekki verið meðhöndlað með efnum sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, valda stökkbreytingum eða hafa áhrif á frjósemi. Allt timbur í húsinu er rekjanlegt og að lágmarki 70% hluti timburs kemur úr vottaðri skógrækt.

„Markmið með byggingunni var að efla vitund um mikilvægi umhverfismála í byggingariðnaði á Íslandi og voru húsaviðmið Svansins löguð að íslenskum aðstæðum. Leitað var nýrra leiða og eru nýjungar í húsinu það miklar að þær skipta máli varðandi umhverfismál en þó ekki svo stórar að byggingariðnaðurinn treysti sér ekki til að taka þessi skref. Við erum stolt af því að hafa rutt brautina fyrir byggingu fleiri vistvænna húsa hér á landi,“ segir Ragnhildur Helgadóttir gæðastjóri hjá Mannverki.



Um tímamót var að ræða þar sem húsið var fyrsta íbúðarhúsið á Íslandi sem fær viðurkennda umhverfisvottun.



Eigendur hússins völdu lóð í Urriðaholti en hverfið er það eina hér á landi með Breeam-umhverfisvottun fyrir deiliskipulag sem unnið hefur verið frá grunni með sjálfbæra þróun og virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

# Minnka vistspor fyrirtækja á snjallan hátt

Klappir er hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar og selur snjallar umhverfislausnir sem gera viðskiptavinum þess kleift að minnka úrgang, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja lögfylgni við umhverfislöggjöf.



Sigrún Hildur Jónsdóttir er einn af stofnendum Klappa. Hún segir að það sé hagkvæm ákvörðun hjá fyrirtækjum að huga betur að umhverfinu. MYND/STEFÁN

Skemmtileg aukaafurð sem við höfum tekið eftir hjá viðskiptavinum okkar er að rekstrarkostnaður fyrirtækja á það til að dragast saman þegar þau fara að rýna í umhverfismál og nýting hráefna verður oft mun betri," segir Sigrún Hildur Jónsdóttir, einn af stofnendum Klappa. „Það reynist því vera hagkvæm ákvörðun að huga betur að umhverfinu."

Klappir þjónusta nú yfir 200 viðskiptavini á Íslandi og hefur fyrirtækið hafið starfsemi í Litháen og Bretlandi. „Umhverfisstjórinn hefur verið vinsælasta varan okkar hérlendis en hann safnar upplýsingum um þá þætti í rekstri fyrirtækja sem hafa áhrif á umhverfisspor þeirra. Þetta er t.d. eldsneytis- og rafmagnsnotkun, hiti eða heitt vatn og úrgangsmyndun. Við horfum líka í þætti eins og flugferðir og prentmál fyrirtækja og annað sem er tilfallandi fyrir mismunandi iðnað," segir Sigrún.

Gögnum frá starfsemi fyrirtækja er streymt rafrænt til Klappa þar sem unnið er úr þeim og þau greind. Viðskiptavinurinn fær svo heildstæða mynd af umhverfismálunum hjá sér sem byggist á þessum upplýsingum. „Með því að safna upplýsingum stöðugt, frekar en eingöngu rétt fyrir árlegt uppgjör, er hægt að taka upplýstar ákvarðanir á hverjum tíma fyrir sig með hliðsjón af þessum rauntímaupplýsingum. Þannig er einfalt að setja sér markmið og fylgjast með framvindunni jafnóðum. Ef ólíklegt virðist að markmiðin náist þarf eflaust eitthvað að skoða málin og mögulega grípa til hertari aðgerða," segir Sigrún.

Þannig auðvelda Klappir viðskiptavinum sínum að lágmarka vistspor sitt og gera allt umhverfisuppgjör öruggt, gagnsætt og skilvirkt. „Hugbúnaðurinn okkar veitir líka viðskiptavinum okkar þann möguleika að miðla áfram upplýsingum um árangur í umhverfismálum og eins er opinberum aðilum gert mögulegt að fylgjast með árangri af aðgerðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar."

Hugvitið á bak við hugbúnaðinn sækir í áratugalanga reynslu og sérþekkingu stofnenda og starfsmanna í umhverfisstjórnun og þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu.

**» Í dag kalla neytendur einfaldlega eftir því að fyrirtæki sýni fram á að þau leggi sitt af mörkum í umhverfis- og samfélagsmálum.**

Sigrún segir að í teymi Klappa sé að finna fólk á öllum aldri með sérþekkingu á sviði verkfræði, hugbúnaðargerðar, lögfræði, umhverfismála og stjórnsýslu. „Viðskiptavinir Klappa eru fyrirtæki á nær öllum sviðum atvinnulífsins og einnig sveitarfélög og stjórnvöld á ýmsum stigum stjórnsýslu."

## Einfaldar vinnuna

Lausnir Klappa miða allar að því að einfalda vinnu við samantekt á gögnum um umhverfis- og samfélagsmál viðskiptavinanna. „Hingað til hefur farið mikill tími bara í að tína saman þau gögn sem stendur til að birta því þau eru dreifð og liggja víða. Síðan þarf að reikna út kolefnissporið og þetta ferli er mjög tímafrekt og útheimtir mikla vinnu. Ofan á það bætist síðan vinnan í kringum t.d. samfélagsþætti og stjórnarhætti þess fyrirtækis sem unnið er með en leiðbeiningar eru þá oft ansi flóknar," segir Sigrún og bætir því við að hugbúnaður Klappa einfaldi alla þessa vinnu. „Það sem skiptir líka miklu máli og er kannski svolítið vanmetið í allri þessari umræðu er að fyrirtæki og stofnanir tali og geri uppgjör út frá sömu forsendum þannig við séum í raun og veru að bera saman sömu þætti. Allir viðskiptavinir okkar eru á sama ferðalagi og vinna umhverfis- og samfélagsuppgjörin sín á sama hátt. Þannig verða þeir læsir á umhverfis- og samfélagsskýrslur hver annars og geta treyst því að gengið sé út frá sömu forsendum við uppgjör og annað slíkt."

Aðspurð segir Sigrún að Klappir leggi mikið upp úr því að vera kolefnishlutlaus. Margir starfsmenn búi í grennd við Austurstræti þar sem fyrirtækið er staðsett. „Úrgangurinn er helsti hausverkurinn hjá okkur því flokkunartunnum er, líkt og svo víða, ábótavant í húsnæðinu. Þetta er svona verkefni sem við erum að vinna í góðu samstarfi við leigusalann okkar," segir Sigrún og brosir.

## Sívaxandi áhugi

Sigrún bendir á að með auknum áhuga almennings á umhverfis- og samfélagsmálum hafi athygli fyrirtækja beinst enn frekar að þessum þáttum. „Einstaklingar mynda auðvitað fyrirtækin og með auknum áhuga þeirra á málefninu aukast líkurnar á því að fyrirtækin færi sig í þessa átt. Þess utan starfa fyrirtæki í samfélagi og þurfa að svara kalli neytenda. Í dag kalla neytendur einfaldlega eftir því að fyrirtæki sýni fram á að þau leggi sitt af mörkum í umhverfis- og samfélagsmálum og að upplýsingar um þessi mál séu aðgengilegar og rekjanlegar. Að það sé ekki hægt að segjast vera að gera hitt og þetta án þess að slíkar fullyrðingar styðjist við raunveruleg gögn. Það er þessi rekjanleiki sem skiptir svo miklu máli og þar komum við til skjalanna og getum lagt fyrirtækjum lið."

„Við leggjum mikið upp úr því að vera viðskiptavinum okkar innan handar og veita þeim góða þjónustu og oft myndast mjög góður vinskapur með okkur," segir Sigrún. „Við höfum tekið eftir því að þeim fyrirtækjum vegnar best sem fylgjast markvisst með umhverfis- og samfélagsmálum innanhúss í stað þess að taka stöðutékk annað slagið. Þeir sem ná teljanlegum árangri í umhverfismálum eru þeir sem hafa mikinn og einlægan áhuga á málefninu og hafa ekki misst trú á því að aðgerðir þeirra skipti máli. Síðan hjálpar að skipa sérstakan umhverfishóp innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar og láta hann leiða starfið og fylgjast með stöðu mála."



Dagleg starfsemi Klappa fer fram í Austurstrætinu í miðborg Reykjavíkur.



Klappir þjónusta yfir 200 viðskiptavini á Íslandi, meðal annars útgerðir.


20-50%
afsláttur af ÖLLUM VÖRUM!
Dagana 7-11.mars
TILBOÐS-DAGAR!
Kringlan | Glerártorg | www.zikzakverslun.is
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.992
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 4.792
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 4.792
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 3.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
TÚNIKA,
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. 38-52
TÚNIKA,
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. 38-52
KJÓLL
ÁÐUR 3.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 4.792
st. S-XXXL
SKYRTA
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.490
st. S-XXXL
BUXUR
ÁÐUR 10.990
NÚ 8.792
st. 42-56
BUXUR
ÁÐUR 11.990
NÚ 9.592
st. 36-48
BUXUR
ÁÐUR 8.990
NÚ 7.192
st. 38-48
BUXUR
ÁÐUR 8.990
NÚ 7.192
st. 34-48
Shape buxurnar veita einstaklega gott aðhalda, þær búa yfir sérstökum stuðningi og móta rass, læri og maga
ZE·ZE Nordic
Skoðaðu úrvalið og pantaðu á
ZIKZAKVERSLUN.IS
www.zikzakverslun.is
Tískuhús Zik Zak
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Konur sem klifra

**Íslenski Alpaklúbburinn, ÍSALP, stendur fyrir kvikmyndahátíðinni No Man's Land í Háskólabíói á alþjóðadegi kvenna 8. mars. Myndirnar á hátíðinni fjalla allar um konur sem stunda fjallamennsku.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Þetta er í fyrsta sinn sem kvikmyndahátíðin No Man's Land er haldin hér á landi en hún er upprunnin í Bandaríkjunum og hefur verið haldin víða þar í landi og Kanada síðustu ár," segir Jónas G. Sigurðsson, formaður ÍSALP. Félagið fékk skilaboð fyrir nokkrum mánuðum frá forsvarskonum hátíðarinnar sem buðu því að taka þátt. „Okkur þótti hugmyndin skemmtileg og tilvalið að sýna myndirnar á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars."

Myndirnar á hátíðinni eru allt stuttmyndir, fimm til tíu mínútna langar, og fjalla um konur í útivist. „Hægt var að velja mismunandi prógrömm en við völdum að leggja áherslu á klifur enda er það okkar sérhæfing," segir Jónas en hátíðin fer fram í Háskólabíói og er jafn löng og ein bíósýning. Umfjöllunarefni myndanna eru fjölbreytt, klettaklifur, ísklifur og fjallamennska. Allar myndirnar eiga það hins vegar sameiginlegt að þær fjalla um konur og margar þeirra eru líka framleiddar af konum.

Jónas nefnir nokkrar myndir sem þykja sérstaklega eftirtektarverðar.

„Ein athyglisverðasta myndin á hátíðinni fjallar um Döwu Yangzum sem er Sherpakona af fátækum ættum og ólst upp í þorpi í Himalajafjöllum án rafmagns og rennandi vatns. Sherpakonur eru ekki hvattar til að klifa fjöll en Dawa vissi í hjarta sínu að hún myndi einn daginn standa á toppi Everest. Tuttugu og eins árs náði hún því markmiði og tókst þá á við nýja áskorun, að verða fyrsta nepalska konan til að klára hæsta stig fjallaleiðsagnar IFMGA. Meira en fimm ár tekur að klára réttindin og kostnaðurinn er mjög hár, eða um 3,5 milljónir króna. Það var því mikið afrek fyrir Döwu að ná þessum áfanga en aðeins 1,5% af 6.937 IFMGA-leiðsögumönnum heimsins eru kvenmenn."

Myndin Superior Ice fjallar um ísklifurkonuna Angelu VanWiemeersch sem þykir ein sú besta í heimi. Hún leggur í ferðalag að Superior-vatni á landamærum Kanada og Bandaríkjanna og fær til liðs við sig klettaklifurstórstjörnuna Söshu DiGiulian og saman klifra þær brattan ís.

Golden Gate fylgir eftir klettaklifurkonunni Emily Harrington sem klifrar Golden Gate-leiðina upp El Capitan í Yosemite-þjóðgarðinum.

Slaydies fjallar um ferðalag Margo Hayes, Emily Harrington og Paige Claassen til Mallorca haustið 2017. Þar áttu þær góðar stundir saman milli þess sem þær stunduðu svokallað deep water solo klifur en það einkennist af því að eina öryggi klifraranna er djúpur sjórinn við rætur klettaveggjanna.



> **Okkur þótti hugmyndin skemmtileg og tilvalið að sýna myndirnar á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars. Við völdum að leggja áherslu á klifur enda er það okkar sérhæfing.**
>
> **Jónas G. Sigurðsson, formaður ÍSALP.**



**Dawa Yangzum er fyrsta nepalska konan sem klárar hæsta stig fjallaleiðsagnar IFMGA.**



**Úr myndinni Superior Ice. Hér sést klettaklifurkonan Sasha DiGiulian í bröttu ísklifri. Myndin fjallar um Söshu og hina einstöku Angelu VanWiemeersch.**

Miðasala á hátíðina fer fram á tix.is.






# SPORT 24

## Íþróttavöruverslun




## 20% afsláttur af nýjum vörum

**Öll helstu merkin á einum stað**

adidas · NIKE · ENDURANCE ATHLECIA · hummel · PUMA

**Opnunartími**
Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook

# Tíska í anda Davids Lynch



Andi gömlu Hollywood eins og hann birtist fólki í kvikmyndinni Mulholland Drive eftir David Lynch sveif yfir vötnum á tískusýningu Paco Rabanne í París nýverið.

Julien Dossena, listrænn stjórnandi tískuhússins Paco Rabanne, fékk innblástur frá kvikmyndum leikstjórans sérstaka Davids Lynch þegar hann hannaði haust- og vetrarlínuna. Línan var sýnd á tískuvikunni í París nýverið en sýningin var innrömmuð af stórum ljósakrónum sem raunar endurspegluðust einnig í mörgum aukahlutum á sýningunni, eins og glitrandi eyrnalokkum sem minntu á kristalsljósakrónur og glimrandi veski.

Glamúr gömlu Hollywood var Dossena hugleikinn í hönnun sinni, sér í lagi var kvikmyndin Mulholland Drive og klæðnaður leikaranna þar fyrirmynd að mörgu því sem sjá mátti á tískupöllunum.





Glæsilegir kjólar í Hollywood-stíl, fallega skreyttir. NORDICPHOTOS/GETTY





Taifun vorlínurnar komnar




Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Smáauglýsingar



## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

**RÁÐGJÖF.**
Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.
**Hafðu samb. í 8211000**
**Guðlaugur eða**
**laugim66@gmail.com**

**Kynntu þér málið.**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STIGA



**ST 5266 PB snjóblásari**
B&S mótor, 250cc, rafstart
Kastar 1-12 metra
Vinnubreidd 66 cm.
Upphituð handföng og ljós
Frábær í erfiðan snjómokstur

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



**PRENTSMIÐJA-NOTUÐ TÆKI TIL SÖLU**
Prentari prentar 160cm breitt. 2 st plotterar. Tölva með forritum. Kjörið fyrir áhugasama. Prentar á bíla flögg, boli og fleira. Tilboð. S: 772-0040

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herbergi til leigu í Stórholti Reykjavík. Uppl. í s. 899 3749/ 895 8698

### Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði eða heildsala 90 fm við Bíldshöfða Rvk. Til leigu- langtímaleiga. Uppl. S:893-9777

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**JÁRNABINDINGAR / IRON JOB**
Vantar vana járnamenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 og jarnaverk@internet.is



Náðu meiri árangri í samningaviðræðum
Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR
hagvangur.is

### Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 11 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góð þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**

### Námskeið

**Stangveiðimenn/konur athugið**

Námskeið í fluguköstum hefst sunnudaginn 10. mars í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, kl. 20:00.
**Kennt verður 10, 17, 24 og 31. mars.**
Námskeiðin eru þessir fjórir sunnudagar.
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu.
Tökum greiðslukort.
Mætið tímanlega, munið eftir inniskóm.
**Verð 18.000 kr en 16.000 kr til félagsmanna.**
**Uppl. í s. 894 2865 Gísli . KKR, SVFR & SVH**

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

**Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 18. mars til 27. apríl 2019.**
Skráning og nánari upplýsingar í símum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:

https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/
https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatanamskeid/



**VW Passat Alltrack**
Nýskráður 12/2015, ekinn 108 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**kr. 3.490.000**
Afborgun kr. 45.356 á mánuði*



**Toyota Yaris Hybrid**
Nýskráður 3/2017, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**kr. 2.390.000**
Afborgun kr. 31.111 á mánuði*



**Toyota Avensis**
Nýskráður 5/2017, ekinn 43 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**kr. 2.990.000**
Afborgun kr. 38.881 á mánuði*



**Skoda Octavia Combi 4x4**
Nýskráður 6/2015, ekinn 76 þús.km., dísel, beinskiptur.
**kr. 2.390.000**
Afborgun kr. 31.111 á mánuði*



**KIA Ceed Lx**
Nýskráður 3/2017, ekinn 58 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**kr. 2.390.000**
Afborgun kr. 31.111 á mánuði*

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Fasteignir



# Hagamelur 33
107 Reykjavík



**OPIÐ HÚS**
fimmtudaginn 7. mars kl. 17:00 – 17:30

**Laus strax - Sér inngangur !**



Falleg og mikið endurnýjuð
81,0 fermetra 3ja herbergja íbúð
með sér inngangi í fallegu húsi
á þessum vinsæla stað
í Vesturbæ Reykjavíkur
Aukin lofthæð er í íbúðinni



Nánari upplýsingar veitir:
**Páll Þórólfsson** lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929

Verð :
**41,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# VILT ÞÚ EIGNAST EITT AF FALLEGRI HÚSUM EYJAFJARÐAR?

OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 9. MARS KL. 15.00-16.00

ÁRGERÐI , 621 Dalvík. Afar reisulegt og fallegt íbúðarhús sem stendur við bakka Svarfaðardalsár, útsýni er einstakt úr húsinu til allra átta. Húsið býður upp á margs konar nýtingarmöguleika, mörg herbergi, stórar stofur og eldhús.

*Eignin er um 350m2, þar af er bílskúr um 50m2.*




**FASTEIGNASALA AKUREYRAR**
Skipagötu 1 · 600 Akureyri · Sími 460 5151 · fastak.is

## Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_
capacent.is



## Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is
ráðum ráðningarstofa

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**EYJALIND Varahlutir í VOLVO**
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir



**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt

**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g




**129** kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**




Miðlærissneiðar **ÍSLENSKT** Lambakjöt

**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lærissneiðar**
1. flokkur, kryddaðar

**ÍSLENSKT** Lambakjöt




**ÍSLENSKT** Grísakjöt






**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Kryddaðar

**598** kr. kg

**Stjörnugrís Grísabógur**
Ferskur, af nýslátruðu

**1.398** kr. kg

**SS Lambalæri**
Krydduð, haustslátrun 2018

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

500 ml




98
kr. 500 ml

**Kristall Límónu- og Jarðarberjabragð**, 500 ml

1 lítri




129
kr. 1 l

**Coca Cola**, 1 l
**Coca Cola Zero**, 1 l

4 X 330 ml
Takmarkað magn




198
kr. 4x330ml

**Sprite Zero**
4 x 330 ml

# SAMA VERÐ
## UM LAND ALLT




1.398
kr. kg

**Brauðostur**
26%

500g




898
kr. 500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Kaldir eldar

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Hvert skyldi mega rekja upphaf spillingar í stjórnmálum og viðskiptum á Íslandi? – spillingar sem varla getur dulizt nokkrum manni lengur og er nú fastur liður í helztu heimildum um spillingu á heimsvísu svo sem Gallup og Transparency International.

Það er segin saga að spilling og vantraust eru nánast eins og tvær hliðar á sömu mynt. Gallup greindi nýlega frá því að næstum fimm af hverjum sex Íslendingum vantreysta Alþingi og fjórir af hverjum fimm vantreysta viðskiptabönkunum. Nærtæk skýring á megnu vantrausti í garð Alþingis er spilling stjórnmálanna og margar birtingarmyndir hennar. Spilling grefur undan trausti.

**Einkavæðingin? Kvótakerfið?**

Menn leita mislangt aftur í tímann að upphafinu.

Sumir kunna að telja ófögnuðinn hafa byrjað með einkavæðingu bankanna 1998-2003 sem var svo illa og óheiðarlega ef ekki beinlínis glæpsamlega útfærð að hún leiddi lóðbeint til hruns fjármálakerfisins fáeinum árum síðar með hörmulegum afleiðingum fyrir mikinn fjölda fólks innan lands og utan. Alþingi samþykkti en lét þó hjá líða að rannsaka hvort lög voru brotin við einkavæðingu bankanna.

Flestir hljóta samt að geta fallizt á að einkavæðing bankanna var ekki bara uppspretta nýrrar spillingar heldur einnig afleiðing eldri spillingar sem hafði brotizt upp á yfirborðið 15-20 árum fyrr. Það var þegar Alþingi ákvað gegn ítrekuðum aðvörunum að afhenda útvegsmönnum ókeypis aðgang að fiskinum í sjónum sem hefur þó í bráðum 30 ár átt að heita sameign þjóðarinnar skv. lögum. Alþingi hóf þá til flugs nýja stétt auðmanna sem hafa leikið á þingið eins og falska fiðlu æ síðan.

Þetta ráðslag Alþingis hefur haft alvarlegar afleiðingar. Innviðir samfélagsins – heilbrigðisþjónustan, velferðarkerfið o.fl. – hafa sumir veikzt, sumir segja morknað, meðan hin nýja stétt auðmanna hefur rakað saman annarra fé í eigin þágu.

**Höftin? Hermangið?**

Enn aðrir telja ófögnuðinn hafa risið löngu fyrr, sumir nefna höftin 1927-1960, aðrir stríðið 1939-1945. Ísland var eitt fátækasta land Vestur-Evrópu þegar síðari heimsstyrjöldin brauzt út og eitt ríkasta landið í stríðslok.

Svo var fyrir að þakka hernámi Breta 1940 og Bandaríkjamanna 1941 og þeim uppgripum sem fylgdu hernáminu. Bandaríkjamenn ílentust hér eftir stríð í krafti Keflavíkursamningsins sem þeir gerðu við íslenzk stjórnvöld 1946 til að leysa af hólmi herverndarsamninginn frá 1941 eins og Valur Ingimundarson prófessor lýsir vel í bók sinni Í eldlínu Kalda stríðsins 1996. Herverndin skilaði Íslendingum ekki bara miklum tekjum heldur gagngerum umskiptum í efnahagslífinu, nýrri verkmenningu o.m.fl. Gjaldeyristekjur af hernum námu 15%-20% af

**Gallup greindi nýlega frá því að næstum fimm af hverjum sex Íslendingum vantreysta Alþingi og fjórir af hverjum fimm vantreysta viðskiptabönkunum. Nærtæk skýring á megnu vantrausti í garð Alþingis er spilling stjórnmálanna og margar birtingarmyndir hennar. Spilling grefur undan trausti.**

heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar 1953-1955. Séu öll árin sem herinn var hér skoðuð í heild, 1940-2006, lætur nærri að gjaldeyristekjurnar af hernum hafi numið um 2% af landsframleiðslu á ári að jafnaði.

Hermangið leiddi af sér spillingu og efnahagsbrot. Kristján Pétursson löggæzlumaður lýsir því undir rós í sjálfsævisögu sinni Margir vildu hann feigan (1990) hvernig reynt var að múta honum til að fella niður rannsókn á olíumálinu sem lyktaði m.a. með sektardómi Hæstaréttar yfir einum helzta virðingarmanni landsins. Kristján sagði mér í einkasamtali að hann þakkaði Bjarna Benediktssyni, þá dómsmálaráðherra, síðar forsætisráðherra, fyrir að hafa tryggt sér og félögum sínum skjól til að ljúka rannsókninni.

Þetta er ekki allt. Stjórnvöld kreistu lánsfé á góðum kjörum auk beinna styrkja út úr Bandaríkjastjórn og öðrum bandamönnum í tengslum við eða skiptum fyrir veru hersins hér með lítt dulbúnum hótunum um að snúa sér ella til Rússa eins og Valur Ingimundarson rekur í bók sinni. Þennan sama leik léku Færeyingar gagnvart Dönum fram að hruni Færeyja 1989 eins og Eðvarð T. Jónsson lýsir í bók sinni Hlutskipti Færeyja (1994).

Í þessu ljósi þarf að skoða áhuga ríkisstjórnar Íslands eftir hrun á að afla „nýrra vina“. Frændum okkar og vinum á Norðurlöndum sem ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fjármögnuðu rústabjörgunina hér heima þegar til kastanna kom brá í brún þegar þeir stóðu frammi fyrir hótunum stjórnvalda strax eftir hrun um að leita ásjár hjá Rússum, og einnig Kínverjum eins og síðar kom í ljós. Seðlabankinn sendi menn til Moskvu til að semja við Kremlverja. Bankinn á enn eftir að gera grein fyrir þeirri för og lyktum hennar líkt og ýmsu öðru.

Við getum farið enn lengra aftur í tímann til að grafast fyrir um rætur spillingarinnar. Bankahneyksli, sum með stjórnmálaívafi, hafa gosið upp annað veifið allar götur frá fyrstu árum heimastjórnar. Spillingin er þó ekki nema öðrum þræði afsprengi einstakra atburða sögunnar heldur vefur, spillingarvefur. Meira næst, frá Panama.




Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Að stjórna

## Opið bréf til Katrínar og Bjarna



Kári Stefánsson
forstjóri DeCode

Það er svo skrítið með erfiðleika að þeir opna gjarnan augu okkar fyrir tækifærum sem við sæjum annars ekki. Nú standa yfir harðvítug átök á vinnumarkaði. Verkalýðsfélögin krefjast mikillar hækkunar launa á sama tíma og það kreppir að þeim atvinnuvegum sem bera uppi efnahagslíf þjóðarinnar. Launþegar í lægri kantinum segjast ekki geta lifað mannsæmandi lífi af tekjum sínum og fyrirtækin halda því fram að þau myndu enda í þroti ef launakostnaður ykist. Í þessu tilfelli er ekki loku fyrir það skotið að báðir aðilar hafi rétt fyrir sér. Það er því ekki líklegt að aðilar vinnumarkaðarins geti komist að samkomulagi án þess að eitthvað mikilvægt í íslensku samfélagi liggi í valnum. Það er yfirleitt litið svo á að það sé óæskilegt að ríkisstjórnir skipti sér beint af deilum á vinnumarkaði en akkúrat núna er það ekki bara réttlætanlegt heldur skynsamlegt. Það sem meira er, það býður upp á tækifæri fyrir ríkisstjórnina til þess að sýna töluverða stjórnkænsku við að verja hagsmuni beggja aðila. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að verkefnið er ekki bara að verja efnahagslega heldur líka aðra hagsmuni aðila vinnumarkaðarins eins og tilfinningar þeirra og sjálfsmynd. Eftirfarandi framlag ríkisins gæti gjörbreytt ástandinu:

1. Ríkisstjórnin hafi milligöngu um að leikskólar yrðu ókeypis. Það myndi létta byrðina svo um munaði hjá ungu fólki. Það er skringilegt að það skuli vera skólagjöld á því eina stigi skólakerfisins þar sem börn þeirra sem minnst eiga eru í meirihluta.
2. Hætt yrði að innheimta greiðslu af þeim sem leita til heilbrigðiskerfisins, það yrði fjármagnað alfarið af skattfé. Þegar það er skattlagt til þess að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu er ekki verið að taka fé úr umferð sem gæti búið til meira verðmæti annars staðar sem er algeng röksemd fyrir því að lækka skatta, vegna þess að heilbrigðisþjónustan er ekki munaður heldur nauðsyn og það er borgað fyrir hana hvort sem er. Það má leiða að því rök að um væri að ræða greiðsludreifingu sem lenti að vísu þyngra á þeim ríku en þeim fátæku, sem er kostur í stöðunni.
3. Auka stuðning við grunnskólana vegna þess að þeir eru sá staður þar sem hægt er vinna að því að börn í erfiðum aðstæðum fái tækifæri til jafns við önnur börn.
4. Ríkisstjórnin sjái til þess að verð á rafmagni og hita haldist innan ákveðinna marka. Landsvirkjun, sem er í eigu ríkisins, skilaði betri afkomu á síðasta ári en nokkru sinni fyrr en gaf samt út yfirlýsingu um að hún ætlaði að hækka gjaldskrá sína töluvert. Meira að segja í Bandaríkjunum, heimalandi hins óhefta kapítalisma, er fyrirtækjum sem selja rafmagn og hita (utilities) sniðinn þröngur stakkur við verðlagningu.
5. Ríkisstjórnin sjái til þess að laun forstjóra ríkisfyrirtækja og stofnana og annarra á vegum hins opinbera yrðu færð til samræmis við það sem fólkinu í landinu finnst eðlilegt.
6. Fjármagnstekjuskattur verði hækkaður í 38%.
7. Ríkið leggi af mörkum til þess að koma á fót eðlilegum leigumarkaði.

Það væri í hæsta máta óvanalegt að ríkisstjórnin byði upp á þessa sjö liða kjarabót sem framlag til sátta á vinnumarkaði og það myndi kosta sitt. Það er hins vegar líklegt að sá kostnaður myndi blikna við hliðina á því tekjutapi íslensks samfélags sem hlytist af löngum verkföllum. Það er einfaldlega verkefni ríkisstjórnarinnar að leysa þann vanda á vinnumarkaði sem blasir við okkur í dag, og er það klárlega mikilvægasta verkefni sem hún hefur staðið frammi fyrir. Ef hún treystir sér ekki til þess að bretta upp ermar og hoppa ofan í skurðinn er eins gott fyrir ráðherra hennar að fara að leita sér að vinnu annars staðar. Ef ríkisstjórnin leggur af mörkum á þann máta sem er rakið hér að ofan og verkalýðsforystan neitar að meta það að verðleikum yrðum við að komast að þeirri niðurstöðu að henni þyki vænna um átökin en umbjóðendur sína.

# Nýjustu tölur úr Reykjavík



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Þegar Besti flokkurinn og Samfylkingin tóku við stjórn borgarinnar árið 2010 var hún á allt öðrum og verri stað en í dag. Orkuveitan stóð sérstaklega tæpt en 50 milljarða vantaði til að fyrirtækið kæmist fyrirsjáanlega í gegnum næstu ár. Gatið í fjármálum borgarsjóðs sem loka þurfti í fyrstu fjárhagsáætluninni var fimm milljarðar. Stóra verkefnið var niðurskurður og hagræðing. Best þekkti hluti þess var Planið, björgunaráætlun Orkuveitunnar, en sömu traustatökum þurfti að beita í rekstri borgarinnar og voru þær aðgerðir fæstar til vinsælda fallnar. Á sama tíma þurfti að ýta undir atvinnusköpun, fjárfestingu og ferðaþjónustu því atvinnuleysi var í methæðum og greiningar sýndu að reikningurinn myndi lenda af miklum þunga á borgarsjóði þegar réttur til atvinnuleysisbóta rynni út og langtímaatvinnulausir yrðu upp á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins komnir.

### Fjármálin

Í níu mánaða uppgjöri borgarinnar fyrir 2018 sem var lagt fram í vetur varð ljóst að þriðja árið í röð stefndi í góðan og öruggan afgang af rekstri borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar. Undanfarin ár hefur afgangur borgarsjóðs verið 2,6 milljarðar árið 2016 og tæpir fimm milljarðar árið 2017 samkvæmt ársreikningum. Afgangur samstæðunnar þar sem öll fyrirtæki í eigu borgarinnar eru meðtalin, hefur verið 26 milljarðar árið 2016 og 28 milljarðar árið 2017. Á sama tíma hefur stórauknu fé verið varið í skólamál og velferðarmál því forgangsröðunin hefur verið sú að þessir málaflokkar eru í fyrsta forgangi eftir að viðsnúningur varð í rekstri borgarinnar. Eru þá ótalin framlög til húsnæðismála.

### Íbúar og atvinnumál

Á árunum eftir hrun stóð íbúafjöldi borgarinnar í stað og raunar fækkaði örlítið milli áranna 2010 og 2011. Síðustu tvö ár hefur hins vegar fjölgað um 2.800 manns hvort ár, sem er með því allra mesta í sögunni og jafngildir um 2,2% íbúafjölgun. Meðaltalið frá 1960 hefur verið um 0,9% í Reykjavík. Íbúaþróunin eftir hrun tengdist auðvitað atvinnustiginu en atvinnuleysi var í hámarki. Fimmtán þúsund störf töpuðust á höfuðborgarsvæðinu á árunum eftir hrun. Þegar verst lét voru 105.000 starfandi á höfuðborgarsvæðinu. Í lok síðasta árs voru starfandi á höfuðborgarsvæðinu 131.100. skv. tölum Hagstofunnar. Það þýðir að alls hafa 26 þúsund störf orðið til á síðustu sex árum, langmest í Reykjavík og hefur ferðaþjónustan og nú síðast byggingariðnaður verið þar leiðandi.

### Húsnæðismálin

Byggingariðnaðurinn hrundi með bönkunum og íbúðauppbygging stöðvaðist nánast alfarið. Þannig fóru aðeins 10 íbúðir í byggingu árið 2010. Þegar borgin setti fram þá skoðun árin 2011 og 2012 að fyrirsjáanlegur væri skortur á litlum og meðalstórum íbúðum var því tekið fálega. Vísað var til þess að mikið væri af tómum íbúðum af öllum stærðum og gerðum á höfuðborgarsvæðinu. Þótt botnfrosið væri á byggingarmarkaði nýtti borgin tímann til að vinna að endurskipulagi ótal svæða og reita og hvatti þróunaraðila og fjármálastofnanir til að fara af stað með sín verkefni. Það gekk of hægt framan af en árin 2015-2017 var kominn mikill skriður á húsnæðisuppbyggingu. Yfir 900 íbúðir fóru í byggingu á hverju þessara þriggja ára. Meðaltal frá 1970 hefur verið um 660 íbúðir á ári. Árið 2018 sló svo öll fyrri met. Samþykkt áform um íbúðabyggingar hjá byggingarfulltrúa voru 1.881 íbúð, þar af var hafin smíði á 1.417 íbúðum.

### Félagslegt húsnæði

Stærsta verkefni undanfarinna ára í borginni hafa verið húsnæðismálin. Reykjavíkurborg eitt sveitarfélaga er í farsælu samstarfi við traust og framsýn húsnæðisfélög um uppbygginu á þriðja þúsund íbúða sem dreifast um alla borg. Uppbygging þessara félaga miðar að þörfum fólks sem hefur átt misauðvelt með að finna skjól á erfiðum húsnæðismarkaði. Hluti af þessari uppbyggingu eru búsetuúrræði fyrir fatlað fólk. Reykjavíkurborg hefur varið milljörðum til þessara félagslegu húsnæðisverkefna á hverju ári undanfarin ár og er sannarlega ekki hætt. Í fimm ára áætlun borgarinnar er samþykkt að verja 69 milljörðum króna til húsnæðismála til ársins 2022.

### Borg í blóma

Það eru mörg og mikilvæg verkefni sem kalla á athygli, umbætur og uppbyggingu í borginni og samfélaginu. Það eru sannkölluð forréttindi að fá að koma að stjórn borgarinnar á þessu magnaða tímabili í sögu hennar. Uppbygging félagslegs húsnæðis, framþróun í skóla- og velferðarmálum og blómleg þróun borgarinnar í þágu heilnæms og fallegs umhverfis, menningar, lista og aukinna lífsgæða borgarbúa gera borgarstjórastarfið einstakt. Þegar horft er á jákvæða og hraða framþróun síðustu ára finnst mér að mörgu leyti merkilegt hvað upphafsnótan í umræðu er neikvæð, eins og allt sé á heljarþröm og hafi færst til verri vegar á undanförnum árum. Því er þveröfugt farið. Reykjavík sækir fram á flestum sviðum á hverju ári og raunar hverjum degi. Traustur rekstur og stefnufesta er undirstaða þess. Þannig er það og þannig á það að vera í blómlegri borg.

# Stjörnufræði og snákaolía: nokkur orð um rétta klukku!



Björg Þorleifsdóttir
lífeðlisfræðingur

Nýlega birtist grein í Fréttablaðinu með yfirskriftinni „Er umræða um klukkustillingu á villigötum?" eftir Gunnlaug Björnsson. Með hliðsjón af innihaldi greinarinnar er svarið já! Stjarneðlisfræðingurinn beitir m.a. fyrir sig ónefndum læknum til að líkja lífeðlis- og svefnfræðingum, vísindamönnum sem tala fyrir leiðréttingu, við snákaolíusölumenn. Langt er til seilst, þegar rökin þrjóta!

Þó hittir greinarhöfundur sannarlega naglann á höfuðið þegar hann segir: „Við Íslendingar erum annálaðir svefnóreglumenn, drollum langt fram á kvöld, höngum í skjátækjum og förum seint að sofa. Fyrir bragðið erum við oft þurr á manninn, jafnvel viðskotaill." Og áfram: „Maður finnur það á sjálfum sér ef svefninn verður ekki nægur eða óregla kemst á hann ...".

Íslendingar fara seint að sofa, seinna en ýmsar þjóðir sem við berum okkur saman við. Íslenskir unglingar höfðu t.a.m. algera sérstöðu í samanburði við unglinga 12 annarra þjóða víða um heim, fóru langtum seinna að sofa en jafnaldrar þeirra á virkum dögum og enn seinna um helgar – og háttatími þeirra var skilgreindur sem ófullnægjandi1). Nýlegar íslenskar rannsóknir benda og til þess að ungmenni hér á landi fái hættulega lítinn svefn (<6 klst.). Röng staðarklukka sem Íslendingar búa við, sem óhjákvæmilega veldur seinkun sólaruppráсar, er mögulegur skýringarþáttur. Dagsbirtan er nefnilega mikilvægasta merkið úr umhverfinu, sem dægurklukka innra með okkur (líkamsklukkan) notar til að ganga í takt við sólarhringinn. Dægurklukkan ákvarðar m.a. þann tíma þegar bestu aðstæður eru í líkamanum til að sofa.

Stjarneðlisfræðingurinn fullyrðir margt í greininni sem ekki á við rök að styðjast. Það er t.a.m. fráleitt að veiting Nóbelsverðlaunanna 2017 hafi verið spyrt við umræðuna um vitlausa klukku að undirlagi talsmanna leiðréttingar hennar. Verðlaunin vöktu hins vegar almenna athygli og í kjölfarið urðu upplýsingar um dægurklukkuna aðgengilegri. Þekkingu á henni hefur fleygt fram og nú vita menn t.d. að seinkuð dagsbirta, eins og gerist við of fljóta klukku, seinkar dægurklukkunni.

Stjarneðlisfræðingurinn kvartar yfir því að honum hafi ekki tekist að finna niðurstöður rannsókna á áhrifum klukkustillingar á líkamlega og andlega heilsu. Geti Gunnlaugur ekki notað leitarvélar veraldarvefsins í slíkt verk ætti að vera auðvelt að benda honum á efnið, sé áhugi fyrir hendi.

Loks dregur stjarneðlisfræðingurinn trompið fram úr erminni, fyrirhugaðar klukkubreytingar innan Evrópubandalagsins og að heyrst hafi að löndin muni flest festa klukkuna á sumartíma. Það má vera fótur fyrir þessu, þó enn hafi engin ákvörðun verið tekin. Áróður fyrir mikilvægi síðdegisbirtunnar á líðan fólks nær auðveldlega til almennings, þegar í hillingum er sól og hiti við allsnægtir grillborðsins og golfvöllur í túnfætinum. En strax sl. haust gáfu þrjú alþjóðleg fræðafélög um svefn og dægursveiflur út sameiginlega yfirlýsingu, þar sem því er fagnað að stöðva skuli klukkubreytingar tvisvar á ári en jafnframt sterklega varað við því að festa klukkuna á sumartíma[2]. Þar er lögð áhersla á, að vísindalegar sannanir bendi til þess að réttur staðartími (vetrartími) sé betri kostur fyrir lýðheilsu en flýtt klukka (sumartími). Ennfremur segir þar, að svokölluð klukkuþreyta (e. social jetlag), sem fylgir seinkaðri dægurklukku, sé að jafnaði minni hjá þeim sem búa við réttan staðartíma og líkamleg og andleg heilsa betri samanborið við þá sem búa við flýtta klukku.

Það er raunar merkilegt hvað ýmsum raunvísindamönnum er í mun að halda í vitlausa staðarklukku. Það voru einmitt stjörnufræðingur og eðlisfræðingur sem einir vísindamanna höfðu aðkomu að lögleiðingu sumartíma allt árið á Íslandi (1968) – enginn lífvísindamaður. Á þeim fimm áratugum sem liðnir eru hefur þekkingu á áhrifum ljóss á dægurklukku fleygt hratt fram. Mín skoðun er sú að stjörnufræðingar ættu að eftirláta sérfræðingum á sviði dægurklukku og svefns að skýra áhrif vitlausrar klukku á svefn mannsins. Þetta eru nefnilega engin geimvísindi!

*1) Gradisar et al.: Recent worldwide sleep patterns and problems during adolescence: A review and meta-analysis of age, region and sleep. Sleep Medicine (2011).*

*2) European Biological Rhythms Society (EBRS), European Sleep Research Society (ESRS), Society for Research on Biological Rhythms (SRBR) https://www.ebrs-online.org/news/item/dst-statement-ebrs-endorsed.*



# Þar sem allir geta lifað með reisn



*Ólafur Þór Gunnarsson*
þingmaður Vinstri grænna

**Allir eru sammála um það að um langa hríð hefur sá hópur fólks sem á erfitt með að láta heimilisbókhaldið ganga upp verið of stór.**

Um sumt eru Íslendingar sammála. Við erum sammála um öfluga samneyslu. Við viljum gjaldfrjálsa menntun og við viljum öflugt velferðarkerfi. Til þess leggjum við á skatta. En við beitum líka skattkerfinu til að jafna kjörin. Því að staðreyndin er sú að auknar tekjur skipta fátækan mann meira máli en ríkan.

Allir eru sammála um það að um langa hríð hefur sá hópur fólks sem á erfitt með að láta heimilisbókhaldið ganga upp verið of stór. Samkvæmt lífskjararannsókn telur u.þ.b. tíundi hluti þjóðarinnar það mjög erfitt að láta enda ná saman. Það hlýtur að vera markmið samfélagsins að enginn þurfi að hafa áhyggjur af því.

Hér þarf að horfa á heildarmyndina og samspil bóta og skatta. Sitjandi ríkisstjórn hefur stýrt aukningu í barnabótakerfið til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar til að koma til móts við barnafjölskyldur með lágar tekjur. Þá hefur hækkun leiguverðs komið illa við fólk með lágar tekjur. Von er á úrbótum í húsnæðismálum, en það tekur tíma að snúa við þeirri þróun sem hófst þegar hið félagslega húsnæðiskerfi ríkisins var lagt af undir lok síðustu aldar. Þá þarf að byggja upp hágæða almenningssamgöngur á landsvísu svo það sé val að eiga bíl, en ekki nauðsyn.

Með tillögu sérfræðingahóps um skattkerfið, um að búa til lægra þrep fyrir lágar tekjur færumst við nær Norðurlöndunum. Það skilar sér í því að skattprósenta lægstu launa er komin á sama stað og hún var við upphaf staðgreiðslunnar árið 1988. Þá var mikilvægt skref í átt til réttlætis stigið fyrsta janúar síðastliðinn, en héðan í frá munu efra og neðri þrep fylgja sömu vísitölu svo að skattbyrði aukist ekki aftur hjá hinum tekjulægri en haldist óbreytt hjá þeim tekjuhærri þegar laun hækka umfram verðlag.

Að öllu þessu vinnur ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur. Við viljum þjóðfélag þar sem allir geta lifað með reisn.

## Aðalfundur

Aðalfundur Rauða krossins í Reykjavík 2019 verður haldinn fimmtudaginn 14. mars kl. 17 í húsnæði deildarinnar að Efstaleiti 9.

› **Á dagskrá verða** venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

**Stjórn Rauða krossins í Reykjavík**

RAUÐI KROSSINN REYKJAVÍK


# VINNINGASKRÁ

3. flokkur 2019
Útdráttur 5. mars 2019

HAPPDRÆTTI SÍBS
Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

**AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000**

68769

**AUKAVINNINGAR kr. 100.000**

68768 68770

**PENINGAVINNINGAR kr. 500.000**

2925 14900 17410 19433 23822 27736 39762 57561 72844 77135

**PENINGAVINNINGAR kr. 100.000**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 154 | 7078 | 15017 | 19694 | 23274 | 30493 | 34083 | 39861 | 43701 | 46835 | 55967 | 61927 | 65774 | 75177 | 79189 |
| 1254 | 9083 | 15140 | 20388 | 23810 | 30771 | 35973 | 40366 | 44172 | 47429 | 56475 | 62389 | 68062 | 75814 | 79990 |
| 1364 | 9681 | 15519 | 20856 | 24255 | 32411 | 36750 | 40626 | 44699 | 47924 | 57631 | 62852 | 68665 | 76184 | |
| 2053 | 10773 | 16522 | 21311 | 25194 | 32560 | 38074 | 42574 | 44709 | 48524 | 58279 | 62903 | 68870 | 77070 | |
| 2610 | 13858 | 16718 | 21616 | 25475 | 32883 | 38085 | 42671 | 45431 | 51446 | 58662 | 63453 | 69290 | 77678 | |
| 3445 | 14064 | 16783 | 22274 | 27829 | 32915 | 38521 | 43224 | 45988 | 54798 | 59594 | 63904 | 69774 | 77887 | |
| 5180 | 14709 | 17063 | 23252 | 28613 | 33507 | 38609 | 43453 | 46244 | 55945 | 59726 | 64124 | 70444 | 78225 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 418 | 3381 | 7950 | 12945 | 17627 | 22316 | 25254 | 34414 | 39679 | 43628 | 46905 | 52829 | 56630 | 59543 | 62945 | 68889 | 75976 |
| 583 | 4383 | 8112 | 12979 | 17693 | 22779 | 26413 | 34599 | 39809 | 43769 | 47180 | 53009 | 56850 | 59960 | 63459 | 69439 | 76393 |
| 988 | 4616 | 8439 | 13337 | 18204 | 23458 | 27703 | 34649 | 39990 | 44424 | 47745 | 53778 | 56918 | 60292 | 65926 | 69756 | 77298 |
| 1897 | 5193 | 8796 | 14193 | 18929 | 23880 | 30467 | 34746 | 40546 | 44714 | 48415 | 53828 | 57447 | 60532 | 65964 | 70910 | 77521 |
| 2031 | 5907 | 8847 | 14401 | 19952 | 23946 | 30572 | 34871 | 40708 | 45094 | 49761 | 53968 | 57697 | 60713 | 66067 | 71006 | 78107 |
| 2733 | 6063 | 9897 | 14851 | 20243 | 23958 | 31213 | 35579 | 41299 | 45130 | 51183 | 54035 | 57748 | 61636 | 66136 | 71174 | 78441 |
| 2738 | 6184 | 9935 | 15171 | 20421 | 23992 | 31340 | 36045 | 41631 | 45473 | 51189 | 54093 | 57758 | 61650 | 67173 | 71911 | 78807 |
| 2782 | 6667 | 10341 | 16369 | 21176 | 24406 | 31721 | 36580 | 41847 | 45566 | 51435 | 54293 | 57762 | 61892 | 67245 | 72191 | 79558 |
| 2866 | 6669 | 10358 | 17017 | 21207 | 24707 | 32181 | 36783 | 41927 | 45934 | 51591 | 54697 | 57867 | 62062 | 67703 | 74126 | |
| 2927 | 6748 | 11202 | 17195 | 21452 | 24712 | 34084 | 37295 | 42129 | 46451 | 51951 | 54931 | 58196 | 62375 | 67943 | 75327 | |
| 3010 | 6859 | 12012 | 17347 | 21662 | 24991 | 34258 | 38164 | 42153 | 46640 | 52338 | 55074 | 58431 | 62408 | 68486 | 75415 | |
| 3186 | 7235 | 12123 | 17391 | 22277 | 25051 | 34275 | 39357 | 43322 | 46786 | 52802 | 55651 | 58916 | 62519 | 68729 | 75420 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM kr. 30.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 166 | 4233 | 8482 | 13303 | 18681 | 22982 | 28659 | 33789 | 38475 | 44422 | 50049 | 55109 | 59162 | 63540 | 69224 | 74230 | 78407 |
| 173 | 4287 | 8509 | 13369 | 18903 | 22993 | 28995 | 33818 | 38653 | 44674 | 50373 | 55131 | 59180 | 63700 | 69307 | 74554 | 78562 |
| 177 | 4388 | 8828 | 13584 | 18928 | 23127 | 29032 | 34063 | 38838 | 44852 | 50405 | 55216 | 59243 | 63715 | 69369 | 74571 | 78652 |
| 237 | 4554 | 8930 | 13614 | 19063 | 23183 | 29125 | 34265 | 39277 | 44897 | 50472 | 55250 | 59347 | 63733 | 69541 | 74579 | 78751 |
| 252 | 4644 | 9003 | 13654 | 19284 | 23297 | 29288 | 34291 | 39305 | 45080 | 50502 | 55292 | 59395 | 63735 | 69906 | 74623 | 78967 |
| 478 | 4733 | 9161 | 13739 | 19368 | 23348 | 29327 | 34486 | 39604 | 45160 | 50539 | 55365 | 59571 | 63750 | 69966 | 74635 | 79147 |
| 517 | 4742 | 9225 | 13815 | 19729 | 23547 | 29666 | 34522 | 39680 | 45197 | 50698 | 55413 | 59577 | 63997 | 70030 | 74681 | 79369 |
| 541 | 4845 | 9329 | 13871 | 19839 | 23636 | 29816 | 34875 | 40025 | 45605 | 50895 | 55700 | 59762 | 64028 | 70052 | 74786 | 79387 |
| 729 | 4910 | 9408 | 13906 | 19914 | 23834 | 29819 | 34960 | 40030 | 45628 | 51008 | 55846 | 59780 | 64154 | 70094 | 74929 | 79531 |
| 817 | 4959 | 9421 | 14247 | 19977 | 23923 | 29893 | 35205 | 40123 | 45797 | 51177 | 55861 | 59806 | 64302 | 70124 | 75135 | 79621 |
| 912 | 4965 | 9538 | 14511 | 19981 | 23985 | 30275 | 35311 | 40163 | 46088 | 51201 | 55881 | 60076 | 64401 | 70339 | 75818 | 79733 |
| 916 | 5301 | 9865 | 14523 | 20020 | 24043 | 30371 | 35383 | 40170 | 46092 | 51239 | 55892 | 60125 | 64483 | 70487 | 75877 | 79800 |
| 920 | 5311 | 9871 | 14621 | 20081 | 24153 | 30422 | 35411 | 40207 | 46204 | 51687 | 55920 | 60200 | 64833 | 70511 | 75940 | |
| 947 | 5398 | 9929 | 14672 | 20088 | 24182 | 30513 | 35433 | 40503 | 46489 | 51788 | 55994 | 60222 | 64841 | 70578 | 75993 | |
| 956 | 5407 | 9956 | 14737 | 20188 | 24186 | 30756 | 35448 | 40797 | 46565 | 51819 | 56063 | 60310 | 64993 | 70627 | 76004 | |
| 966 | 5409 | 10356 | 14846 | 20296 | 24417 | 30907 | 35825 | 40859 | 46749 | 51899 | 56203 | 60415 | 65134 | 71517 | 76068 | |
| 1221 | 5494 | 10385 | 14868 | 20424 | 24983 | 30913 | 35861 | 41146 | 46962 | 51962 | 56276 | 60474 | 65175 | 71615 | 76171 | |
| 1249 | 5612 | 10548 | 14897 | 20586 | 25353 | 31060 | 36429 | 41231 | 46990 | 51980 | 56324 | 60553 | 65266 | 71625 | 76322 | |
| 1267 | 5670 | 10644 | 15115 | 20726 | 25488 | 31523 | 36534 | 41268 | 47014 | 51988 | 56499 | 60640 | 65482 | 71648 | 76403 | |
| 1282 | 5682 | 10758 | 15191 | 20760 | 25540 | 31638 | 36626 | 41301 | 47055 | 52002 | 56518 | 60651 | 65506 | 71688 | 76433 | |
| 1599 | 5703 | 10820 | 15423 | 20885 | 25595 | 31793 | 36639 | 41492 | 47083 | 52103 | 56522 | 60688 | 65528 | 71758 | 76495 | |
| 1621 | 5891 | 10846 | 15451 | 20951 | 25620 | 31849 | 36757 | 41494 | 47195 | 52147 | 57030 | 60706 | 65572 | 72016 | 76535 | |
| 1789 | 6052 | 10887 | 15593 | 20978 | 25706 | 31906 | 36796 | 41521 | 47302 | 52434 | 57207 | 60935 | 65770 | 72172 | 76538 | |
| 1846 | 6282 | 10895 | 15851 | 21315 | 25742 | 31991 | 36853 | 41687 | 47350 | 52651 | 57490 | 61006 | 66072 | 72726 | 76586 | |
| 2069 | 6411 | 11181 | 16000 | 21399 | 25877 | 31993 | 36944 | 41802 | 47370 | 52692 | 57511 | 61164 | 66131 | 72952 | 76589 | |
| 2147 | 6421 | 11203 | 16006 | 21494 | 26177 | 32111 | 36949 | 41854 | 47405 | 52729 | 57804 | 61223 | 66386 | 72983 | 76674 | |
| 2192 | 6510 | 11231 | 16128 | 21590 | 26178 | 32127 | 37123 | 41929 | 47560 | 52813 | 57872 | 61482 | 66395 | 73051 | 76779 | |
| 2461 | 6635 | 11353 | 16716 | 21665 | 26184 | 32201 | 37184 | 41996 | 47610 | 52925 | 57952 | 61524 | 66441 | 73308 | 76791 | |
| 2829 | 6643 | 11527 | 16781 | 21669 | 26390 | 32289 | 37292 | 42095 | 47676 | 52936 | 57954 | 61585 | 66804 | 73357 | 76896 | |
| 2842 | 6839 | 11606 | 16879 | 21700 | 26409 | 32363 | 37376 | 42210 | 47680 | 52954 | 58117 | 61790 | 66817 | 73367 | 76990 | |
| 2955 | 6847 | 11628 | 17491 | 21707 | 26520 | 32608 | 37431 | 42377 | 47714 | 52967 | 58218 | 61994 | 66911 | 73382 | 77005 | |
| 2999 | 7189 | 11824 | 17617 | 21710 | 26602 | 32773 | 37452 | 42395 | 47898 | 53118 | 58251 | 62034 | 66962 | 73426 | 77139 | |
| 3090 | 7234 | 12278 | 17625 | 21768 | 26672 | 32934 | 37551 | 42536 | 48394 | 53243 | 58357 | 62290 | 66980 | 73558 | 77189 | |
| 3269 | 7248 | 12380 | 17761 | 22254 | 27001 | 32954 | 37592 | 42611 | 48517 | 53307 | 58456 | 62312 | 67046 | 73561 | 77243 | |
| 3276 | 7461 | 12432 | 17968 | 22265 | 27071 | 33181 | 37652 | 42951 | 48570 | 53514 | 58527 | 62391 | 67059 | 73682 | 77267 | |
| 3502 | 7781 | 12435 | 17984 | 22390 | 27108 | 33298 | 37875 | 43104 | 48845 | 53536 | 58545 | 62601 | 67453 | 73825 | 77402 | |
| 3547 | 7821 | 12462 | 18111 | 22448 | 27281 | 33300 | 37882 | 43187 | 48852 | 53685 | 58625 | 62809 | 67628 | 73841 | 77443 | |
| 3584 | 7975 | 12720 | 18128 | 22479 | 27461 | 33439 | 37895 | 43245 | 49143 | 53948 | 58655 | 63041 | 67666 | 73889 | 77518 | |
| 3603 | 7980 | 12796 | 18183 | 22616 | 27527 | 33440 | 37915 | 43625 | 49338 | 54349 | 58673 | 63136 | 67809 | 73981 | 77632 | |
| 3645 | 7984 | 12881 | 18243 | 22646 | 27662 | 33535 | 38114 | 43694 | 49406 | 54358 | 58675 | 63163 | 67970 | 74006 | 77675 | |
| 3659 | 7989 | 12894 | 18366 | 22730 | 27867 | 33687 | 38163 | 43960 | 49471 | 54479 | 58742 | 63173 | 68414 | 74068 | 78008 | |
| 3873 | 8295 | 12935 | 18571 | 22790 | 28182 | 33714 | 38239 | 43994 | 49915 | 54763 | 58816 | 63242 | 68843 | 74077 | 78249 | |
| 3890 | 8430 | 13156 | 18600 | 22885 | 28626 | 33786 | 38247 | 44132 | 49950 | 54933 | 58874 | 63462 | 68965 | 74209 | 78403 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 141 | 5143 | 8491 | 12553 | 17573 | 22829 | 27358 | 32593 | 38118 | 43552 | 48118 | 52716 | 56687 | 61385 | 66355 | 71693 | 76892 |
| 151 | 5145 | 8614 | 12688 | 17588 | 22961 | 27393 | 32793 | 38266 | 43618 | 48126 | 52776 | 56698 | 61542 | 66419 | 71792 | 76920 |
| 201 | 5184 | 8743 | 12694 | 17752 | 23012 | 27423 | 32813 | 38514 | 43674 | 48163 | 52781 | 56707 | 61682 | 66578 | 71866 | 77008 |
| 283 | 5195 | 8790 | 12712 | 17933 | 23033 | 27428 | 32899 | 38660 | 43698 | 48320 | 52922 | 56744 | 61782 | 66739 | 72074 | 77040 |
| 285 | 5209 | 8853 | 12721 | 18084 | 23218 | 27549 | 32918 | 38685 | 43744 | 48345 | 53061 | 56787 | 61875 | 66943 | 72109 | 77142 |
| 286 | 5268 | 8872 | 12735 | 18154 | 23428 | 27624 | 33072 | 38885 | 43937 | 48381 | 53216 | 56996 | 61912 | 66956 | 72167 | 77227 |
| 297 | 5364 | 8881 | 12753 | 18189 | 23521 | 27638 | 33219 | 38946 | 44192 | 48457 | 53326 | 57073 | 61922 | 66968 | 72239 | 77262 |
| 427 | 5514 | 8967 | 12877 | 18399 | 23609 | 28134 | 33301 | 39023 | 44239 | 48518 | 53491 | 57130 | 62032 | 67075 | 72446 | 77393 |
| 527 | 5518 | 8997 | 13003 | 18497 | 23763 | 28254 | 33315 | 39286 | 44267 | 48821 | 53595 | 57672 | 62144 | 67085 | 72462 | 77399 |
| 619 | 5590 | 9059 | 13013 | 18719 | 23824 | 28332 | 33378 | 39384 | 44313 | 48831 | 53663 | 57685 | 62250 | 67517 | 72643 | 77487 |
| 683 | 5606 | 9196 | 13014 | 19177 | 23936 | 28655 | 33399 | 39456 | 44324 | 49008 | 53810 | 57754 | 62286 | 67575 | 72911 | 77525 |
| 736 | 5647 | 9246 | 13191 | 19209 | 24048 | 28724 | 33621 | 39528 | 44346 | 49288 | 53980 | 57790 | 62428 | 67620 | 73058 | 77551 |
| 758 | 5881 | 9364 | 13244 | 19247 | 24056 | 28738 | 33839 | 39597 | 44547 | 49330 | 54010 | 57863 | 62483 | 67643 | 73138 | 77619 |
| 879 | 6090 | 9782 | 13257 | 19293 | 24189 | 28949 | 34176 | 39613 | 44776 | 49353 | 54275 | 57961 | 62639 | 67687 | 73213 | 77679 |
| 887 | 6205 | 9790 | 13420 | 19326 | 24274 | 28989 | 34374 | 39658 | 44797 | 49387 | 54311 | 58080 | 62668 | 67699 | 73220 | 77689 |
| 928 | 6262 | 9814 | 13424 | 19405 | 24281 | 29007 | 34413 | 39727 | 44908 | 49423 | 54562 | 58082 | 62684 | 67784 | 73253 | 77704 |
| 970 | 6298 | 9893 | 13436 | 19470 | 24289 | 29152 | 34457 | 39869 | 44998 | 49509 | 54592 | 58208 | 62857 | 67796 | 73323 | 77758 |
| 1094 | 6338 | 9902 | 13688 | 19606 | 24322 | 29177 | 34505 | 39897 | 45218 | 49536 | 54609 | 58284 | 62894 | 67813 | 73345 | 77778 |
| 1268 | 6410 | 9911 | 13795 | 19808 | 24331 | 29182 | 34638 | 39996 | 45245 | 49560 | 54710 | 58624 | 62898 | 67822 | 73370 | 77807 |
| 1951 | 6626 | 10104 | 13809 | 19821 | 24477 | 29298 | 34719 | 40067 | 45376 | 49810 | 54804 | 58682 | 62981 | 68070 | 73469 | 77808 |
| 1960 | 6639 | 10151 | 13841 | 19949 | 24516 | 29349 | 34829 | 40449 | 45517 | 49848 | 54809 | 58683 | 63001 | 68173 | 73694 | 77881 |
| 2095 | 6681 | 10284 | 13927 | 20007 | 24605 | 29745 | 34909 | 40578 | 45571 | 50026 | 54855 | 58838 | 63264 | 68215 | 73855 | 77885 |
| 2101 | 6764 | 10372 | 13936 | 20069 | 24841 | 29790 | 34946 | 40721 | 45572 | 50071 | 54867 | 58879 | 63278 | 68223 | 73978 | 77978 |
| 2579 | 6849 | 10467 | 14042 | 20070 | 24923 | 29930 | 35138 | 40806 | 45603 | 50076 | 54896 | 58913 | 63725 | 68297 | 74047 | 78035 |
| 2722 | 6863 | 10510 | 14183 | 20071 | 24951 | 30032 | 35260 | 40942 | 45614 | 50167 | 54898 | 58914 | 63790 | 68604 | 74103 | 78147 |
| 3039 | 7015 | 10595 | 14506 | 20103 | 24970 | 30252 | 35299 | 41012 | 45651 | 50295 | 54986 | 59033 | 63800 | 68613 | 74636 | 78198 |
| 3051 | 7225 | 10601 | 14747 | 20383 | 25001 | 30563 | 35365 | 41013 | 45700 | 50386 | 55032 | 59085 | 63830 | 68735 | 74660 | 78200 |
| 3073 | 7237 | 10630 | 14795 | 20634 | 25006 | 30656 | 35651 | 41027 | 45781 | 50410 | 55147 | 59101 | 63844 | 68790 | 74742 | 78448 |
| 3176 | 7325 | 10810 | 14992 | 20646 | 25058 | 30720 | 35663 | 41048 | 45826 | 50473 | 55159 | 59149 | 63846 | 69054 | 74926 | 78547 |
| 3295 | 7370 | 10889 | 15026 | 20852 | 25238 | 30739 | 35743 | 41093 | 45842 | 50482 | 55287 | 59174 | 63986 | 69175 | 75029 | 78590 |
| 3360 | 7388 | 11037 | 15068 | 21064 | 25259 | 30805 | 35745 | 41280 | 46289 | 50590 | 55339 | 59192 | 64127 | 69241 | 75070 | 78709 |
| 3366 | 7478 | 11092 | 15080 | 21074 | 25368 | 30844 | 35770 | 41297 | 46326 | 50838 | 55425 | 59196 | 64162 | 69389 | 75119 | 78775 |
| 3424 | 7592 | 11099 | 15139 | 21083 | 25385 | 31056 | 35784 | 41385 | 46428 | 50877 | 55464 | 59224 | 64186 | 69551 | 75150 | 78822 |
| 3467 | 7634 | 11138 | 15156 | 21099 | 25436 | 31200 | 36154 | 41395 | 46529 | 51009 | 55501 | 59261 | 64207 | 69723 | 75202 | 78864 |
| 3505 | 7652 | 11222 | 15395 | 21218 | 25510 | 31317 | 36157 | 41441 | 46706 | 51164 | 55503 | 59344 | 64332 | 69724 | 75392 | 78890 |
| 3519 | 7674 | 11282 | 15449 | 21242 | 25610 | 31557 | 36170 | 41579 | 46725 | 51531 | 55512 | 59670 | 64565 | 69767 | 75401 | 78938 |
| 3854 | 7693 | 11327 | 15741 | 21251 | 25845 | 31561 | 36210 | 41916 | 46793 | 51572 | 55628 | 59833 | 64673 | 69772 | 75447 | 78949 |
| 3881 | 7760 | 11362 | 16049 | 21482 | 25869 | 31782 | 36552 | 41926 | 46796 | 51582 | 55866 | 59870 | 64711 | 69959 | 75611 | 78968 |
| 3914 | 7831 | 11445 | 16063 | 21521 | 25955 | 31808 | 36787 | 41950 | 46851 | 51789 | 55884 | 59983 | 64900 | 70240 | 75625 | 79066 |
| 4119 | 7905 | 11519 | 16103 | 21730 | 26100 | 31824 | 36957 | 42051 | 47251 | 51827 | 56008 | 60048 | 64954 | 70383 | 75873 | 79241 |
| 4143 | 7945 | 11538 | 16506 | 21812 | 26260 | 31833 | 36973 | 42126 | 47264 | 51950 | 56045 | 60217 | 65016 | 70893 | 76232 | 79415 |
| 4316 | 7991 | 11549 | 16509 | 21872 | 26418 | 31899 | 37048 | 42380 | 47357 | 52280 | 56293 | 60336 | 65076 | 71051 | 76284 | 79512 |
| 4404 | 8178 | 11557 | 16794 | 21918 | 26572 | 31911 | 37060 | 42498 | 47367 | 52345 | 56335 | 60558 | 65140 | 71075 | 76392 | 79516 |
| 4504 | 8184 | 11704 | 16852 | 21991 | 26594 | 31951 | 37201 | 42748 | 47423 | 52376 | 56491 | 60597 | 65495 | 71282 | 76603 | 79564 |
| 4543 | 8223 | 11741 | 17040 | 22012 | 26740 | 32254 | 37505 | 42941 | 47653 | 52406 | 56505 | 60736 | 65785 | 71342 | 76633 | 79607 |
| 4662 | 8369 | 12140 | 17064 | 22015 | 26879 | 32299 | 37610 | 42991 | 47841 | 52410 | 56609 | 60872 | 65883 | 71375 | 76745 | 79674 |
| 4902 | 8371 | 12388 | 17110 | 22237 | 26958 | 32349 | 37653 | 43164 | 47882 | 52479 | 56633 | 61012 | 65885 | 71428 | 76784 | 79759 |
| 5029 | 8442 | 12506 | 17170 | 22408 | 26999 | 32368 | 37739 | 43534 | 47900 | 52608 | 56635 | 61057 | 65997 | 71619 | 76830 | 79982 |
| 5112 | 8468 | 12524 | 17533 | 22446 | 27315 | 32389 | 37852 | 43539 | 48023 | 52661 | 56680 | 61277 | 66235 | 71631 | 76851 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. mars 2019
Birt án ábyrgðar um prentvillur



# Lykilatriði fyrir ÍBV og Stjörnuna að stýra hraðanum

**Undanúrslitin í Coca-Cola-bikarnum í kvennaflokki fara fram í Laugardalshöll í dag. Í fyrri leiknum mætir ÍBV toppliði Vals úr Olís-deild kvenna en í þeim síðari mætast bikarmeistarar síðustu þriggja ára, Stjarnan og Fram. Fréttablaðið fékk Jónatan Þór Magnússon, þjálfara KA/Þórs, til að rýna í leikina tvo.**

**HANDBOLTI** Undanúrslitin í Coca-Cola-bikarnum í kvennaflokki fara fram í Laugardalshöll í dag en með því hefst úrslitahelgi bikarsins sem nær hámarki á laugardaginn þegar bikarúrslitaleikurinn í karla- og kvennaflokki fer fram. Öll fjögur liðin sem mæta til leiks hafa unnið bikarmeistaratitilinn. Ríkjandi bikarmeistarar Fram eru lang sigursælasta liðið í keppninni með fimmtán titla, sjö titlum meira en næsta lið sem er Stjarnan en þessi lið mætast einmitt í kvöld. Þarna eru að mætast liðin í fyrsta sæti, Valur, og fjórða sæti, ÍBV, annars vegar og hins vegar liðið í öðru sæti, Fram, og Stjarnan sem er í sjötta sæti Olís-deildarinnar þegar fjórar umferðir eru eftir. Fyrir fram má gera ráð fyrir að tvö efstu lið deildarinnar, Valur og Fram sem hafa ekki tapað mörgum leikjum, fari áfram í úrslitaleikinn en í bikarkeppnum er aldrei spurt um stöðu liðanna í deildinni.

**Fyrstu fimmtán mínúturnar í leiknum skipta öllu máli**

Eftir að liðin skildu jöfn í fjórðu umferð Olís-deildar kvenna í Vestmannaeyjum hefur Valsliðið unnið seinni tvo leiki liðanna sannfærandi. Tæpur mánuður er síðan liðin mættust síðast þar sem Valur vann þrettán marka sigur í Eyjum og hélt Eyjakonum í sextán mörkum. Fréttablaðið fékk Jónatan Þór Magnússon, þjálfara KA/Þórs í Olís-deild kvenna, til að spá í spilin.

> **Lykilatriðið hjá ÍBV er að vera agaðar á bolta og klára sóknirnar með skoti í staðinn fyrir að fá hraðaupphlaup í bakið.**
>
> Jónatan Þór Magnússon, þjálfari KA/Þór

„ÍBV átti mjög dapran dag síðast þegar liðin mættust og Valsliðið leysti allt sem ÍBV reyndi að gera mjög vel en ég á von á jöfnum og spennandi leik í dag. Ég tel að Valsliðið muni ekki ná að stjórna leiknum jafn vel. Spennustigið er hærra og ÍBV gæti fundið aukagír sem á eftir að gera Valsliðinu erfitt fyrir. Í stórleikjum myndast oft einhver sérstök stemming í kringum ÍBV,“ sagði Jónatan og hélt áfram:

„ÍBV var með hræðilega mikið af tæknifeilum, töpuðum boltum og slíku í síðasta leik sem er banabiti gegn Valsliðinu. Sterkasta vopn Vals er vörnin og Íris hefur verið frábær fyrir aftan vörnina. Ef stærstu póstarnir hjá ÍBV, Greta og Ester, passa betur upp á boltann og þær ná að leysa vörnina hjá Val þá er allt mögulegt. Það kæmi mér ekkert á óvart ef Hrafnhildur myndi reyna að brydda upp á einhverju nýju í þessum leik.“

Hann taldi lykilatriðið að halda sjó fyrstu mínútur leiksins.

„Valsliðið er sterkt til baka og lykilatriðið hjá ÍBV er að vera agaðar á bolta og klára sóknirnar með skoti í staðinn fyrir að fá hraðaupphlaup í bakið. Valsliðið er líka með meiri breidd, þær eiga eflaust eftir að reyna að keyra upp hraðann sem gæti reynst Eyjakonum erfitt. Lykilatriðið hjá ÍBV er að komast í gegnum fyrsta korterið, ef Valur er með 4-5 mörk í forskot þar gæti þetta orðið erfitt fyrir ÍBV.“

**Framarar þrífast á pressu**

Í seinni leiknum mætast bikarmeistarar síðustu þriggja ára og sigursælustu liðin í 43 ára sögu keppninnar, Stjarnan og Fram. Fram er ríkjandi deildar-, bikar- og Íslandsmeistari og slátraði Garðbæingum 47-24 í fyrstu viðureign tímabilsins en síðustu tvær viðureignir hafa verið afar jafnar. Í viðureign liðanna í nóvember lauk leiknum með jafntefli og fyrir rúmri viku rétt náði Fram að merja sigur eftir að Stjarnan hafði leitt lungann úr leiknum.

Jónatani fannst ósanngjarnt að skoða úrslitin úr fjórðu umferð vegna þess áfalls sem Stjörnuliðið varð fyrir í leiknum þar áður.

„Fyrsti leikur liðanna telst varla með þegar litið er til baka. Garðbæingar nýbúnir að missa Guðrúnu Ósk Maríasdóttir í meiðsli og áfallið sem tengdist því,“ sagði Jónatan um 23 marka sigur Fram.

„Hinir tveir leikir liðanna gefa mun betri mynd af þessu einvígi. Stjarnan er með allt annað lið eftir að Rakel kom aftur inn í liðið og það á báðum endum vallarins, vörn og sókn. Stjarnan þarf að stjórna tempóinu, halda hraðanum niðri til að koma í veg fyrir að Fram fái þessi auðveldu hraðaupphlaupsmörk.“

Aðspurður tók hann undir að það væri meðbyr með liði Garðbæinga.

„Það er byr í seglunum hjá Stjörnunni þessa dagana. Reynslan kemur til með að hjálpa Garðbæingum, það hafa margar spilað þessa leiki áður og þær þekkja þessa leiki.“

Það er enginn skortur á reynslu hjá liði Fram sem er handhafi bikarmeistaratitilsins.

„Fram þekkir þessa pressu vel og þær eiga það til að eflast við slíka pressu. Framliðið er líklegt til að mæta af fullum krafti í staðinn fyrir að finna fyrir einhverju stressi og þá óttast ég að það gæti farið illa fyrir Stjörnunni. Þetta er allt undir Garðbæingum komið. Ef þeim tekst að halda boltanum og hægja á hraðanum í leiknum þá verður þetta hörkuleikur,“

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

### Domino's kvenna

**Keflavík - Snæfell 79-77**
**Keflavík:** Dinkins 35, Bryndís Guðmundsdóttir 14, Katla Rún 8, Birna Valgerður 8.
**Snæfell:** Kristen McCarthy 31, Angelika Kowalska 21, Rebekka Rán Karlsdóttir 13.

**Stjarnan - KR 80-58**
**Stjarnan:** Danielle Rodriguez 36, Bríet Sif Hinriksdóttir 18, Auður Íris Ólafsdóttir 7.
**KR:** Orla O'Reilly 18, Kiana Johnson 16, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 14.

**Breiðablik - Skallagr. 81-72**
**Breiðablik:** Orazovic 19, Crawford 18, Telma Ásgeirsdóttir 10, Þórdís Kristjánsdóttir 10.
**Skallagrímur:** Shequila Joseph 24, Maja Michalska 14, Sigrún S. Ámundadóttir 14.

### Staðan í deildinni

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 34 | Snæfell | 26 |
| Keflavík | 34 | Haukar | 16 |
| KR | 30 | Skallagrímur | 12 |
| Stjarnan | 28 | Breiðablik | 4 |

### Meistaradeildin

**PSG - Man.Utd 1-3**
0-1 Lukaku (2.), 1-1 Juan Bernat (12.), 2-1 Lukaku (30.), 3-1 Marcus Rashford (víti) (90.).
**Manchester United er þar af leiðandi komið áfram í átta liða úrslit keppninnar.**

**Porto - Roma 2-1**
1-0 Tiquinho Soares (27.), 1-1 Daniele De Rossi (víti) (37.), 2-1 Moussa Marega (55.).
**Framlenging stóð yfir í leik Porto og Roma þegar Fréttablaðið fór í prentun.**



**Patrekur fylgist með af hliðarlínunni á HM.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Patrekur hættur með Austurríki

**HANDBOLTI** Tilkynnt var í gær að Patrekur Jóhannesson og austurríska handknattleikssambandið hefðu komist að samkomulagi um starfslok Patreks. Með því lýkur sjö og hálfs árs samstarfi þar sem Patrekur stýrði liðinu í 106 leikjum og kom liðinu á fjögur stórmót.

Austurríska handknattleikssambandið tilkynnti þetta á heimasíðu sinni þar sem Patreki var þakkað fyrir góð störf og sagt að hann væri að stíga frá borði sem einn farsælasti þjálfari liðsins frá upphafi. Þá stígur hann frá borði sem þjálfari Selfoss í Olís-deild karla í vor eftir tveggja ára starf en hann mun hefja störf fyrir danska félagið Skjern í sumar fyrir næsta tímabil.

Undir stjórn Patreks vann austurríska liðið 45 leiki, gerði sex sinnum jafntefli og tapaði 55 leikjum. Frá árinu 2014 missti austurríska liðið aðeins af tveimur stórmótum í handbolta, EM í Póllandi árið 2016 og HM í Frakklandi ári síðar. Óvíst er hver tekur við af Patreki og stýrir liðinu á Evrópumótinu í janúar sem fer fram í Austurríki, Noregi og Svíþjóð.

„Ég er þakklátur öllu því fólki sem ég hef unnið með hjá Austurríki. Ég fékk tækifæri til að stýra liðinu árið 2011 og er stoltur af þeim afrekum sem við náðum saman.“ – **kpt**

# Góður endir hjá íslenska liðinu í Algarve

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu lauk leik á Algarve-mótinu í Portúgal, sem stóð yfir í tæpa viku, með sannfærandi 4-1 sigri gegn gestgjöfum mótsins. Sá sigur þýðir að Ísland hafnar í níunda sæti í mótinu.

Það voru Agla María Albertsdóttir, Selma Sól Magnúsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Svava Rós Guðmundsdóttir sem skoruðu mörk íslenska liðsins í leiknum.Þetta voru fyrstu landsliðsmörk Selmu Sólar og Svövu Rósar fyrir íslenska landsliðið og fyrsta mark Margrétar Láru síðan í byrjun júní árið 2016.

„Þetta var gott svar eftir slakan leik gegn Skotum. Við stýrðum þessum leik vel og áttum margar góðar sóknir. Við sýndum líka góða baráttu og góðan liðsbrag. Það er líka gott að fá aukna breidd í sóknarleikinn. Svava og Selma skora sín fyrstu landsliðsmörk og Margrét Lára skoraði langþráð mark. Það er mikilvægt fyrir okkur að það leggi margar í púkkið í sóknarleiknum og þeir leikmenn sem koma inn á í leikjum láti til sín taka. Við erum heilt yfir sátt með frammistöðu okkar á mótinu þó svo að leikurinn við Skota hafi auðvitað alls ekki verið nógu góður," sagði Jón Þór.

„Það eru alþjóðlegir leikdagar í apríl og júní og við stefnum að því að leika tvo vináttulandsleiki í báðum gluggunum. Undankeppnin fyrir EM 2021 hefst svo um mánaðamótin ágúst og september og við förum jákvæð í næstu verkefni," segir hann um framhaldið. – hó


Elín Metta Jensen lék vel fyrir íslenska liðið á Algarve. NORDICPHOTOS/GETTY

## Brodie ráðinn til starfa hjá GSÍ

**GOLF** Englendingurinn Gregor Brodie var í gær ráðinn landsliðsþjálfari og afreksstjóri Golfsambands Íslands en hann tekur við starfinu af Finnanum Jussi Pitkänen.

Gengið var frá ráðningunni í vikunni og hefur Brodie störf fyrir GSÍ um miðjan mars.

Alls bárust Golfsambandinu fjörutíu umsóknir um stöðu afreksstjóra landsliðsins og komu 32 þeirra að utan en ljóst var að GSÍ ætlaði að ráða manneskju inn í sama hlutverk og Jussi var með sem afreksstjóri.

Kemur fram í tilkynningu á heimasíðu Golfsambandsins að Brodie, sem er 44 ára gamall, hafi starfað undanfarin níu ár sem PGA-kennari og þjálfari og sé með meistaragráðu í þjálffræðum frá íþróttaháskólanum í Birmingham.

Hann hafi unnið í þjálfarateymi velska golfsambandsins, meðal annars að afreksstefnu sambandsins fyrir næstu ár og var hann hluti af þjálfarateyminu þegar Wales varði Evrópumeistaratitil árið 2017.



Þá hefur hann unnið með atvinnukylfingum af Evrópumótaröðunum í karla- og kvennaflokki ásamt því að vera á lista yfir hundrað bestu þjálfara Bretlandseyja árið 2012. – kpt

## Ólafía Þórunn hefur leik í dag

**GOLF** Kylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR hefur leik á SkyIGolf-mótinu í Flórída í dag sem er hluti af Symetra-mótaröðinni, þeirri næststerkustu í Bandaríkjunum. Þetta verður fyrsta mót Ólafíu Þórunnar í fjóra mánuði fyrir utan styrktarmót á Bahamaeyjum sem hún tók þátt í í febrúar.

Ólafíu tókst ekki að endurnýja þátttökurétt sinn á LPGA-mótaröðinni í fyrra og er með takmarkaðan keppnisrétt á þessu tímabili. Með góðum árangri á Symetra-mótaröðinni getur hún öðlast þátttökurétt á LPGA á næsta tímabili. Tíu stigahæstu kylfingarnir í lok tímabilsins fá þátttökurétt í LPGA-mótaröðinni á næsta tímabili.



Mótið fer fram á Charlotte Harbor-golfvellinum í Orlando og hefur Ólafía leik rétt fyrir kvöldmatarleytið að íslenskum tíma. Ólafía er með Mind Muang-khumsakul frá Taílandi og hinni bandarísku Jessy Tang í ráshóp. – kpt




FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
7. MARS 2019 FIMMTUDAGUR



✝

Heittelskaður og elskandi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Pálsson**

dr. og fyrrv. sóknarprestur í Hallgrímskirkju,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 2. mars. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 12. mars klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjálparstarf kirkjunnar og Unicef.

**Jóhanna G. Möller**
**Margrét Kristín Sigurðardóttir Børge J. Wigum**
**Embla Gabríela Wigum og Ágúst Örn Wigum**
**Haukur Þór Búason Kolbrún Mist Pálsdóttir**
**Birgir Hrafn Búason Sæunn Ýr Marinósdóttir**
**Daníel Leó og Atli Hrafn**
**Arnar Már Búason og Viktor Örn**



✝

Ástkær bróðir okkar,

**Sigurður Magni Sveinbjörnsson**

Dvalarheimilinu Ási, Hveragerði,

lést á heimili sínu 26. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Systkini hins látna og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sigrún Edda Hringsdóttir**

Dalsbrún 16, Hveragerði,

sem lést á sjúkrahúsi á Spáni 23. febrúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Guðríðarkirkju, Grafarholti, þriðjudaginn 12. mars klukkan 13.00.

**Hafsteinn Jónsson**
**Sigrún Hafsteinsdóttir Guðmundur Andri Bergmann**
**María Hafsteinsdóttir Björn Ingimundarson**
**Hermann Hafsteinsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lydía Rósa Sigurlaugsdóttir**

Ísafirði,

lést fimmtudaginn 28. febrúar sl. Útför hennar verður gerð frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 9. mars kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á slysavarnadeildina Iðunni, Ísafirði.

**Albert Óskarsson Sigfríður Hallgrímsdóttir**
**Óskar Ágúst og Arna Sigríður**
**Lydía Ósk Óskarsd. Kristján M. Ólafsson**
**Lydía Hrönn og Iðunn Rún**
**Hanna Rósa, Engilráð Ósk og Eydís Eva Einarsdætur**
**og langömmubörn.**



**Rakel, formaður Fúríu, og Agnes Wild leikstjóri hlakka mikið til frumsýningarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ævintýrasöngleikur í Iðnó

**Það verður líflegt á sviðinu í Iðnó í kvöld þegar söngleikurinn Srekk verður sýndur þar af leikfélagi Kvennaskólans, Fúríu. Þar er um frumsýningu á Íslandi að ræða.**

Nemendur Kvennó eru að tínast á æfingu í Iðnó eftir skóla þegar þetta viðtal fer fram. Rakel Svavarsdóttir, formaður leikfélagsins Fúríu, er mætt áður og búin að hengja upp leiktjöld ásamt fleirum. „Við erum að setja upp söngleikinn Srekk í fyrsta sinn hér á Íslandi og erum stolt af því,“ segir Rakel. „Það er sýning fyrir alla fjölskylduna.“ Hún segir Agnesi Wild leikstjóra eiga hugmyndina. „Agnes vann með okkur í fyrra og við fengum hana aftur því hún er æðisleg. Hún hefur séð Srekk erlendis, hann hefur verið sýndur á Broadway og West-End. Fyrst vorum við í stjórn leikfélagsins svolítið efins út af krefjandi búningum og leikmynd en svo fengum við flinkan hönnuð, Evu Björg Harðardóttur, sem hjálpaði okkur með þann þátt og Aníta Rós Þorsteinsdóttir er höfundur dansa.“

Sviðið í Iðnó má ekki minna vera þegar svona fjölmenn sýning er annars vegar en nemendur Kvennó kunna á það því þeir hafa sýnt þar í nokkur ár, að sögn Rakelar. „Í fáeinum atriðum er allur leikhópurinn á sviðinu í einu, samtals 29 manns,“ segir hún brosandi. En eru góðir söngvarar í skólanum? „Já, það er fullt af vönum söngvurum og svo er fjöldi fólks í sýningunni sem hafði aldrei sungið áður en við erum með frábæra söngstýru, Sigrúnu Harðardóttur, hún er góð að kenna fólki og því verður þetta mjög flott.“

Margir koma líka að sýningunni sem ekki fara á svið, Rakel bendir á að unnið sé að því að prenta leikskrá og plakót sem eigi að fara að dreifa. En um hvað snýst söngleikurinn í stuttu máli? „Hann fjallar um tröllkarlinn Srekk sem vill búa einn í sinni mýri, langt frá ys og félagslífi en Farquad lávarður hatar ævintýrapersónur ríkisins og sendir þær allar út í mýrina. Tröllið verður bandbrjálað en samþykkir að bjarga prinsessunni Fíónu úr turni eldspúandi dreka, og vinna með því mýrina aftur. Þetta er langt ferðalag og hann lærir margt á leiðinni, til dæmis um vináttuna … já, svo er bara að bíða og sjá.“



**Farquad lávarður liggur makindalega í kastala sínum og hermenn hans standa vörð.**

**Það er fullt af vönum söngvurum og svo er fjöldi fólks í sýningunni sem hafði aldrei sungið áður en við erum með frábæra söngstýru, Sigrúnu Harðardóttur, hún er góð að kenna fólki og því verður þetta mjög flott.**

**gun@frettabladid.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og bróður,

**Ólafs Hákonar Guðmundssonar**

Grashaga 20.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á lyflækningadeild HSU fyrir einstaka umönnun og umhyggju.

**Jónína Magnúsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn,**
**systur hins látna og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Veronika Pétursdóttir**

lést 13. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til starfsfólks Sólteigs Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun.

**Kristín Ólafsdóttir Sigurður Guðjónsson**
**Pétur Ólafsson**
**Bjarki H. Ólafsson Kristín Helga Friðriksdóttir**
**Sigþrúður Ólafsdóttir Björn J. Hannesson**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


KONUKVÖLD Í SMÁRALIND
OPIÐ FRÁ 10 TIL 23
20%
afsláttur
af öllum
vörum
nema tilboðsvörum
Optical Studio
www.OpticalStudio.is
Módel: Brynja Dan

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 7 |
| Ísafjörður | -5 | 5 |
| Akureyri | -4 | 3 |
| Egilsstaðir | -1 | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 0 | 12 |
| Hveravellir | -7 | 5 |

Lægir smám saman og víða léttir til, en austan 10-18 og dálítil snjókoma allra syðst fram eftir degi. Hiti 0 til 4 stig syðst að deginum, en annars frost 0 til 8 stig og kaldast inn til landsins. Harðnandi frost í kvöld, einkum í innsveitum.

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 3 |
| Ísafjörður | -7 | 4 |
| Akureyri | -3 | 3 |
| Egilsstaðir | -1 | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | -1 | 11 |
| Hveravellir | -6 | 3 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 1 |
| Ísafjörður | -3 | 13 |
| Akureyri | -8 | 1 |
| Egilsstaðir | -4 | 1 |
| Kirkjubæjarkl. | 1 | 4 |
| Hveravellir | -5 | 2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. þíða
5. umrót
6. titill
8. krota
10. hljóm
11. tækifæri
12. fita
13. ógætinn
15. kroppur
17. mælieining

**LÓÐRÉTT**
1. vínandi
2. mót
3. klaka
4. afhending
7. gunga
9. slæpist
12. stela
14. bót
16. skóli

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** afísa, **5.** los, **6.** fr, **8.** krassa, **10.** óm, **11.** lag, **12.** tólg, **13.** óvar, **15.** líkami, **17.** karat.
**LÓÐRÉTT: 1.** alkóhól, **2.** form, **3.** ísa, **4.** afsal, **7.** rag-geit, **9.** slórar, **12.** taka, **14.** vík, **16.** ma.

## Skák Gunnar Björnsson

Davíð Kjartansson (2.396), Skákdeild Fjölnis, átti leik gegn Sverri Þorgeirssyni (2.311), Taflfélagi Garðabæjar.
**8. Bxb8!** Sverrir gafst upp því eftir **8.... Hxb8 9. Bb5** fellur drottningin. Davíð tryggði sér lokaáfanga sinn að alþjóðlegum meistaratitli með þessum sigri. B-sveit Skákdeildar KR vann sigur í 4. deild. B-sveit Hróka alls fagnaðar og Ungmennasamband Borgarfjarðar fylgir þeim upp í 3. deild.
**www.skak.is:**
Héðinn í St. Louis.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HELGIN BYRJAR Í NETTÓ!

**Nautamjaðmasteik**
**1.999** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.998 KR/KG
-50%





-20%
**Lærissteik**
Ítalskt gremolada
**2.398** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG




-20%
**Oreo- og Daimís**
3 í pakka
**479** KR/PK
**ÁÐUR:** 599 KR/PK



-56%
**Svínahakk**
Ferskt
**499** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.135 KR/KG



-25%
**Danpo kjúklingabringur**
900 gr
**1.274** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.698 KR/PK



-30%
**Croissant**
Með skinku og osti
**181** KR/STK
**ÁÐUR:** 259 KR/STK



-20%
**Gourmet brauð**
608 gr
**279** KR/STK
**ÁÐUR:** 349 KR/STK

## LJÚFFENG SUNNUDAGSSTEIK



-45%
**Bayonne skinka**
Kjötsel
**1.097** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.995 KR/KG




-20%
**Fjölnota grænmetis- og ávaxtapokar**
5 stk
**559** KR/PK
**ÁÐUR:** 699 KR/PK

**Mangó**
**249** KR/KG
**ÁÐUR:** 498 KR/KG



-50%

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**

**Tilboðin gilda 7. - 10. mars 2019**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING

# Týnd í skógi Shakespeares

**LEIKHÚS**

**Jónsmessunæturdraumur**

★★½☆☆

**Þjóðleikhúsið**

**Höfundur:** William Shakespeare
**Þýðing:** Þórarinn Eldjárn
**Leikstjórn:** Hilmar Jónsson
**Leikarar:** Atli Rafn Sigurðarson, Birgitta Birgisdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Pálmi Gestsson, Eygló Hilmarsdóttir, Þórey Birgisdóttir, Oddur Júlíusson, Hákon Jóhannesson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarni Snæbjörnsson, Edda Arnljótsdóttir, Aron Steinn Ásbjarnarson, Hildur Jakobína Tryggvadóttir, Hildur Ketilsdóttir, Juliette Louste, Sindri Diego og Skotta
**Leikmynd:** Eva Signý Berger
**Búningar:** Karen Briem
**Danshöfundur:** Katrín Gunnarsdóttir
**Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson
**Tónlist, tónlistarstjórn og útsetningar:** Gísli Galdur Þorgeirsson
**Hljóðmynd:** Gísli Galdur Þorgeirsson og Kristján Sigmundur Einarsson
**Þýðing söngtexta:** Magnea J. Matthíasdóttir

Um síðustu helgi frumsýndi Þjóðleikhúsið Jónsmessunæturdraum eftir William Shakespeare, í nýrri þýðingu Þórarins Eldjárns, á stóra sviðinu. Verkið er ærslafullur gamanleikur um ást, öfund og losta í fjölbreyttum og stundum forvitnilegum formum en allt fer vel að lokum. En þó leikritið endi farsællega þýðir það ekki að sýningin fari á sama veg…

## Heillandi í byrjun

Jónsmessunæturdraumur er heillandi í byrjun. Anddyri Hótels Aþenu, sem myndi sóma sér vel í kvikmynd eftir Wes Anderson, býður áhorfendur velkomna með litagleði, dillandi tónlist og köldu kampavíni. Hilmar Jónsson, leikstjóri sýningarinnar, kynnir persónur verksins á ferskan máta og býr til lifandi umhverfi þar sem ólíkir söguþræðir samtvinnast á sviðinu, leikarar lauma sér inn og út úr hótelherbergjum og spjalla þess á milli. En þessi ágæta stemming varir stutt og fljótlega dettur botninn úr sýningunni. Áhugaverðu hugmyndirnar sem kynntar voru til sögunnar í byrjun birtast ekki aftur, hótelið er yfirgefið og skelin notuð til að tákna töfraskóginn þar sem unga fólkið týnist, en þar týnist leikritið líka.

Ósanngjarnt er að leggja ábyrgðina á axlir unga fólksins í burðarhlutverkum sýningarinnar, þrjú þeirra eru að stíga sín fyrstu skref á atvinnusviði. Oddur Júlíusson, sá reynslumesti í kvartettinum, er að marka sér sérstöðu á íslensku leiksviði sem eitt mesta leikaraefni sinnar kynslóðar. Hann er fjölhæfur, tæknilega fær og fimur í textaflutningi. Í hans höndum ber Lýsander af fjórmenningunum, svo nokkru munar. Þórey Birgisdóttir leikur Hermíu, ástina hans, af tilfinningalegum þrótti en fótar sig betur í kómíkinni en dramatíkinni. Helena, leikin af Eygló Hilmarsdóttur, er besta vinkona Hermíu og heltekin af durtinum Demetríusi, leikinn af Hákoni Jóhannessyni. Eygló hefur margt til brunns að bera en líður fyrir vonda leikstjórn á hinni örvæntingarfullu Helenu. Hennar hlutverk er að hlaupa á eftir Demetríusi og bera sig algjörlega í von um að hann verðlauni hana með væntumþykkju. Furðuleg karakteráhersla árið 2019, Helena er miklu áhugaverðari karakter en svo. Við þennan vanda á Hákon einnig að etja og leikur Demetríus kaldan, nánast fráhrindandi, samband þeirra tveggja verður þannig aldrei skiljanlegt.

## Undirbyggingu vantar

Hinn duldi drifkraftur Jónsmessunæturdraums er hið tvíeggja tvenndarsamband aðalsfólksins Þeseifs og Hippólítu annars vegar og huldufólksins Óberons og Títaníu hins vegar. Ástríða þeirra og vélanir Þeseifs/Óberons hrinda öllu af stað. Yfirleitt eru þessi hlutverk leikin af sömu tveimur leikurunum og í þetta skiptið eru það Atli Rafn Sigurðarson og Birgitta Birgisdóttir sem eiga að tendra ástríðubálið. Ekki heppnast það betur en svo að þau eru bæði aftengd og áhugalaus, þá sérstaklega Atli Rafn. Birgitta bylgjast um sviðið af munúð en kveikir aldrei tilfinningalegt líf í Títaníu. Atli spígsporar um hjúpaður gervidemöntum og kaldhæðni sem hefta hann frekar en frelsa.

Búkki, hin tvíhyrnda hjálparhella Óberons, er leikinn af Guðjóni Davíð Karlssyni af miklum móð en persónutöfrana vantar. Samband hans og Óberons á að vera á hómóerótísku nótunum sem heppnast illa vegna þess að undirbygginguna vantar. Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur hlutverk Bossa og ætti að vera kjörin í hlutverkið. En hún leitar aftur í gamla dragkóngatakta sem hentar verkinu illa, Bossi æðir um á skjön við alla og verður truflandi afl í framvindunni.

Starfsmenn Hótels Aþenu eru ekki af verri endanum en hópinn skipa fyrrnefnd Ólafía Hrönn, Sigurður Sigurjónsson, Bjarni Snæbjörnsson, Pálmi Gestsson, Edda Arnljótsdóttir og Aron Steinn Ásbjarnarson. Þeirra ljós fær svo sannarlega að skína þegar hótelstarfsmennirnir frumsýna leikritið inni í leikritinu, „Af Pýramusi unga og Þispu, stuttur þáttur, þrautleiðinlegur sorgargamanleikur“ enda besta atriði sýningarinnar. Reynsluboltarnir Pámi og Sigurður skilja að minna er meira þegar kemur að gamanleik en Bjarni lætur freistast og leitar í óþarfa ýkjur. Synd er að sjá hæfileika Eddu jafn vannýtta í verki sem hún ætti að blómstra í. Aron Steinn gerir sér lítið fyrir, með hjálp smáhundsins Skottu, og stelur senunni, án þess að segja stakt orð.

## Íburðarmikil umgjörð

Listræn umgjörð sýningarinnar er íburðarmikil og töfrandi. Leikmyndahönnuðurinn Eva Signý Berger er að ná tökum á víddum stóra sviðsins, hótelið er listasmíð en týnist þegar hringsviðið fer af stað sem setur stigapallinn í forgrunn, þannig takmarkast rýmið frekar en að opnast. Töfraskógurinn lifnar aldrei við og hótelhugmyndin er illa nýtt. Búningahönnun Karenar Briem er vissulega djörf og glysgjörn en skortir, líkt og sýninguna, heildarmynd.

Hæfileikar Gísla Galdurs Þorgeirssonar á tónlistarsviðinu eru ótvíræðir, og hinir frumsömdu tónar hans hér eru hljómþýðir, en sjaldan hefur honum misheppnast jafn hrapallega í tónlistarstjórnun. Sú ákvörðun að pota tilviljunarkenndum tónlistaratriðum inn í sýninguna er ekki bara vond heldur illa útfærð og senurnar eru vandræðalegar. Alla rekur í rogastans á meðan karakterar bresta í karókísöng til að útskýra sína afstöðu í verkinu, eftir hlé sjást síðan þessi atriði ekki meir. Þýðing söngtextanna er líka alveg á skjön við þýðingu leiktextans enda er önnur manneskja þar að baki. Í heildina tekst Katrínu Gunnarsdóttur betur upp þegar kemur að dansinum, sérstaklega sviðshreyfingum álfanna, alveg fram að síðasta atriði sýningarinnar sem er álíka dapurlegt og karókíbræðingurinn fyrir hlé.

Samband Þjóðleikhússins við höfuðskáld Bretlandseyjanna hefur verið brokkgengt á síðustu árum og ekki skánar það með Jónsmessunæturdraumi. Þýðing Þórarins Eldjárns er ágæt en túlkun listrænna stjórnenda nær aldrei neinni dýpt. Hilmar skortir samræmda hugmyndafræði og er sýningin samansett úr stökum atriðum sem hann nær aldrei að bræða saman. Leikararnir virðast vera að leika í mismunandi sýningum, hver og einn með mismunandi nálgun. Alltof mikil áhersla er lögð á umgjörðina og sniðugar skyndilausnir frekar en að sýna bæði textanum og áhorfendum þá virðingu sem þau eiga skilið. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Innihaldslítill glingurglundroði.


„En þó leikritið endi farsællega þýðir það ekki að sýningin fari á sama veg.“

**SAMBAND ÞJÓÐLEIKHÚSSINS VIÐ HÖFUÐSKÁLD BRETLANDSEYJANNA HEFUR VERIÐ BROKKGENGT Á SÍÐUSTU ÁRUM.**






# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. MARS 2019

**Hvað?** Skiltagerð fyrir loftslagsverkfall
**Hvenær?** 19.00-22.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti 7
Skiltagerð 7. mars kl. 19 á Lofti hosteli til að undirbúa loftslagsverkfall 8. mars! Bendum á að það þarf að koma með eigið efni til skiltagerðar. Fjölmennum svo öll á föstudag og krefjumst þess að Ísland taki af skarið í loftslagsmálum!

**Hvað?** Iðnþing 2019
**Hvenær?** 14.00-17.00
**Hvar?** Harpa
Yfirskrift þingsins að þessu sinni er Íslenskur iðnaður í fortíð, nútíð og framtíð. Íslenskur iðnaður hefur verið órjúfanlegur hluti af sögu Íslands og verður þess minnst nú þegar 25 ár eru liðin frá stofnun Samtaka iðnaðarins. Á þinginu verður horft á það sem áunnist hefur í áranna rás, varpað verður upp myndum af stöðu dagsins í dag, auk þess sem rýnt verður í framtíðina sem er rétt handan við hornið. Þá munu forkólfar íslensks iðnaðar segja frá sinni sýn á framtíðina.

**Hvað?** Bingó ungmennaráðs UN Women
**Hvenær?** 19.30-21.30
**Hvar?** Kex Hostel (kjallari)
Fimmtudaginn 7. mars verður hið árlega bingó Ungmennaráðs UN Women haldið í kjallara KEX Hostels kl. 19.30. Þar munu fást drykkir á hagstæðu verði. Inngangur er ókeypis en á staðnum verða seld bingóspjöld og miðar í happdrætti. Upphaflega spjaldið kostar 1.000 kr. en eftir það fæst hvert fyrir eingöngu 500 kr. Happdrættismiðar kosta 500 kr. stykkið. Allur ágóði sölunnar rennur óskiptur til málefna UN Women.

**Hvað?** Heimsókn til Guðlaugs Þórs
**Hvenær?** 17.00-18.30
**Hvar?** Utanríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25
Guðlaugur Þór Þórðarson býður sjálfstæðiskonum til heimsóknar í utanríkisráðuneytið fimmtudaginn 7. mars kl. 17. Guðlaugur Þór ætlar að segja frá helstu verkefnum og áherslum sínum í starfi, m.a. um þróun á utanríkisþjónustu í þágu atvinnulífs síðustu tvö ár. Það er ekki tæmandi listi þegar kemur að utanríkismálum og því verður spennandi að hitta Guðlaug Þór þegar allra augu beinast að Brexit og fundi Trumps og Kim Jong-un.



**Hvað?** Katrín Jakobsdóttir á Selfossi
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Hótel Selfoss, Eyravegi 2
Katrín Jakobsdóttir, ásamt þingmönnum VG og Hreindísi Ylvu ,formanni UVG, verður á opnum fundi fimmtudaginn 7. mars klukkan 20.00 á Hótel Selfossi. Þau ætla að ræða stjórnarsamstarfið, hvað hefur áunnist og hver verkefnin eru fram undan. Þá fara þau yfir stöðuna á vinnumarkaðnum og í efnahagslífinu.



Frá síðasta loftslagsverkfalli á Austurvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 10.03 | kl. 13:00 U | Sun 24.03 | kl. 16:00 U | Sun 14.04 | kl. 13:00 U | Sun 05.05 | kl. 16:00 U |
| Sun 10.03 | kl. 16:00 U | Sun 31.03 | kl. 13:00 U | Sun 14.04 | kl. 16:00 U | Sun. 12.05 | kl 13:00 U |
| Sun 17.03 | kl. 13:00 U | Sun 31.03 | kl. 16:00 U | Sun 28.04 | kl 13:00 U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 Ö |
| Sun 17.03 | kl. 16:00 U | Sun 07.04 | kl. 13:00 U | Sun 28.04 | kl. 16:00 U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 Ö |
| Sun 24.03 | kl. 13:00 U | Sun 07.04 | kl. 16:00 U | Sun 05.05 | kl. 13:00 U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 |



### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 08.03 | kl 19:30 U | Lau.23.03 | kl 19:30 Ö | Fös. 05.04 | kl 19:30 |
| Lau. 09.03 | kl 19:30 U | Fös. 29.03 | kl 19:30 Ö | | |



### Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 07.03 | kl. 19:30 U | Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl 19:30 U | Fös. 12.04 | kl 19:30 |
| Fös. 15.03 | kl 19:30 U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 | | |



### Þitt eigið leikrit
Kúlan

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim.07.03 | kl. 18:00 U | Sun. 17.03 | kl. 15:00 U | Sun. 24.03 | kl 15:00 U | Sun.31.03 | kl 17:00 U |
| Fös. 08.03 | kl. 18:00 U | Sun. 17.03 | kl. 17:00 U | Sun. 24.03 | kl 17:00 U | Lau 06.04 | kl. 15:00 Ö |
| Lau 09.03 | kl. 15:00 U | Lau 23.03 | kl 15:00 U | Lau. 30.03 | kl 15:00 U | Sun 07.04 | kl. 15:00 |
| Lau 09.03 | Kl. 17:00 U | Lau 23.03 | Kl. 17:00 U | Sun 31.03 | kl. 15:00 U | | |



### Súper
Kassinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Mið 27.03 | kl. 19:30 U | Fim.04.04 | kl. 19:30 U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 Ö |
| Mið. 20.03 | kl. 19:30 U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 U | Lau 06.04 | kl. 19:30 Au | | |
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 U | Mið 10.04 | kl. 19:30 Au | | |
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 U | Fim 11.04 | kl. 19:30 Ö | | |



### Mið-Ísland
Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 07.03 | kl. 19.30 U | Fös. 08.03 | Kl. 22.00 U | Lau 09.03 | Kl. 22.00 | Fös 15.03 | kl. 19:30 U |
| Fös. 08.03 | kl. 19.30 U | Lau 09.03 | kl. 19:30 Ö | Fim 14.03 | kl. 21:00 | Fös 15.03 | Kl. 22:00 U |



### Improv
Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 06.03 | kl. 20:00 | Mið 20.03 | kl. 20:00 | Mið 03.04 | kl. 20:00 |
| Mið. 13.03 | kl. 20:00 | Mið 27.03 | kl. 20:00 | | |



### Bara góðar
Leikhúskjallarinn

| | |
|---|---|
| Sun.17.03 | kl. 20:00 |



### Dimmalimm
Brúðuloftið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14.03 | Kl. 14.00 | Lau 23.03 | Kl. 14.00 | Lau 30.03 | Kl. 14.00 |

## Borgarleikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þri 12.03 | Kl 19:00 UF | Fös 22.03 | Kl 19:00 U | Sun 07.04 | Kl 19:00 U | Fös 26.04 | Kl 19:00 U |
| Mið 13.03 | Kl 19:00 UF | Lau 23.03 | Kl 19:00 U | Mið 10.04 | Kl 19:00 U | Sun 28.04 | Kl 19:00 U |
| Fim 14.03 | Kl 19:00 UF | Sun 24.03 | Kl 19:00 U | Fös 12.04 | Kl 19:00 U | Þri 30.04 | Kl 19:00 U |
| Fös 15.03 | Kl 19:00 U | Mið 27.03 | Kl 19:00 U | Lau 13.04 | Kl 13:00 U | Fim 02.05 | Kl 19:00 Ö |
| Lau 16.03 | Kl 19:00 U | Fim 28.03 | Kl 19:00 U | Sun 14.04 | Kl 19:00 U | Mið 08.05 | Kl 19:00 Ö |
| Sun 17.03 | Kl 19:00 U | Sun 31.03 | Kl 19:00 U | Þri 16.04 | Kl 19:00 U | Fim 09.05 | Kl 19:00 Ö |
| Mið 20.03 | Kl 19:00 U | Mið 03.04 | Kl 19:00 U | Mið 24.04 | Kl 19:00 U | | |
| Fim 21.03 | Kl 19:00 U | Fös 05.04 | Kl 19:00 U | Fim 25.04 | Kl 19:00 Ö | | |



### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 08.03 | Kl. 20:00 U | Lau 13.04 | Kl. 20:00 Ö | Fös 17.05 | Kl. 20:00 Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 ÖL |
| Lau 09.03 | Kl. 20:00 U | Lau 27.04 | Kl. 20:00 Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | | |
| Lau 30.03 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | | |
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 Ö | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | | |



### Ríkharður III
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | Kl. 20:00 U | Fim 04.04 | Kl. 20:00 Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 ÖL |



### Fólk, staðir og hlutir
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 07.03 | Kl. 20:00 U | Sun 10.03 | Kl. 20:00 U | Fös 15.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Fös 08.03 | Kl. 20:00 U | Mið 13.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 16.03 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 09.03 | Kl. 20:00 U | Fim 14.03 | Kl. 20:00 Ö | Sun 17.03 | Kl. 20:00 ÖL |



### Kvenfólk
Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 08.02 | Kl. 20:00 Ö | Fös 15.03 | Kl. 20:00 Ö | Sun 30.03 | Kl. 20:00 |
| Lau 09.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 23.03 | Kl. 20:00 | | |



### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 U | Þrið 24.04 | Kl. 20:00 U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | | |



### Club Romantica
Nýja sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 07.03 | Kl. 20:00 Ö | Sun 10.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 16.03 | Kl. 20:00 | Fös 22.03 | Kl. 20:00 |



### Bæng!
Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 Ö |



### Kvöldvaka með Jóni Gnarr
Litla sviðið

| | |
|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 Ö |



### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Lau 11.05 | Kl. 20:00 |

## Tónlistarveisla á Rás 1

ENDURÓMUR
ÚR EVRÓPU



Í kvöld kl. 19

Tónleikar frá helstu tónleikasölum Evrópu í samstarfi við Samband evrópskra útvarpsstöðva.

ÓPERUKVÖLD
ÚTVARPSINS



fimmtudaga kl. 19

Gústaf Vasa eftir Leopold Kozeluch. Hljóðritað í Tónlistarmiðstöðinni í Helsinki í fyrra vor.

ÚR TÓNLISTAR
LÍFINU



sunnudaga kl. 16.05

Það sem hæst ber í blómlegu íslensku tónlistarlífi.



Menningin finnur sér farveg á RÚV.is

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### RÚV SJÓNVARP

**13.00** **Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Hornafjörður - Skagafjörður**
**14.05** **Úr Gullkistu RÚV. 360 gráður**
**14.35** **Úr Gullkistu RÚV. Kexverksmiðjan**
**15.00** **Úr Gullkistu RÚV. Taka tvö Lárus Ýmir Óskarsson**
**15.55** **Úr Gullkistu RÚV. Popppunktur 2010 Fóstbræður - Mið-Ísland**
**17.00** **Úr Gullkistu RÚV. Landinn 2010-2011**
**17.30** **Hið ljúfa líf**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Strandverðirnir**
**18.13** **Fótboltastrákurinn Jamie** Jamie Johnson er 11 ára strákur sem á sér þann draum að verða atvinnumaður í fótbolta. En að passa inn í vinahópinn í skólanum og ná markmiðum sínum er hægara sagt en gert.
**18.41** **Bestu vinir**
**18.45** **Bílskúrsbras**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**19.50** **Menningin**
**20.05** **Ferðastiklur Fljótavík**
**20.50** **Lamandi ótti** Caroline er 23 ára og er haldin fælni við að kasta upp. Fælnin hefur náð stjórn á lífi hennar og hún á erfitt með ýmsar hversdagslegar athafnir þar sem hún óttast stöðugt að komast í snertingu við sýkla sem gætu orðið þess valdandi að hún kasti upp.
**21.10** **Gæfusmiður** Önnur þáttaröð þessara bresku þátta um rannsóknarlögreglumanninn og spilafíkilinn Harry Clayton og armbandið hans sem veitir honum yfirnáttúrulega gæfu. Þegar Harry hittir hina dularfullu Isabellu, sem á sams konar armband, kemur hún öllu því sem hann hélt að hann vissi um armbandið sitt í uppnám. Aðalhlutverk. James Nesbitt, Thekla Reuten og Sienna Guillory. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veður**
**22.20** **Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í von um að koma í veg fyrir frekari ódæðisverk. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** **Löwander-fjölskyldan** Sænsk þáttaröð um ástir og örlög Löwander-fjölskyldunnar, sem rekur vinsælan veitingastað í Stokkhólmi undir lok seinni heimsstyrjaldar. Leikstjóri. Harald Hamrell. Leikarar. Suzanne Reuter, Mattias Nordkvist, Adam Lundgren, Hedda Stiernstedt, Charlie Gustafsson, Rasmus Troedsson, Anna Bjelkerud og Josefin Neldén. e.
**00.05** **Kastljós**
**00.20** **Menningin**
**00.30** **Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**09.05** **The Honda Classic**
**13.05** **PGA Highlights**
**14.00** **Golfing World**
**14.50** **Champions Tour Highlights**
**15.45** **Arnold Palmer Invitational**
**18.35** **Inside the PGA Tour**
**19.00** **Arnold Palmer Invitational** Bein útsending frá Arnold Palmer Invitational á PGA mótaröðinni.
**23.00** **Golfing World**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **The Tonight Show**
**09.30** **The Late Late Show**
**10.15** **Síminn + Spotify**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.45** **Younger**
**14.10** **The Voice US**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **The Late Late Show**
**19.45** **The Kids Are Alright**
**20.10** **Með Loga**
**21.10** **A Million Little Things**
**21.55** **The Resident**
**22.40** **How to Get Away with Murder**
**23.25** **The Tonight Show**
**00.10** **The Late Late Show**
**00.55** **NCIS**
**01.40** **NCIS. Los Angeles**
**02.25** **Law and Order. Special Victims Unit**
**03.10** **The Truth About the Harry Quebert Affair**
**03.55** **Ray Donovan**

### RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Segðu mér**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Á reki með KK**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Á tónsviðinu**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Flakk Flakk - Flakk um Kvosarskipulagið frá 1986**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Víðsjá**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestin**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Útvarp Krakka RÚV**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Óperukvöld Útvarpsins-Gústaf Vasa**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Passíusálmar**
**22.15** **Samfélagið**
**23.05** **Lestin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55** **Sassy Pants**
**13.25** **Elsa & Fred**
**15.05** **The Choice**
**16.55** **Sassy Pants**
**18.25** **Elsa & Fred**
**20.05** **The Choice**
**22.00** **Murder on the Orient Express**
**23.55** **The Accountant**
**02.00** **Cell**
**03.40** **Murder on the Orient Express**

### STÖÐ 2

**07.00** **The Simpsons**
**07.25** **Two and a Half Men**
**07.50** **Friends**
**08.10** **The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Anger Management**
**10.00** **Wrecked**
**10.25** **Landhelgisgæslan**
**10.50** **Ísskápastríð**
**11.25** **Satt eða logið**
**12.10** **Heimsókn**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mr. Deeds**
**14.35** **Charlie and the Chocolate Factory**
**16.30** **Stelpurnar**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Veður**
**19.45** **Splitting Up Together**
**20.10** **NCIS**
**20.55** **Whiskey Cavalier**
**21.40** **The Blacklist**
**22.25** **Magnum P.I**
**23.10** **Springfloden**
**23.55** **Mr. Mercedes**
**00.45** **Shameless**
**01.40** **Silent Witness**
**02.35** **Silent Witness**
**03.30** **Rebecka Martinsson**
**04.15** **Rebecka Martinsson**
**05.00** **Rebecka Martinsson**

### STÖÐ 3

**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.55** **The New Girl**
**21.20** **Supergirl**
**22.05** **Arrow**
**22.50** **Game Of Thrones**
**23.45** **The Simpsons**
**00.10** **Bob's Burgers**
**00.35** **American Dad**
**01.00** **Modern Family**
**01.25** **Seinfeld**
**01.50** **Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.30** **Valencia - Athletic Bilbao**
**09.10** **Leganes - Levante**
**10.50** **Spænsku mörkin**
**11.20** **Sheffield Wednesday - Sheffield United**
**13.00** **Football League Show**
**13.30** **Ítölsku mörkin**
**14.00** **Porto - Roma**
**15.40** **PSG - Manchester United**
**17.20** **Meistaradeildarmörkin**
**17.50** **Eintracht Frankfurt - Inter Milan** Bein útsending
**19.55** **Chelsea - Dynamo Kiev** Bein útsending
**22.00** **Premier League World**
**22.30** **Rennes - Arsenal**
**00.10** **Valur - Skallagrímur**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**06.55** **Porto - Roma**
**08.35** **PSG - Manchester United**
**10.15** **Burnley - Crystal Palace**
**11.55** **Manchester United - Southampton**
**13.35** **Premier League Review**
**14.30** **Stjarnan - Njarðvík**
**16.10** **Domino's körfuboltakvöld**
**17.50** **Rennes - Arsenal Bein útsending**
**19.55** **Napoli - Salzburg Bein útsending frá**
**22.00** **Þór Þorl. - Keflavík**
**23.40** **Eintracht Frankfurt - Inter Milan**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# Þú finnur draumastarfið á

# job.is


Sölu- og markaðsstörf


Heilbrigðisþjónusta


Iðnaðarmenn


Upplýsingatækni


Verslun og þjónusta


Veitingastaðir


Kennsla


Ferðaþjónusta


Stjórnendur

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

job.is

# Stærsti nammidagur ársins

Einn eftirlætisdagur ungu kynslóðarinnar, **öskudagur**, var í gær og mátti sjá kát, grímuklædd börn um allan bæ með sælgæti í poka.

Öskudagur er upphafsdagur lönguföstu, miðvikudagurinn í sjöundu viku fyrir páska. Þó undanfarin ár hafi hefðir í kringum daginn þróast yfir í að börn gangi á milli fyrirtækja og bjóði söng fyrir slikkerí þá var upphaflega um að ræða dag iðrunar og hreinsunar.

Víða um heim er haldið upp á daginn með kjötkveðjuhátíðum, fólk gerir vel við sig í mat og drykk og undirbýr sig fyrir föstuna fram undan. Hátíðir og skemmtanir eru víða og fólk skemmtir sér saman, áður en það leggst í íhugun og betrun. Börnin, sem gengu syngjandi um Smáralind og Kringluna með bros á vör í gær, skemmtu sér svo sannarlega vel og þurfa líkast til einskis að iðrast í dag. Kannski helst að deila sælgætisskammtinum eitthvað niður á næstu daga og huga að tannhreinsun.

**Tími meinlætalífs og íhugunar**

Dagurinn er upprunninn í kaþólskri trú og markar eins og fyrr segir upphaf lönguföstu, kirkjulegs tíma iðrunar. Tilvísunin í ösku kemur til þar sem sums staðar var til siðs að dreifa ösku yfir höfuð kirkjugesta eða henni var smurt á enni þeirra. Aska táknaði þannig hið forgengilega og óverðuga en var jafnframt talin búa yfir heilnæmum og hreinsandi krafti.

Hér á landi gegndi dagurinn svipuðu hlutverki, að fólk gæfi sér tíma til að iðrast synda sinna. Eftir iðrunardaginn tók svo fastan við þegar kjötmeti var tekið út en stundum einnig fiskmeti og mjólkurvörur og þeir allra hörðustu settu ekkert nema vatn og brauð inn fyrir sínar varir. Þennan tíma föstunnar átti að lifa ákveðnu meinlætalífi í mat og drykk en einnig leita inn á við, hugsa sinn gang og haga sér vel.

**Alíslenskir öskupokar**

Hefðin að hengja öskupoka aftan í fólk er séríslensk og því örlítið dapurlegt að hún virðist alveg vera að leggjast af. Lengi vel var aðalsportið við daginn að koma öskupoka aftan í einhvern grunlausan og leyfa honum að dingla þar út daginn. Siðurinn þekktist allt frá miðri 18. öld en fáir virðast enn halda hann í heiðri. bjork@frettabladid.is


Börn og foreldrar voru útsjónarsöm þegar kom að því að hanna Hatara-búninga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BÖRNIN SEM GENGU SYNGJANDI UM BÆINN MEÐ BROS Á VÖR Í GÆR ÞURFA LÍKAST TIL EINSKIS AÐ IÐRAST Í DAG. KANNSKI HELST AÐ DEILA SÆLGÆTISSKAMMTINUM NIÐUR Á NÆSTU DAGA OG HUGA AÐ TANNHREINSUN.**


Jack Skellington úr kvikmyndinni Nightmare Before Christmas var mættur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Ofurhetjurnar rúlluðu félaga sínum kampakátir um verslunarmiðstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Má bjóða þér Cheerios eða Corn Flakes? FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Þessi var ekki sérlega frýnilegur að sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Af svipnum að dæma er það ekki á hverjum degi sem þessi afgreiðir slíkar fígúrur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Öskudagurinn spyr ekki um aldur.


SKÍÐAÚTSALAN ER HAFIN
SKÍÐADEILD ÚTILÍFS ER Í SMÁRALIND
frábært úrval • fyrsta flokks þjónusta • fullkomið verkstæði
30-50%
AFSLÁTTUR AF
SKÍÐAVÖRUM*
ROSSIGNOL
northwave
ARMADA
NORDICA
LEKI
DRAKE
PERFORMANCE ADVANTAGE BINDINGS
uvex
BLIZZARD
SKI
TECNICA
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.






Iðunn Sigurðardóttir starfar hjá Íslenska matarkjallaranum. MYND/STEFÁN KARLSSON

# Allar konurnar komust áfram

Forkeppni fyrir keppnina Kokkur ársins 2019 fór fram í Kolabraut Hörpu í gær þar sem 10 matreiðslumenn kepptu um fimm eftirsótt sæti í úrslitunum sem fara fram eftir tvær vikur.

Einn hápunktur íslenska matardagatalsins, keppnin Kokkur ársins 2019, fer fram í Hörpu laugardaginn 23. mars næstkomandi. Þar takast á bestu matreiðslumenn landsins og keppa til úrslita um þennan eftirsótta titil sem veitir þátttökurétt fyrir Íslands hönd í Nordic Chef of the Year 2020 auk þess sem peningaverðlaun eru í boði fyrir fyrstu sætin.

Forkeppnin fór fram í gær þar sem tíu kokkar kepptu um þau fimm pláss sem í boði eru í lokakeppninni sjálfri. Allir faglærðir matreiðslumenn geta sótt um aðgang að keppninni og tók metfjöldi kvenna, eða þrjár konur, þátt nú í ár. „Það er mikið fagnaðarefni að sjá aukinn fjölda skráðra kvenna í keppninni. Það er okkur metnaðarmál að ná hlutfalli þeirra til jafns við karla,“ segir Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara, sem heldur keppnina.



Dómnefnd ræður ráðum sínum yfir dýrindis krásingum. MYND/STEFÁN

### Konur í fyrsta sinn í meirihluta

Eftir stranga keppni voru úrslitin kunngjörð um miðjan dag í gær og í ljós kom að allar konurnar sem skráðar voru til keppni komust áfram. Þannig að í fyrsta sinn eru konur í meirihluta keppenda í úrslitunum. Það eru þau Iðunn Sigurðardóttir hjá Íslenska matarkjallaranum, Snædís Xyza Mae Jónsdóttir Ocampo, Hótel Sögu, Mímir Restaurant, Kolbrún Hólm Þorleifsdóttir frá Deplar Farm, Sigurjón Bragi Geirsson frá Garra og Rúnar Pierre Heriveaux, Grillinu á Hótel Sögu, sem munu keppa í aðalkeppninni eftir tvær vikur og einn þessara matreiðslumanna mun standa uppi sem Kokkur ársins 2019. **bjork@frettabladid.is**



Keppendur töfruðu fram hvern réttinn af öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EFTIR STRANGA KEPPNI VORU ÚRSLITIN KUNNGJÖRÐ UM MIÐJAN DAG Í GÆR OG Í LJÓS KOM AÐ ALLAR KONURNAR SEM SKRÁÐAR VORU TIL KEPPNI KOMUST ÁFRAM.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


LAGERSALA
7.- 11. MARS // ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
OPNUNARTÍMI
7. MARS 12 - 18
8. MARS 12 - 18
9. MARS 11 - 18
10. MARS 13 - 18
11. MARS 12 - 18
ZO•ON ICELAND
STAÐSETNING
FACTORY STORE, NÝBÝLAVEGUR 6
SÍMI
557 1050




DÝNUDAGAR 35% AFSLÁTTUR

- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullaráklæði
- Steyptur svampur í köntum

Spring Air – Trusted by millions since 1926.

## SPRING AIR BEVERLY
heilsudýna – allar stærðir
140 / 160 / 180x200 / 180x210 / 192 x 203 cm

**VERÐDÆMI**
Stærð 140 x 200 cm
Fullt verð 109.900 kr.

Aðeins **71.435 kr.**




DÝNUDAGAR 35% AFSLÁTTUR

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi
- Tvöfalt gormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Silkiblandað bómullaráklæði
- Steyptur svampur í köntum

Spring Air – Trusted by millions since 1926.

## SPRING AIR REGENCY
heilsudýna – allar stærðir
160 / 180x200 / 180x210 / 192 x 203 cm

**VERÐDÆMI**
Stærð 180 x 200 cm
Fullt verð 199.900 kr.

Aðeins **129.935 kr.**




DÝNUDAGAR 35% AFSLÁTTUR

- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullaráklæði
- Sterkur botn
- Steyptur svampur í köntum

Spring Air – Trusted by millions since 1926.

## SPRING AIR EXCELLENT
heilsudýna – allar stærðir
120 / 140 / 180x200 cm

**VERÐDÆMI**
Stærð 120 x 200 cm
Fullt verð 89.900 kr.

Aðeins **58.435 kr.**



DÝNUDAGAR 50% AFSLÁTTUR

- 26 cm þykk heilsudýna sem lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- Non-slip efni á botni dýnunnar
- Engir rykmaurar
- Ofnæmisprófuð

SHAPE by Nature's Bedding

## SHAPE DELUXE
heilsudýna 90x210 cm

**DÝNUDAGAR**
Stærð 90 x 210 cm
Fullt verð 77.900 kr.

Aðeins **38.950 kr.**



DÝNUDAGAR 20% AFSLÁTTUR

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar

Nature's Bedding

## NATURE'S SUPREME
heilsudýna – allar stærðir
80 / 90 / 100 / 120 / 140 / 160 / 180 x 200 cm

**VERÐDÆMI**
Stærð 90 x 200 cm
Fullt verð 59.900 kr.

Aðeins **47.920 kr.**




DÝNUDAGAR 20% AFSLÁTTUR

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar

Nature's Bedding

## NATURE'S LUXURY
heilsudýna – allar stærðir
120 / 140 / 160 / 180 x 200 / 180 x 210 cm

**VERÐDÆMI**
Stærð 160 x 200 cm
Fullt verð 104.900 kr.

Aðeins **83.920 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 10–18 (Holtagarðar)
Mán. til fös. kl. 11–18.30 (Smáratorg)
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Dýnudagar




Allar dýnur*
20-50%
AFSLÁTTUR

* Gildir ekki af dýnum frá Simba.

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Guðrúnar Vilmundardóttur




# Álaguðspjall

Álar eru furðuleg kvikindi og búa yfir mörgum leyndardómum. Langt fram á síðustu öld var mönnum hulin ráðgáta hvernig þeir fjölguðu sér. Aristóteles taldi að þeir sprytti upp úr moldinni og tvö þúsund árum síðar ætlaði nítján ára gamall metnaðarfullur stúdent í Trieste, Sigmund Freud, að ráða álagátuna og skar upp fjögur hundruð ála í leit að karlkynsskepnu en fann ekki eina einustu. Hann sneri sér þá að auðleystari verkefnum eins og sálgreiningu.

Nú er sænskur rithöfundur, Patrik Svensson, að leggja lokahönd á svokallað Álaguðspjall (frábær titill!) þar sem hann fléttar saman sögum af þessari merkilegu skepnu og hugljúfri fjölskyldusögu. Bókin á að koma út í Svíþjóð næsta haust. Mér finnst þetta spennandi, enda áhugakona um ála.

Og ég er sannarlega ekki ein. Handritið er komið á fyrir-messuflug. Í næstu viku verður haldin bókamessa í London, meiriháttar vörusýning, þar sem réttindi til að þýða og gefa út bækur ganga kaupum og sölum. Fyrir viku bárust fréttir af því að stór breskur útgefandi hefði keypt réttinn að þessari óútkomnu bók um ála og feðga, tveir aðrir fylgdu í kjölfarið með svo góðum tilboðum að þeim varð ekki hafnað og síðast þegar ég tók stöðuna stóðu yfir uppboð í tíu löndum.

Áll hrygnir í Þanghafinu við austurströnd Mið-Ameríku og lirfurnar berast með Golfstraumnum að ströndum Evrópu og Ameríku, þetta er ekkert smá ferðalag. Skepnan tekur ótrúlegustu stakkaskiptum á lífsleiðinni, syndir upp ár og ef fossar eru í veginum skríður hún á blautum steinum og grasi. Allur áll deyr eftir hrygningu.

Skil ekkert í því að Álaguðspjallið hafi ekki verið skrifað fyrir löngu.








